

Úttekt á rekstri Grundarfjarðarbæjar og tillögur

Grundarfjarðarbær

Samantekt

Inngangur

- Með samningi, dags. 24. apríl 2012, tók skýrsluhöfundur að sér að gera úttekt á rekstri og fjármálum Grundarfjarðarbæjar.
- Við vinnslu verkefnisins var stuðst við gögn frá sveitarfélaginu og til samanburðar gögn frá öðrum sveitarfélögum, sambærilegum að stærð hvað íbúafjölda varðar.
- Rekstrarútgjöld sveitarfélagsins voru borin saman við rekstrarútgjöld hjá 10 sveitarfélögum, sambærilegum að stærð hvað íbúafjölda varðar.

Íbúafjöldi

- Á tímabilinu 2002 til 2012 fækkaði íbúum um 66, eða um 6,8%.
- Á sama tímabili fækkaði íbúum á Vesturlandi að Akranesi undanskildu um 2%.
- Frá árinu 2009 hefur íbúum fækkað um 26.

Skuldir sveitarfélagsins

- Samkvæmt nýjum sveitarstjórnarlögum, sem tóku gildi 1. janúar 2012, mega sveitarfélög ekki skulda meira en sem nemur 150% af reglulegum tekjum sveitarfélagsins.
- Eins og fram kemur á mynd 1 var þetta hlutfall fyrir Grundarfjarðarbæ 212% í árslok 2011.
- Eins og fram kemur á mynd 1 voru 11 sveitarfélög þar sem hlutfall skulda af tekjum var hærra en hjá Grundarfjarðarbæ á árinu 2011.
- Sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga, sem uppfylla ekki viðmið 2. mgr. 64. gr. við gildistöku laganna, eiga að samþykkja raunhæfa áætlun um hvernig þau hyggjast ná viðmiðununum.
- Af framanrituðu má ljóst vera að bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar þarf að leggja fram slíka áætlun.
- Eins og tafla 2 sýnir hafa skuldir A-hluta aukist úr 248 millj. kr. árið 2002 í 1.194 millj. kr. árið 2011, eða tæplega fimmfaldast á verðlagi hvors árs.
- Á sama tíma jukust tekjur A-hlutans úr 342 millj. kr. í 605 millj. kr., þ.e um 177%, eða tæplega tvöfölduðust.
- Eins og fram kemur á töflu 2 jukust skuldir A-hlutans á hrun árinu, 2008, úr 795 millj. kr. árið 2007 í 1.229 millj. kr. árið 2008, eða um 434 millj. kr., sem er um 55%.
- Til samanburðar voru tekjur A-hlutans á árinu 2008 554 millj. kr. Þannig jukust skuldir sveitarfélagsins, A-hluta, á árinu 2008 um 78% af tekjum.
- Ef skuldir og skuldbindingar, þ.m.t. skammtímaskuldir, eru skoðaðar er aðalsjóður með 75% af skuldunum, íbúðir aldraðra og leiguíbúðir með 21% og síðan hafnarsjóður með 4%.
- Tafla 6 sýnir hvernig langtímaskuldir Grundarfjarðarbæjar skiptast á milli

lánardrottna. 58% af skuldum sveitarfélagsins eru hjá Lánasjóði sveitarfélaga, 22% hjá Arionbanka og 20% hjá Íbúðalánasjóði.

- Eins og tafla 7 sýnir var höfuðstóll lána hjá Arionbanka samtals 243 millj. kr. miðað við lántökudag. Greiddar hafa verið 123 millj. kr. í afborganir og vexti, eða sem nemur 51% höfuðstóli lánanna á lántökudegi.
- Samkvæmt ársreikningi 2011 var staða lánanna 286 millj. kr. í lok s.l. árs. Samtals nema eftirstöðvar lánanna og það sem greitt hefur verið vegna þeirra 409 millj. kr., eða 168% af upphaflegu lántökunni.

Handbært fé frá rekstri

- Eins og tafla 8 sýnir var veltufé frá rekstri tvisvar á tímabilinu neikvætt, þ.e. árin 2006 og 2010, og handbært fé frá rekstri tvisvar sinnum, þ. e. árin 2003 og 2011.
- Eins og tafla 11 sýnir nægði handbært fé frá rekstri aldrei fyrir afborgunum öll þessi ár fyrir A- og B-hluta samtals.
- Eins og taflan sýnir hafa lántökur á þessu tímabili verið frá 62 millj. kr. árið 2002 upp í 409 millj. kr. árið 2006.

Fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun

- Lögð skal áhersla á að samþykkt fjárhagsáætlun segir til um þá fjárheimild sem viðkomandi stofnun eða forstöðumaður hefur til ráðstöfunar.
- Í nýjum sveitarstjórnarlögum er heimild til endurskoðunar á fjárhagsáætlun felld úr lögnum. Sveitarstjórnunum verði einungis heimilt að gera breytingu á gildandi fjárhagsáætlun með sérstökum viðauka.
- Ljóst má vera að skv. 63. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga er það brot á lögnum fari útgjöld fram úr fjárhagsáætlun.
- Þannig er ekki heimilt að leiðrétta fjárhagsáætlun með einhvers konar viðauka eftir á. Ef heimila á hærri útgjöld þarf það að gerast áður en stofnað er til þeirra.
- Þetta er mikil breyting frá því sem var og kallar á mikla aðhaldssemi og aga í fjármálum sveitarfélaga.
- Þetta kallar á vandaða fjárhagsáætlunargerð og ekki síður vandaða greiðsluáætlun og eftirfylgni.
- Einnig er ákvæði í nýjum sveitarstjórnarlögum, sem kveður á um að ekki er heimilt að reka sveitarsjóð með halla samtals þrjú ár í röð.
- Samtals hefur hallinn á A-hluta verið 454 millj. kr. á verðlagi hvers árs á þessu tímabilinu 2002 til 2011.
- Hjá B-hluta var hallinn samtals á þessu tímabili 17 millj. kr. á verðlagi hvers árs.
- Samtals á þessu tímabili var hallinn hjá A- og B-hluta á verðlagi hvers árs 471 millj. kr.
- Til samanburðar voru tekjur A-hlutans á árinu 2011 605 millj. kr. og heildar tekjur A- og B-hluta 724 millj. kr.

Tekjur

- Eins og tafla 15 sýnir voru tvö til fjögur sveitarfélög með lægri skatttekjur á hvern íbúa á tímabilinu 2002 til 2005.

- Eftir árið 2005 er Grundarfjarðarbær af þessum samanburðar sveitarfélögum með lægstu skatttekjur á hvern íbúa árið 2009, eitt sveitarfélag með lægri skatttekjur árið 2006 og tvö sveitarfélög með lægri skatttekjur á hvern íbúa hin árin.
- Samkvæmt þessum samanburði eru skatttekjur á hvern íbúa í Grundarfjarðarbæ í lægri kantinum.
- Eins og fram kemur í töflu 16 er eitt stærra sveitarfélag og tvö minni með hærri útsvarstekjur á hvern íbúa en Grundarfjarðarbær.
- Hins vegar eru þrjú stærri og þrjú minni sveitarfélög, eða sex sveitarfélög, með hærri fasteignaskatt á hvern íbúa.
- Það veður athygli í þessum samanburði að einungis þrjú sveitarfélög, eitt fámennari og tvö fjölmennari, eru með lægri framlög úr Jöfnunarsjóði á hvern íbúa en Grundarfjarðarbær.
- Fimm af þessum sveitarfélögum fengu 100 þús. kr. eða meira á hvern íbúa úr Jöfnunarsjóði umfram það sem Grundarfjarðarbær fékk.
- Óneitanlega veður þetta upp spurningar um framlögin úr Jöfnunarsjóði.
- Tvö sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögum eru með hærri gjöld vegna sorphirðu og sorpeyðingar en Grundarfjarðarbær en samtals eru gjöldin hjá sveitarfélaginu 35.800 kr.
- Hæst eru gjöldin samtals í þessum samanburði hjá Stykkishólmsbæ, þar sem þau eru 39.800 kr.
- Á árinu 2011 voru þessi gjöld samtals hæst á landinu öllu hjá Ísafjarðarbæ þar sem þau voru 43.659 kr.

Launaútgjöld

- Eins og tafla 21 sýnir er hlutfall launa af tekjum hátt hjá Grundarfjarðarbæ í þessum samanburði.
- Það er öll árin nema tvö yfir meðaltalinu fyrir allt landið, þ.e. árin 2002 og 2005.
- Öll árin er hlutfallið hærra hjá Grundarfjarðarbæ en meðaltalið fyrir þessi 11 sveitarfélög nema árið 2011.
- Eins og tafla 22 sýnir voru sex sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögum með hærri launakostnað á hvern íbúa árið 2010 en Grundarfjarðarbær.
- Hæstur var launakostnaðurinn hjá Seyðisfjarðarkaupstað, eða 448 þús. kr. á hvern íbúa, sem er 113 þús. kr. hærra en hjá Grundarfjarðarbæ.
- Sjö af samanburðar sveitarfélögum eru með hærri launakostnað á hvern íbúa en Grundarfjarðarbær þegar A- og B-hluti eru teknir saman.
- Af þessu má ætla að skýringa á háu hlutfalli launa af tekjum Grundarfjarðarbæjar í þessum samanburði sé ekki að leita í háum launútgjöldum heldur í lágum tekjum hjá sveitarfélaginu.
- Hins vegar veður athygli að einungis þrjú af samanburðar sveitarfélögum eru með lægri framlög úr Jöfnunarsjóði á hvern íbúa en Grundarfjarðarbær.
- Þetta skýrir að hluta af hverju launaútgjöld eru svo hátt hlutfall af tekjum hjá Grundarfjarðarbæ miðað við samanburðar sveitarfélögin.

- Nokkuð er um yfirtíð hjá sumum stofnunum sveitarfélagsins.
- Samtals voru launaútgjöld vegna yfirvinnu á árinu 2011 28 millj. kr., eða 13,5% af föstum launum.
- Að auki voru álagsgreiðslur samtals 4,6 millj. kr., yfirtíð og álagsgreiðslur samtals 32,5 millj. kr., eða 15,6% af föstum launum.
- Sumir starfsmenn eru með fasta yfirtíð en hafa síðan einnig fengið greitt fyrir unna yfirtíð aukalega.
- Nokkuð er um að sum sveitarfélög hafa sett nánast yfirvinnubann.
- Hjá þessum sömu sveitarfélögum hafa fastlaunasamningar og samningar um fasta yfirtíð verið teknir til endurskoðunar.
- Rétt er að fram komi að algengt virðist vera hjá sveitarfélögum að launakeyrlur séu ekki yfirfarnar af öðrum en launafulltrúa áður en laun eru greidd.

Stöðugildi

- Miðað við 1. apríl 2011 voru samtals 53,8 stöðugildi hjá Grundarfjarðarbæ.
- Þegar fjöldi íbúa á hvert stöðugildi er skoðaður í þessum samanburði er einungis eitt sveitarfélag með fleiri íbúa á hvert stöðugildi en Grundarfjarðarbær.
- Að meðaltali fyrir þessi sveitarfélög eru 14,7 íbúar á hvert stöðugildi. Til samanburðar eru 16,7 íbúar á hvert stöðugildi hjá Grundarfjarðarbæ, eða tveimur fleiri.
- Af þessum samanburði má ljóst vera að Grundarfjarðarbær kemur vel út ef markmiðið er að hafa fleiri en færri íbúa á hvert stöðugildi.
- Enn og aftur setur þetta spurningamerki við skýringuna á því af hverju launaútgjöld eru svo hátt hlutfall af tekjum hjá Grundarfjarðarbæ miðað við samanburðar sveitarfélögin.

Annar rekstrarkostnaður

- Eins og tafla 25 sýnir kemur Grundarfjarðarbær vel út í þessum samanburði miðað við að hlutfallið sé lágt.
- Árið 2011 var eitt sveitarfélag af samanburðar sveitarfélögum með lægra hlutfall en Grundarfjarðarbær.

Jöfnunarsjóður

- Þannig má ætla að skýringa á því að launaútgjöld, sem hlutfall af tekjum, er svona hátt í þessum samanburði sé frekar að leita í tekjum sveitarfélagsins en í launaútgjöldum, þó þar megi gera betur.
- Hins vegar eru fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði á hvern íbúa lág í þessum samanburði hjá Grundarfjarðarbæ.
- Varðandi framlög úr Jöfnunarsjóði voru einungis þrjú af samanburðar sveitarfélögum árið 2010 með lægra framlag á hvern íbúa en Grundarfjarðarbær.

- Af þessu má ætla að skýringin á háu hlutfalli launaútgjalda af tekjum Grundarfjarðarbæjar miðað við samanburðar sveitarfélögin sé að hluta til lág framlög úr Jöfnunarsjóði.
- Á milli áráanna 2008 og 2010 lækka framlögin úr 148 millj. kr. í 113 millj. kr. á verðlagi hvors árs, eða um 35 millj. kr.
- Þannig hefur álagningarprósenta fasteignaskatts í viðkomandi sveitarfélagi áhrif á framlagið vegna álagningarstofns mannvirkja.
- Eftir því sem prósentan er hærri þeim um hærra hlutfall fær viðkomandi sveitarfélag af heildar framlaginu sem ætlað er í þennan þátt hjá Jöfnunarsjóði.
- Eins og fram kemur í töflu 26 hefur tekjujöfnunarframlagið til Grundarfjarðarbæjar farið lækkanði frá árinu 2006, en þá var það 30,1 millj. kr.
- Árið 2011 var það 0 kr. Samkvæmt því hefur sveitarfélagið verið með tekjur yfir viðmiðunarmörkunum skv. reglugerðarákvæðinu.
- Með hliðsjón af stöðu Grundarfjarðarbæjar er þeirri spurningu varpað hér fram hvort mögulegt sé að of mikil áhersla sé lögð t.d. á jöfnun útsvarstekna við útreikninga á Jöfnunarsjóðsframlögum frekar en skatttekna samtals, þ.m.t. framlög úr Jöfnunarsjóði.
- Eðlilegt verður að teljast, ef ójöfnuður verður í skatttekjum samtals í samanburði við önnur sveitarfélög, komi til leiðréttingar.
- Grundarfjarðarbær er með háar útsvarstekjur á hvern íbúa en þegar skatttekjur samtals eru skoðaðir eru skatttekjur sveitarfélagsins lágar.
- Frá árinu 2006 hafa almennu jöfnunarframlögin til Grundarfjarðarbæjar lækkað á milli ára.
- Árið 2006 var framlagið 49.033 þús. kr. en var komið niður í 25.407 þús. kr. árið 2011, hafði lækkað um 23.626 þús. kr., eða um 48%.
- Þannig má ljóst vera að af öllum mikilvægum framlögum Jöfnunarsjóðs er Grundarfjarðarbær með þeim sveitarfélögum sem lægst fá af viðkomandi framlögum af samanburðar sveitarfélögunum, nema aukaframlagið.
- Það var hæst hjá Grundarfjarðarbæ. Ef það hefði ekki komið til hefði Grundarfjarðarbær verið með næst lægsta framlagið af þessum sveitarfélögum.

Félagsþjónusta

- Snæfellsbær, Stykkishólmsbær, Grundarfjarðarbær og Helgafellssveit reka sameiginlega byggðasamlag, Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, sem annast rekstur félags- og skólaþjónustu í sveitarfélögunum.
- Hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga starfa fimm fagmenn auk forstöðumanns, eða samtals sex starfsmenn í 5,6 stöðugildum.
- Byggðasamlagið fer með alla félagsþjónustu í Grundarfjarðarbæ að frátalinni þjónustu vegna málefna fatlaðra sem Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi annast.

- Jafnframt eru allir aðrir starfsmenn en að framan greinir, sem vinna við félagþjónustu í viðkomandi sveitarfélagi, á launaskrá hjá því sveitarfélagi en stjórnunarlega heyra þeir undir Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.
- Í viðræðum við bæjarstjóra kom fram að hvert sveitarfélag fyrir sig geri fjárhagsáætlun vegna félagþjónustunnar í viðkomandi sveitarfélagi.
- Síðan er framkvæmdin í höndum Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, sem ráðstafar fjármagninu sem ætlað er í málaflokkinn. Fram kom að það væri oft gert óhád því hver heimildin væri skv. fjárhagsáætlun.
- Það er mat skýrsluhöfundar að það færi betur á því að Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga gerði tillögu til bæjarstjórnar um hvern útgjaldalið sem undir hana heyrir. Síðan tæki bæjarstjórn afstöðu til þess hvort farið yrði að þeirri tillögu.
- Ef bæjarstjórn fellst ekki á hana er ljóst að Félags- og skólaþjónustan þarf þá að veita þjónustu í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma.
- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) annast alfarið málefni fatlaðra í sveitarfélaginu eins og fyrir önnur sveitarfélög sem aðild eiga að samtökunum.
- Aðkoma bæjarfélagsins vegna málaflokksins fer nánast eingöngu fram með því að greiða framlag, sem er 50% af 0,25 prósentustigum af útsvarsálagningunni, sem ætlað er í málefni fatlaðra.
- Með þessu fyrirkomulagi hefur SSV mest allt fjármagnið til ráðstöfunar fyrir málaflokkinn og bæjarstjórn lítið um það að segja hvernig framkvæmdin fer fram og um ráðstöfun framlagsins.
- Leggja ber áherslu á að SSV geri tillögu að fjárhagsáætlun og sendi til aðildar sveitarfélaganna og hvert þeirra sendi umsögn um hana. Einnig verði árlega skilað skýrslu til aðildar sveitarfélaganna um rekstur næst liðins árs.

Leikskólinn Sólvellir

- Eins og tafla 31 sýnir voru börnin 64 árið 2002, en eru nú 50 miðað við september 2012.
- Ræsting er unnin af leikskólaliðum.
- Leikskólinn hefur nýlega fengið gott tilboð um kaup á ræstivörum frá Rekstrarvörum og hefur því ekki boðið kaup á þeim út samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra.
- Þegar launaútgjöldin eru skoðuð eru tveir skólar með lægri launaútgjöld en Sólvellir í þessum samanburði.
- Þegar nettó útgjöld án innri leigu eru skoðuð er einn skóli með lægri útgjöld en Sólvellir í þessum samanburði, er það Gladhheimar í Bolungarvíkurkaupstað.
- Allir hinir leikskólarnir, þ.m.t. þeir einkareknu, eru með kostnaðarsamari rekstur.
- Leggja ber áherslu á að kaup á hreinlætisvörum fyrir sveitarfélagið séu boðin út.
- Nokkuð hefur verið um það að undanfögnu að sveitarfélög hafa samið um ýmis

verkefni við einkaaðila án undangengis útboðs. Má í því sambandi nefna sem dæmi rekstur leikskóla og sorphirðu.

- Eins og tafla 34 sýnir hefur börnum á tímabilinu fækkað um 14 en á sama tíma hefur stöðugildum fjölgað um 2,8.
- Árið 2002 voru 5,8 börn á hvert stöðugildi við leikskólann en eru nú 3,6 (september 2012), eða fækkun um 2,2 börn á hvert stöðugildi
- Athyglisverð er þróunin í starfsmannafjölda frá árinu 2010, þegar skólinn kom vel út í samanburði við samanburðarleikskólana varðandi fjölda barna á hvert stöðugildi. Þá voru stöðugildin 11,9 og börnin 56, eða 4,7 börn á hvert stöðugildi.
- Nú í haust, september 2012, eru börnin 50, eða fækkun um sex frá 2010, og stöðugildin 13,8, eða fjölgun um 1,9 stöðugildi. Barnafjöldinn á hvert stöðugildi er kominn niður í 3,6.
- Eins og mynd 3 sýnir er hæsta gjaldtakan hjá Grundarfjarðarbæ eða 35.273 kr. Hafa ber í huga að nokkuð er mismunandi hvernig afsláttakjör eru.

Grunnskóli Grundarfjarðar

- Eins og tafla 36 sýnir hefur nemendum fækkað um 105 á þessu tímabili, eða farið úr 206 nemendum árið 2002 í 101 árið 2012.
- Er hér um að ræða fækkun sem nemur 51%, sem er mikil á ekki lengra tímabili.
- Tafla 38 sýnir að rekstrarútgjöld nettó á hvern nemanda hjá þremur af samanburðarskólunum voru hærri en hjá Grunnskóla Grundarfjarðar.
- Lægstur var kostnaðurinn hjá Fellaskóla, þar sem hann var 1.029 þús. kr. á hvern nemanda. Til samanburðar var hann hjá Grunnskóla Grundarfjarðar 1.229 þús. kr., eða 200 þús. kr. hærri.
- Miðað við 105 nemendur er það samtals um 21 millj. kr.
- Fimm skólar af þessum samanburðarskólum voru með hærri launakostnað á hvern nemanda en Grunnskóli Grundarfjarðar.
- Lægstur var launakostnaðurinn eins og áður hjá Fellaskóla þar sem hann var 959 þús. kr. á hvern nemanda.
- Til samanburðar var hann 1.052 þús. kr. hjá Grunnskóla Grundarfjarðar, eða 93 þús. kr. hærri.
- Á milli árana 2008 og 2011 hækkar niðurgreiðsla sveitarfélagsins vegna matarkaupa fyrir grunnskólann um 309 þús. kr. eða 38,9%. Á sama tíma hækkaði neysliverðsvisitalan um 22,7%.
- Árið 2008 nam niðurgreiðslan 14,4% af kostnaðarverði keyptrar matvæla. Árið 2011 var niðurgreiðslan komin í 22%. Þannig hefur niðurgreiðslan hækkað nokkuð hlutfallslega.
- Ef hlutfallið hefði verið það sama árið 2011 og það var 2008 hefði niðurgreiðslan verið 719 þús. kr. í stað 1.104 þús. kr., eða 385 þús. kr. lægri.
- Einn skóli, Fellaskóli, er með færri stöðugildi samtals en Grunnskóli Grundarfjarðar, sbr. töflu 40.
- Eins og tafla 41 sýnir er Grunnskóli Grundarfjarðar með flesta nemendur á hvert

stöðugildi af þessum skólum.

- Þrír skólar af þessum samanburðarskólum voru með fleiri nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna en Grunnskóli Grundarfjarðar.
- Samtals fækkar stöðugildum við skólann úr 30 árið 2002 í 16,7 árið 2012, eða um 13,3 stöðugildi sem er fækkun um 44%.
- Eins og tafla 43 sýnir hefur nemendum á hvert stöðugildi kennara og annarra starfsmanna farið fækkandi frá árinu 2002 með nokkrum undantekningum.
- Þannig voru 9,6 nemendur á hvert stöðugildi kennara í skólanum 2002 en í haust er gert ráð fyrir að nemendurnir verði 7,6 á hvert stöðugildi kennara. Þannig hefur nemendum á hvert stöðugildi kennara á þessu tímabili fækkað um tvo.
- Ef nemendafjöldinn á hvert stöðugildi kennara í ár væri sá sami og var árið 2002, eða 9,6 nemendur á hvert stöðugildi í stað 7,6, væru kennarar við skólann í 10,5 stöðugildum en ekki 13,3 eins og þeir eru núna, eða væru 2,8 stöðugildum færri.
- Forráðamenn nemenda í Grunnskóla Grundarfjarðar borga 410 kr. fyrir hverja skólamáltíð, þannig greiðir sveitarfélagið hverja skólamáltíð niður um 146 kr.
- Eins og tafla 47 sýnir voru fjögur sveitarfélög af þeim, sem hér eru borin saman, þar sem skólamáltíð var dýrari en hjá Grunnskóla Grundarfjarðar. Hins vegar voru fimm sveitarfélög þar sem skólamáltíðin var ódýrari.
- Eins og fram kemur á töflu 48 er gert ráð fyrir 10 bekkjardeildum skólaárið 2012/2013.
- Þannig er eingöngu gert ráð fyrir að vera með samkenntu í 8. og 9. bekk skólaárið 2012/2013.
- Eins og fram kemur á töflu 48 er gert ráð fyrir að að meðaltali verði 10,1 nemandi í hverri bekkjardeild skólaárið 2012/2013.
- Engar sérstakar lagareglur gilda um fjölda nemenda í bekkjardeildum.
- Samkvæmt þessu yrðu sjö bekkjardeildir í skólanum skólaárið 2012/2013 í stað 10 eins og nú er gert ráð fyrir, eða fækkun sem nemur þremur bekkjardeildum. Hér er um hugmynd skýrsluhöfundar að ræða.

Tónlistarskóli Grundarfjarðar

- Við skólann eru fimm fastráðnir kennarar. Þrír í 100% starfi, einn í 70%, einn í 50% starfi og einn í 87% starfi, eða samtals 5,07 stöðugildi.
- Hver nemandi fær eina klukkustund í viku í einkatíma og eina klukkustund í hóptíma í tónfræði o.fl.
- Eins og tafla 51 sýnir voru yfirvinnu- og álagsgreiðslur um 21,7% af mánaðarlaunum kennara. Þetta hlutfall verður að teljast nokkuð hátt og ber að skoða.
- Eins og fram kemur á töflu 53 innheimta sjö tónlistarskólar af átta hærra gjald fyrir hljóðfæranám en Tónlistarskóli Grundarfjarðar.

Menningarmál – Bókasafn

- Við bókasafnið er einn starfsmaður í 55% starfi. Auk þess er hann í 15% starfi við skjalasafn á bæjarskrifstofu. Starfsmaðurinn er því í samtals 70% starfi.
- Vinnutíminn hjá starfsmanninum er frá kl. 9:00 til 12:00 og frá kl. 14:00 til 18:00 mánudaga til fimmtudaga. Engin yfirtíð er unnin á safninu.
- Vegna opunar á milli kl. 17:00 og 18:00, sem á að greiðast fyrir með álagi, hefur starfsmaðurinn unnið 1½ klukkustund skemur í viku hverri en vinnuskylda segir til um, á móti því að fá ekki greitt álag.
- Opnunartími bókasafnsins er sem hér segir: Mánudaga til fimmtudaga er opið frá kl. 15:00 til kl. 18:00. Þriðjudaga og miðvikudaga er að auki opið á skólatíma FSN frá kl. 14:00 til kl. 15:00.
- Skólabókasafnið er í bókasafninu en vegna þess kemur starfsmaður úr skólanum með nemendum.

Menningarmál – Eyrbyggja Sögumiðstöð

- Í gildi er samstarfssamningur á milli Grundarfjarðarbæjar og Eyrbyggju – Sögumiðstöðvar.
- Samningurinn endurnýjast sjálfkrafa í eitt ár í senn hafi honum ekki verið sagt upp fyrir 1. nóvember 2012 og síðan 1. nóvember ár hvert.
- Samkvæmt samningnum greiðir Grundarfjarðarbær framlag til Eyrbyggju – Sögumiðstöðvar fjórar millj. kr. á ári, sem breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Menningarmál – Samkomuhús Veitingarekstur

- Í gildi er ráðningasamningur við tvo aðila um umsjón með Samkomuhúsi Grundarfjarðar. Samkvæmt samningnum er greitt fyrri 25% starf.
- Veitingareksturinn skv. bókhaldi stóð að mestu undir sér á árinu 2011.

Menningarmál – Á góðri stundu og rökkurdagar

- Rökkurhátíð er hausthátíð. Sveitarfélagið var áður með starfsmann sem sá um hátíðina en óvíst er hvernig staðið verður að henni í ár.

Æskulýðs- og íþróttamál

- Yfir vetramánuðina er einn starfsmaður við íþróttahúsið, forstöðumaður íþróttamannvirkja.
- Á skólatíma hafa skólaliðar séð um gæslu búningsklefa á móti starfsmanni íþróttahússins.

- Bæjarstjóri sér það fyrir sér að annar starfsmaður þurfi að koma til að ganga frá á kvöldin eftir að starfsemi ungmennafélagsins lýkur.
- Athygli vekur mikill orkukostnaður vegna íþróttahúss og sundlaugar.
- Samtals var orkukostnaður vegna íþróttahúss og grunnskólans á árinu 2011 17.043 þús. kr.
- Ungmennafélagið sér um íþróttavöllinn skv. samningi.

Slökkvilið Grundarfjarðar

- Slökkviliðsstjóri er í 10% starfi sem slökkviliðsstjóri, síðan er hann í 90% starfi sem verkstjóri í áhaldahúsi.
- Einn stjórnandi er á bakvakt allar helgar, þrjár deila því með sér. Bakvaktirnar eru frá kl. 17:00 á föstudegi til kl. 8:00 á mánudagsmorgni.
- Er þetta fyrirkomulag allt árið með þremur undantekningum, um áramót, verslunarmannahelgi og þegar bæjarhátíðin stendur yfir eru fimm menn á bakvakt.

Áhaldahús

- Í áhaldahúsi er einn starfsmaður, verkstjóri í 90% starfi á móti 10% starfi hjá Slökkviliði Grundarfjarðar.
- Vinnutími verkstjóra á virkum dögum er frá kl. 8:00 til kl. 19:00. Hann er með fasta yfirtíð 55 klst. á mánuði.
- Ef verkstjóri vinnur utan þessa tímabilsins, þ.e. frá kl. 8:00 til kl. 19:00, er greitt sérstaklega fyrir það til viðbótar við fasta yfirtíð.
- Bæjarverkstjóri skipuleggur vinnuskólann í samstarfi við flokksstjórnann.
- Vinnutími starfsmanna, sem ráðnir eru í áhaldahúsið yfir sumarið, er 8 tímar á dag, yfirvinna er nánast engin.
- Golfklúbburinn hefur séð um sláttinn á fótboltavellinum og tvö önnur stór svæði. Fyrir það fékk Golfklúbburinn greitt 1.511.289 kr. árið 2011.
- Bæjarverkstjóri hefur til umræða einn bíl og litla gröfu. Jafnframt hefur áhaldahúsið öll áhöld til að sinna grasslætti og hin ýmsu verkfæri til að reka viðhaldsþjónustu fyrir þau.
- Bæjarverkstjóri á mikið samstarf við starfsmann hafnarinnar.

Umsjónarmaður fasteigna

- Umsjónarmaður fasteigna hefur starfsheitið ráðsmaður. Hann er í 50% starfi sem umsjónarmaður fasteigna og 50% sem húsvörður við grunnskólann.

- Daglegur vinnutími er frá kl. 8:00 til 19:00. Starfsmaðurinn er með fasta yfirtíð 65 klst.
- Ef um útkall er að ræða utan reglubundins vinnutíma er greitt sérstaklega fyrir það.
- Ráðsmaðurinn hefur tekið sumarfríð margskipt yfir árið.
- Brunakerfi eru í grunnskólanum, leikskólanum, bókasafninu og í fleiri fasteignum. Eingöngu er um að ræða brunakerfi.
- Öryggismiðstöðin fær fyrst boðun, síðan er hringt í umsjónarmanninn.
- Greiðslur vegna þessa fyrir árið 2011 voru 169.766 kr.
- Ráðsmaðurinn hefur bíl til umráða.
- Sveitarfélagið er með þrjá bíla. Höfnin hefur einn, ráðsmaður einn og áhaldahúsið einn. Umsjónarmaðurinn fær engan bifreiðastyrk greiddan.

Skipulags- og byggingarmál

- Í gildi er samningur við Snæfellsbæ um verkefni skipulags- og byggingarfulltrúa Grundarfjarðarbæjar.
- Samkvæmt samningnum er bæjartæknifræðingur Snæfellsbæjar jafnframt skipulags- og byggingarfulltrúi fyrir Grundarfjarðarbæ.

Bæjarskrifstofa

- Á bæjarskrifstofu Grundarfjarðarbæjar eru fimm starfsmenn í 4,05 stöðugildum með bæjarstjóra.
- Auk þess er starf skipulags- og byggingarfulltrúa keypt af Snæfellsbæ og er metið að samsvari 20% starfi.
- Uppáskrift reikninga er rafræn. Hver forstöðumaður skrifar upp á viðkomandi reikning og einnig skrifstofustjóri áður en hann er færður í bókhald.
- Þegar fjöldi íbúa á hvert stöðugildi á skrifstofum samanburðar sveitarfélaganna er skoðaður kemur í ljós að einungis eitt af þeim er með fleiri íbúa á hvert stöðugildi, en það er Eyjarfjarðarsveit.
- Í þessum samanburði kemur Grundarfjarðarbær vel út miðað við það markmið að hafa sem flesta íbúa á bak við hvert stöðugildi á skrifstofu.

Sorphirða og sorpeyðing

- Álögð sorphirðu- og sorpeyðingargjöld hafa ekki staðið undir kostnaði við sorphirðu og sorpeyðingu í sveitarfélaginu.

- Þannig var halli vegna sorphirðu og sorpeyðingar á árinu 2011 að fjárhæð 6.152 þús. kr., sem er bókfært sem framlag frá Grundarfjarðarbæ.
- Samningurinn var undirritaður í nóvember 2011 og gildir í þrjú ár, frá júní 2011 til júní 2014. Ekki fór fram útboð áður en til samninga var gengið við Íslenska gámafélagið.
- Dagleg umsjón með gámastöð er á hendi Íslenska gámafélagsins. Um það var gerður samningur árið 2006. Samningurinn rennur út í lok þessa árs.
- Samkvæmt upplýsingum frá bærstjóra hafa fyrirtæki greitt fyrir sorplosun á gámastöðu eftir magni. Innheimt hefur verið óreglulega fyrir það.

Hafnarsjóður Grundarfjarðarbæjar

- Hafnarstjóri fer með framkvæmdastjórn hafnarinnar með hafnarstjórn.
- Þegar bærstjóri er ekki hafnarstjóri er ljóst að strangt tiltekið hefur hann ekkert með málefni hafnarinnar að gera.
- Grundarfjarðarbær hefur í rauninni tvo talsmenn útá við, annars vegar bærstjóra varðandi annað en höfnina og svo hafnarstjóra um allt er varðar höfnina.
- Tvo ábyrgðaraðila varðandi rekstur og fjármál, annars vegar bærstjóra og hins vegar hafnarstjóra o.s.frv.
- Það er mat skýrsluhöfundar að margt mæli gegn því að svo lítið sveitarfélag sem Grundarfjarðarbær hafi tvo talsmenn, tvo ábyrgðamenn fyrir rekstri og fjármálum o.þ.h.
- Það færi betur á því að bærstjóri væri jafnframt hafnarstjóri.
- Afkoma Hafnarsjóðs Grundarfjarðarbæjar er góð.
- Á árinu 2011 var rekstrarafkoma hafnarinnar jákvæð um 22,4 millj. kr. Árið 2010 um 19,7 millj. kr.
- Skuldir hafnarinnar í árslok 2011 voru 62,7 millj. kr. Til samanburðar voru rekstrartekjur hafnarinnar 73,7 millj. kr. á árinu 2011.

Fráveita Grundarfjarðarbæjar

- Rekstrarafkoma Fráveitu Grundarfjarðarbæjar er jákvæð.
- Fráveitan skuldar ekki öðrum en aðalsjóði. Skuldin við aðalsjóð nam 37.735 þús. kr. í árslok 2011.
- Miðað við rekstrarafkomu fráveitunnar ætti hún að geta greitt upp skuldina við aðalsjóð á næstu fjórum til fimm árum að því gefnu að ekki verði farið í meiri háttar framkvæmdir og/eða viðahald.

Leiguíbúðir Grundarfjarðarbæjar

- Grundarfjarðarbær á og rekur 18 leiguíbúðir. Íbúðirnar eru reknar í tveimur félögum, Leiguíbúðir Grundarfjarðarbæjar, sem á þrjár íbúðir, og Íbúðir aldraðra, sem á 15 íbúðir.
- Handbært fé frá rekstri var jákvætt um 1.036 þús. kr. Afborganir námu 693 þús. kr. Þannig gat félagið staðið skil á öllum afborgunum.
- Vaxtakjör þessara lána voru mjög hagstæð, eða 1% og 3,5%.
- Ljóst er að núvirt er virði þessara lána lægra en eftirstöðvar höfuðstóls þeirra segir til um vegna hagstæðra vaxtakjara.
- Því er mikilvægt, ef þessar íbúðir verða seldar, að þá fari uppgreiðsla á lánunum við Íbúðalánasjóð fram miðað við núvirði þeirra.

Íbúðir aldraðra

- Handbært fé frá rekstri var jákvætt um 3.108 þús. kr. árið 2011. Afborganir langtímalána voru samtals árið 2011 3.383 þús. kr.
- Þannig stóð handbært fé frá rekstri að mestu undir afborgunum.
- Lán vegna átta íbúða, samtals að fjárhæð 102.981 þús. kr., bera 1% vexti og lán vegna sjö íbúða, samtals að upphæð 130.245 þús. kr., bera 3,5% vexti.

Geta til greiðslu lána

- Á undanförunum árum hefur nokkuð mikið vantað upp á tekjuafgang hjá A-hluta Grundarfjarðarbæjar til þess að sveitarfélagið hafi getað staðið undir afborgunum lána.
- Eins og tafla 60 sýnir skilaði reksturinn í handbæru fé litlu upp í afborganir árin 2009 og 2010. Hann skilaði engu árið 2011.
- Áætlun ársins 2012 gerir ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði 50,8 millj. kr., sem er mikil breyting frá árunum á undan.
- Samkvæmt upplýsingum frá Grundarfjarðarbæ er gert ráð fyrir að afborganir á ári hjá A-hluta verði um 95 millj. kr. eftir árið 2013.
- Af þessu má ljóst vera að afkoma A-hlutans þarf að batna verulega til að geta staðið í skilum með slíkar afborganir næstu ár.
- Ljóst má vera að til þess að sveitarfélagið geti staðið undir þeirri greiðslubyrði og nýframkvæmdum á næstu árum þarf að ná fram verulegum bata í rekstrarafkomu sveitarfélagsins.

- Haga þarf málum þannig að ekki þurfi að taka ný lán á næstum árum. Er það veruleg breyting frá því sem verið hefur.

Tillögur

- Lagt er til að kanna hvort hægt sé að endurfjármagna eldri lán með hagstæðari kjörum.
- Lagt er til að lögð verði áhersla á það við forstöðumenn að óheimilt er skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun.
- Lagt er til að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir hverjum útgjaldalið. Tekið sé sérstaklega fram hvernig eigi að ná fram tilsettum markmiðum.
- Lagt er til að gerð verði greiðsluáætlun fyrir hvern mánuð og hvern útgjaldalið. Launum í hverjum mánuði hjá hverri stofnun verði skipt niður á starfsmenn. Þetta verði gert strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir. Síðan verði rauntölur hvers mánaðar bornar saman við áætlun mánaðarins.
- Lagt er til að kanna það fyrirkomulag að ekki sé hægt að samþykkja reikninga vélrænt umfram fjárheimild skv. greiðsluáætlun. Ef það er mögulegt verði því hrint í framkvæmd.
- Lagt er til að bæjarstjóri og skrifstofustjóri eigi reglulega fundi með forstöðumönnum þar sem farið er yfir rauntölur í rekstri og þær bornar saman við áætlun. Virðist sem svo að kostnaður sé að fara fram úr áætlun verði tekin ákvörðun um hvernig brugðist verði við því.
- Lagt er til að athuga hvort fært sé að leggja að fullu 25% álag á fasteignaskatt í A-flokki, tímabundið. Þetta verði gert a.m.k. vegna árána 2013 og 2014.
- Lagt er til að taka til athugunar að hækka lóðarleigu vegna íbúðarlóða úr 0,7% í 1,5% á árinu 2013.
- Lagt er til að fastlaunasamningar verði endurskoðaðir.
- Lagt til að samningar um fasta yfirtíð verði endurskoðaðir og sett verði á yfirvinnubann. Yfirvinna verði eingöngu heimiluð í algjörum undantekningar tilfellum. Sé yfirvinna nauðsynleg þurfi samþykki annað hvort skrifstofustjóra eða bæjarstjóra.
- Lagt er til að kanna hvort ekki sé ódýrara að viðvera starfsmanna á hverri vakt verði 25 mínútum skemmri en umsaminn vinnutími segir til um. Þetta verði gert þannig að ekki þurfi að greiða sérstaklega í yfirvinnu fyrir umræddar 25 mínútur, skv. grein 2.6.9 í kjarasamningi, eða þá að vinnan verði skipulögð þannig að starfsmenn hafi reglulegan matar- og kaffitíma.
- Lagt er til að forstöðumenn fari yfir launakeyslur viðkomandi stofnunar áður en til útborgunar kemur. Jafnframt samþykki skrifstofustjóri launakeyslur endanlega áður en til útgreiðslu kemur.

- Lagt er til að bæjarstjórn setji sér ákveðið takmark um hlutfall launa af tekjum. Markmiðið verði tímasett.
- Lagt er til að tryggingar og símaþjónusta (internet tenging) hjá sveitarfélaginu verði boðið út. Þetta verði gert a.m.k. á þriggja ára fresti, svo og önnur þjónustukaup.
- Lagt er til að öll innkaup á rekstrarvörum verði boðin út og leitað eftir hagstæðum tilboðum. Þetta verði gert reglulega.
- Lagt er til að forstöðumönnum verði falið að skrá mánaðarlega alla rafmagnsnotkun og hitunarkostnað. Rafmagnið verði skráð í kwst. Síðan verði notkunin borin saman á milli mánaða og ára.
- Lagt er til að gefinn verði út listi yfir þá sem mega taka út vörur á vegum sveitarfélagsins gegn gjaldfresti. Listinn verði sendur til helstu þjónustuaðila í sveitarfélaginu.
- Lagt er til að bæjarstjórn veki athygli Jöfnunarsjóðs á því misvægi sem virðist vera á tekjum sveitarfélagsins þegar heildar skatttekjur þess eru bornar saman við sambærileg sveitarfélög að stærð hvað íbúafjölda varðar. Með það að markmiði að fá leiðréttingu á þessu misvægi.

Félagsþjónusta

- Lagt er til að teknað verði upp viðræður á milli sveitarfélaganna, sem standa að byggðasamlaginu, með það að markmiði að sveitarstjórnirnar komi meira að ákvörðunartöku um ráðstöfun á þeim peningum sem eru ætlaðir til málefna fatlaðra og hvernig þjónustan fer fram.
- Lagt er til að þess verði gætt að þjónustu vegna málefna fatlaðra verði hagað þannig að tekjur, sem ætlaðar eru í málaflokkinn, standi ávallt undir útgjöldum. Ef afgangur verði af rekstrinum renni hann til sveitarfélaganna.
- Lagt er til að fylgst sé vel með því að starfsmenn, t.d. í heimaþjónustu, séu á hverjum tíma í starfshlutfalli miðað við vinnuframlag.
- Lagt er til að Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga geri tillögu að fjárhagsáætlun vegna þeirra útgjaldaliða sem þjónustan fer með hjá sveitarfélaginu. Síðan fylgi þjónustan eftir samþykkt bæjarstjórnar.
- Lagt er til að óskað verði eftir því að Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga skili sveitarfélögunum ársskýrslu um starfsemi næst liðins árs. Í skýrslunni sé gerð grein fyrir þeirri þjónustu sem veitt hefur verið í sveitarfélaginu á árinu.

Leikskólinn Sólvellir

- Lagt er til að endurskoða fjölda stöðugilda við leikskólann með það að markmiði að fækka þeim, með hliðsjón af því að þeim hefur fjölgað á sama tíma börnum fækkar.
- Lagt er til að hætt verði að greiða yfirtíð þeim starfsönnum sem mæta fyrir kl.

8:00. Séð verði til þess að sá vinnutími rúmist innan dagvinnutíma viðkomandi. Greiðist þá fyrir þann tíma dagvinnukaup með álagi skv. kjarasamningi.

- Jafnframt er lagt til að matráður hefji vinnu kl. 8.00 í stað 7.45.
- Lagt er til að kaup á ræstingavörum verði endurmetin með það að markmiði að ná niður kostnaði.
- Lagt er til að afsláttarkjör á leikskólagjöldum verði endurskoðuð með það að markmiði að draga úr þeim.
- Lagt er til að leikskólastjóra verði falið að skrá orkunotkun mánaðarlega.

Grunnskóli Grundarfjarðar

- Lagt er til að kanna hvort hægt sé að taka upp frekari samkenslu í grunnskólanum.
- Lagt er til að með fækkun bekkjardeilda verði stöðugildi kennara endurskoðuð með það að markmiði að fækka þeim.
- Lagt er til að kanna hvort leggja megi niður starf húsumsjónarmanns við skólann.
- Lagt er til að hætt verði að greiða yfirtíð fyrir að opna skólann fyrir kl. 8:00. Séð verði til þess að mæting fyrir kl. 8:00 rúmist innan dagvinnutíma og greiðist þá álag ofan á þann tíma í stað yfirtíðar.
- Jafnframt, ef starfsmaður er með fasta yfirtíð, þá nái hún yfir alla vinnu og ónæði utan reglubundins vinnutíma.
- Lagt er til að kannað verði hvort hægt sé að fá verktaka um skólamáltíðir til að lækka verðið á hverri máltíð.
- Jafnframt verði kannað hvort hægt sé að gera þetta fyrir lægri upphæðir með því að sveitarfélagið annist matargerðina, t.d. með því að hún fari fram í leikskólanum. Einnig kemur til greina að bjóða matinn út að nýju.
- Lagt er til að verð á skólamáltíðum verði hækkað þannig að dregið verði sem mest úr niðurgreiðslu sveitarfélagsins á þeim.
- Lagt er til að hætt verði að greiða fasta bifreiðastyrki vegna skólans. Í staðinn verði greitt skv. akstursdagbók.
- Lagt er til að séð verði til þess að orkunotkun í skólanum verði skráð mánaðarlega.
- Lagt er til að útboð vegna skólaaksturs fari fram með reglulegu millibili.

Tónlistarskóli Grundarfjarðar

- Lagt er til að yfirvinna við tónlistarskólann verði endurskoðuð og þannig lækkuð umtalsvert.

- Lagt er til að kanna hvort unnt sé að hækka skólagjöld.

Menningarmál – Bókasafn

- Lagt er til að athuga með að breyta opnunartíma bókasafnsins, sem verði mánudag til fimmtudags frá kl. 15:00 til 17:00. Og ef nauðsynlegt er talið þá einu sinni í viku til kl. 18:00.
- Lagt er til að kannað verði hvort bókavörður geti jafnframt sinnt starfi skólabókavardar í bókasafninu.

Menningarmál – Eyrbyggja - Sögumiðstöð

- Lögð er áhersla á að bæjarstjórn taki formlega afstöðu til framlengingar á samstarfssamningi Grundarfjarðarbæjar og Eyrbyggju - Sögumiðstöðvar.

Menningarmál – Samkomuhús – Veitingarekstur

- Lagt er til að kanna hvort mögulegt sé að leigja samkomuhúsið þannig að viðkomandi hefði af því allar tekjur og bæri af því allan rekstrarkostnað nema fasteignagjöld.
- Lagt er til að athugað verði, ef húsið verður ekki leigt út, að starfsmaður hjá sveitarfélaginu annist umsjón með húsinu.

Íþrótt- og æskulýðsmál

- Lagt er til að fenginn verði ráðgjafi (verkfræðingur) til að gera tillögu um hvernig draga megi úr kostnaði vegna orkunotkunar í íþróttahúsi og sundlaug og í grunnskólanum.
- Lagt er til að forstöðumanni íþróttamannvirkja verði falið að skrá orkunotkun mánaðarlega í íþróttahúsi og sundlaug.

Slökkvilið Grundarfjarðar

- Lagt er til að samningi um eldvarnareftirlit verði sagt upp. Slökkviliðsstjóri sinni því með öðrum störfum í áhaldahúsi.
- Lagt er til að kanna hvort hægt sé að draga úr kostnaði við bakvaktir, t.d. með því að stytta þær um helgar.

Áhaldahús

- Lagt er til að daglegur vinnutími starfsmanns áhaldahúss verði átta klukkustundir í stað tíu. Samhliða því verði fastri yfirtíð sagt upp og dregið úr henni.

Umsjónarmaður fasteigna

- Lagt er til að athugað verði með að setja starf umsjónarmanns fasteigna undir áhaldahús og með því auka umsvif áhaldahússins.
- Lagt er til að daglegur vinnutími húsumsjónarmanns verði frá kl. 8:00 til kl. 17:00. Föst yfirtíð verði tekin til endurskoðunar.

- Lagt er til að hætt verði að kaupa þjónustu af Öryggismiðstöðinni vegna öryggiskerfa. Kerfið verði beintengt í síma hjá þeim starfsmanni hjá sveitarfélaginu sem hefur umsjón með viðkomandi byggingu.

Skipulags- og byggingarmál

- Lagt er til að ekki verði ráðið í fullt starf skipulags- og byggingarfulltrúa heldur leitað eftir áframhaldandi samstarfi við Snæfellsbæ eins og verið hefur og/eða við nágranna sveitarfélag um starfið.

Sorphirða og sorpeyðing

- Lagt er til að leitað verði eftir því að Íslenska gámafélagið ehf. lækki þau verð sem samið hefur verið um við félagið vegna samnings sem gerður hefur verið án undangengis útboðs.
- Lagt er til að leitað verði tilboða í öll meiriháttar þjónustukaup hjá sveitarfélaginu.
- Lagt er til að með breyttu fyrirkomulagi í áhaldahúsi sjái starfsmenn þess um gámastöð.
- Lagt er til að athuga með að hækka sorphirðu- og sorpeyðingargjald á árinu 2013. Einnig verði gjaldið sem fyrirtæki borga aukalega hækkað.

Hafnarsjóður Grundarfjarðarbæjar

- Lagt er til að kanna hvort mögulegt sé að taka upp meira samstarf á milli hafnarinnar og áhaldahússins. Starfsmaður áhaldahúss taki vaktir á höfninni aðra hvora helgi og leysi starfsmann hafnarinnar af þegar hann er í fríi.
- Lagt er til að samið verði við starfsmenn hafnarinnar og áhaldahúss um föst laun, sem ná yfir alla vinnu og óþægindi utan reglubundins vinnutíma.

Leiguíbúðir

- Lagt er til að óskað verði formlega eftir því við Íbúðalánasjóð að hann samþykki uppgreiðslu lána vegna íbúða sem seldar verða miðað við núvirðingu áhvílandi lána komi til þess að leiguíbúðir verði seldar.

Lokaorð

- Eftir að hafa farið yfir rekstur Grundarfjarðarbæjar er það mat skýrsluhöfundur að stofnanir sveitarfélagsins eru almennt vel reknar.
- Spurt er hvort mögulegt sé að þær reiknireglur, sem unnið er með við útteilingu á framlögum úr Jöfnunarsjóði, hafi leitt til þess að Grundarfjarðarbær kemur illa út í samanburði við sambærileg sveitarfélög hvað tekjur varðar.
- Það er mat skýrsluhöfundar að leggja beri áherslu á að framlög úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélagsins verði tekin til skoðunar samhliða því að þeim tillögum sem hér eru lagðar til verði hrint í framkvæmd.

Efnisyfirlit

GREINING	23
INNGANGUR.....	23
ÍBÚAFJÖLDI	23
SKULDIR SVEITARFÉLAGSINS	24
HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI.....	27
FJÁRHEIMILD SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN	29
TEKJUR.....	33
LAUNAÚTGJÖLD	38
STÖÐUGILDI	42
ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR	43
JÖFNUNARSJÓÐUR	44
FÉLAGSPJÓNUSTA.....	48
LEIKSKÓLINN SÓLVELLIR	52
GRUNNSKÓLI GRUNDARFJARÐAR.....	57
TÓNLISTARSKÓLI GRUNDARFJARÐAR	68
MENNINGARMÁL – BÓKASAFN.....	70
MENNINGARMÁL – EYRBYGGJA - SÖGUMÍÐSTÖÐ.....	71
MENNINGARMÁL – SAMKOMUHÚS – VEITINGAREKSTUR.....	71
MENNINGARMÁL – Á GÓÐRI STUND OG RÖKKURDAGAR.....	71
ÆSKULÝÐS- OG ÍPRÓTTAMÁL	71
SLÖKKVILJÐ GRUNDARFJARÐAR	73
ÁHALDAHÚS.....	75
UMSJÓNARMÁÐUR FASTEIGNA	76
SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL	77
BÆJARSKRIFSTOFA.....	77
SORPHIRÐA OG SORPEYÐING	78
HAFNARSJÓÐUR GRUNDARFJARÐARBÆJAR.....	79
FRÁVEITA GRUNDARFJARÐARBÆJAR	81
LEIGUÍBÚDIR GRUNDARFJARÐARBÆJAR	81
ÍBÚDIR ALDRADRA	82
GETA TIL GREIÐSLU LÁNA	83
TILLÖGUR	86
1. LANGTÍMASKULDIR	86
2. FJÁRHEIMILDIR SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN	86
3. GREINARGERÐ MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN	86
4. GREIÐSLUÁÆTLUN	87
5. SAMÞYKKT REIKNINGA UMFRAM FJÁRHEIMILD	87
6. REGLULEGIR FUNDIR	87
7. FASTEIGNASKATTUR	88
8. LÓÐARLEIGA	88
9. FASTLAUNASAMNINGAR.....	88
10. YFIRVINNA.....	88
11. GREIN 2.6.9 Í KJARASAMNINGI.....	89
12. LAUNAKEYRSLUR SAMÞYKKTAR FYRIR ÚTBORGUN	89
13. HLUTFALL LAUNA AF TEKJUM SVEITARFÉLAGSINS	90
14. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR.....	90
15. ORKUNOTKUN	90
16. VÖRUKAUP	90
17. JÖFNUNARSJÓÐUR.....	91
FÉLAGSPJÓNUSTA	91
18. BYGGÐASAMLAG UM MÁLEFNI FATLAÐRA OG FÉLAGS- OG SKÓLAÞJÓNUSTU	91
19. TEKJUR VEGNA MÁLEFNA FATLAÐRA STANDI UNDIR ÚTGJÖLDUM	91
20. STARFSHLUTFÖLL Í HEIMAÞJÓNUSTU	92

21. FJÁRHAGSÁÆTLUN	92
22. ÁRSSKÝRSLA	92
LEIKSKÓLINN SÓLVELLIR.....	92
23. STÖÐUGILDI.....	92
24. ÁLAGSGREIÐSLUR OG YFIRTÍÐ	93
25. RÆSTINGAVÖRUR	93
26. AFSLÁTTUR Á LEIKSKÓLAGJÖLDUM.....	93
27. SKRÁNING Á ORKUNOTKUN	93
GRUNNSKÓLI GRUNÐARFJARÐAR.....	93
28. SAMKENNSLA ÁRGANGA.....	93
29. FJÓLDI STÖÐUGILDA	94
30. HÚSUMSJÓNARMAÐUR.....	94
31. YFIRTÍÐ ANNARRA STARFSMANNA EN KENNARA	94
32. SKÓLAMÁLTÍÐIR	95
33. VERÐ Á SKÓLAMÁLTÍÐUM	95
34. BIFREIÐASTYRKIR.....	95
35. SKRÁNING Á ORKUNOTKUN	95
36. SKÓLAAKSTUR.....	95
TÓNLISTARSKÓLI GRUNÐARFJARÐAR	96
37. YFIRVINNA	96
38. SKÓLAGJÖLD.	96
MENNINGARMÁL - BÓKASAFN	96
39. OPNUNARTÍMI BÓKASAFNSINS	96
40. BÓKAVÖRÐUR SINNI STARFI SKÓLABÓKAVARAÐAR Á SAFNINU	97
MENNINGARMÁL - EYRBYGGJA - SÖGUMIÐSTÖÐ	97
41. EYRBYGGJA - SÖGUMIÐSTÖÐ.....	97
MENNINGARMÁL - SAMKOMUHÚS - VEITINGAREKSTUR	97
42. SAMKOMUHÚS	97
43. UMSJÓN MEÐ SAMKOMUHÚSI	97
ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSMÁL.....	98
44. ORKUKOSTNAÐUR	98
45. SKRÁNING Á ORKUNOTKUN	98
SLÖKKVILIÐ GRUNÐARFJARÐAR.....	98
46. ELDVARNAREFTIRLIT.....	98
47. BAKVAKTIR	98
ÁHALDAHÚS.....	98
48. DAGLEGUR VINNUTÍMI OG FÖST YFIRTÍÐ	98
UMSJÓNARMAÐUR FASTEIGNA	99
49. STARFIÐ SETT UNDIR ÁHALDAHÚS	99
50. DAGLEGUR VINNUTÍMI OG FÖST YFIRTÍÐ	99
51. ÖRYGGISKERFI.....	99
SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL.....	100
52. SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚI.....	100
SORPHIRÐA OG SORPEYÐING.....	100
53. ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ EHF.	100
54. ÚTBOÐ.....	100
55. UMHIRÐA OG UMSJÓN MEÐ GÁMASTÖÐ	100

56. SORPEYÐINGARGJALD OG SORPHIRÐUGJALD	101
HAFNARSJÓÐUR GRUNDARFJARÐARBÆJAR.....	101
57. STARFSMENN	101
58. FÖST LAUN.....	101
LEIGUÍBÚÐIR	101
59. NÚVIRÐING LÁNA	101
LOKAORÐ	103

Greining

INNGANGUR

Með samningi, dags. 24. apríl 2012, tók skýrsluhöfundur að sér að gera úttekt á rekstri og fjármálum Grundarfjarðarbæjar með það að markmiði að leggja fram tillögur að hagræðingu í rekstri og fjármálum sveitarfélagsins, þannig að reksturinn skili meiri framlegð til að standa undir afborgunum lána og nýjum framkvæmdum.

Við vinnslu verkefnisins var stuðst við gögn frá sveitarfélaginu og til samanburðar frá öðrum sveitarfélögum, sambærilegum að stærð hvað íbúafjölda varðar. Í verkefninu fólst að eiga samtöl við forstöðumenn og fara yfir fyrirkomulag rekstrar viðkomandi stofnunar. Jafnframt voru skoðuð rekstrarbútgjöld á milli ára. Einnig var nokkuð stuðst við upplýsingar úr ársreikningum sveitarfélaga á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Rekstrarútgjöld og tekjur sveitarfélagsins voru borin saman við rekstrarútgjöld og tekjur hjá 10 sveitarfélögum, sambærilegum að stærð hvað íbúafjölda varðar. Markmiðið með þeim samanburði var að reyna að finna hvað væri öðruvísi hjá Grundarfjarðarbæ miðað við samanburðar sveitarfélögin sem nýttast mætti til hagræðingar í rekstri.

Einnig átti skýrsluhöfundur fundi með bærarstjóra þar sem farið var yfir ýmis málefni tengd verkefninu.

Við athugun á rekstri grunn- og leikskólanna var aflað upplýsinga úr bókhaldi hjá sveitarfélögum með sambærilega skóla að stærð. Borinn var saman rekstrarkostnaður þessara skóla. Einnig var aflað upplýsinga um starfsmannafjölda hjá samanburðarskólunum og hann borinn saman. Skólarnir voru bornir saman við 10 skóla, sambærilega að stærð hvað nemendafjölda varðar.

Öllum framangreindum aðilum eru þökkuað hreinskiptin og opin svör við öllu sem varðar greiðan framgang verkefnisins. Tekið skal skýrt fram að þeir aðilar, sem leitað var til, bera enga ábyrgð á því sem fram kemur í skýrslunni. Allt sem þar stendur er á ábyrgð skýrsluhöfundar.

ÍBÚAFJÖLDI

Íbúaþróun í Grundarfjarðarbæ hefur verið sem hér segir:

Tafla 1: Fjöldi íbúa í Grundarfjarðarbæ 1. janúar ár hvert 2002 til 2012

2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	Fækkun 2002/2012
965	969	934	938	975	949	918	925	904	903	899	-66

Heimild: Hagstofa Íslands


Tafla 1 sýnir fjölda íbúa í Grundarfjarðarbæ á tímabilinu 2002 til 2012 miðað við 1. janúar ár hvert. Eins og taflan sýnir þá fjölgar íbúum á milli fjögurra ára á þessu tímabili, þ.e. árið 2003, 2005, 2006 og 2009. Á tímabilinu 2002 til 2012 fækkaði íbúum um 66, eða um 6,8%. Á sama tímabili fækkaði íbúum á Vesturlandi að Akranesi

undanskildu um 2%. Frá árinu 2009 hefur íbúum fækkað um 26.

SKULDIR SVEITARFÉLAGSINS

Á undanförunum misserum hafa skuldir sumra sveitarfélaga aukist umtalsvert og standa nú sum þeirra frammi fyrir miklum vanda vegna þessa.

Mynd 1: Skuldir og skuldbindingar sveitarfélaga, A- og B-hluti, sem hlutfall af tekjum árið 2011



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Mynd 1 sýnir skuldir og skuldbindingar sveitarfélaga, A- og B-hluta, sem hlutfall af tekjum árið 2011. Eins og fram kemur á myndinni var þetta hlutfall fyrir Grundarfjarðarbæ 212% í árslok 2011.

Eins og fram kemur á myndinni var þetta hlutfall skulda af tekjum hærra hjá 11 sveitarfélögum en hjá Grundarfjarðarbæ í árslok 2011.

Samkvæmt 2. mgr. 64. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga, sem tóku gildi 1. janúar 2012, mega sveitarfélög ekki skulda meira en sem nemur 150% af reglulegum tekjum sveitarfélagsins. Um er að ræða samtals fyrir A- og B-hluta. Sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga, sem uppfylla ekki viðmið 2. mgr. 64. gr. við gildistöku laganna, skulu fyrir 1. september 2012 samþykkja raunhæfa áætlun um hvernig þau hyggjast ná viðmiðununum. Sé slíkt nauðsynlegt í því skyni að áætlunin verði raunhæf má gera ráð fyrir að þeim verði náð á allt að tíu árum.

Af framanrituðu má ljóst vera að bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar þarf að leggja fram slíka áætlun.

Tafla 2: Skuldir Grundarfjarðarbæjar, A- og B-hluti, 2002 til 2011, í millj. kr.

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Breyting 2002/2011
A-hluti	248	307	360	481	752	795	1.229	1.298	1.309	1.194	480,7%
B-hluti	294	319	358	366	345	346	388	368	356	346	117,4%
Samtals	543	627	718	847	1.097	1.142	1.617	1.666	1.665	1.540	283,7%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur sveitarfélagsins 2011

Tafla 2 sýnir skuldir Grundarfjarðarbæjar, A- og B-hluta, frá árinu 2002 til 2011 í millj. kr. og á verðlagi hvers árs. Eins og tafla 2 sýnir hafa skuldir A-hluta aukist úr 248 millj. kr. árið 2002 í 1.194 millj. kr. árið 2011, eða tæplega fimmfaldast á verðlagi hvors árs. Á sama tíma jukust tekjur A-hlutans úr 342 millj. kr. í 605 millj. kr., þ.e. um 177%, eða tæplega tvöfölduðust.

Eins og fram kemur í töflunni jukust skuldir A-hlutans á hrunárinu, 2008, úr 795 millj. kr. árið 2007 í 1.229 millj. kr. árið 2008, eða um 434 millj. kr., sem er um 55%. Til samanburðar voru tekjur A-hlutans á árinu 2008 554 millj. kr. Þannig jukust skuldir sveitarfélagsins, A-hluta, á árinu 2008 um 78% af tekjum þess árs.

Á tímabilinu 2002 til 2011 hækkuðu skuldir B-hlutans úr 294 millj. kr. árið 2002 í 346 millj. kr. árið 2011, eða um 17%. Tekjurnar í B-hlutanum jukust úr 50 millj. kr. árið 2002 í 119 millj. kr. árið 2011, eða um 138%. Þannig jukust tekjur B-hlutans hlutfallslega mun meira en skuldarnar.

Samtals hafa skuldir sveitarfélagsins á þessum tímabili því aukist úr 543 millj. kr. árið 2002 í 1.540 millj. kr. árið 2011, eða tæplega þrefaldast. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 70%.

Á tímabilinu hækka skuldir A-hlutans á milli ára öll árin nema 2011. Á árinu lækkuðu skuldir A-hlutans frá árinu á undan. Skuldir B-hlutans lækka fjórum sinnum á milli ára á þessu tímabili, þ.e. 2006, 2009, 2010 og 2011. Hins vegar hækka heildarskuldarnar á milli ára öll árin nema árið 2010, en það ár standa skuldarnar nánast í stað frá árinu á undan, og árið 2011 þegar þær lækka.

Tafla 3: Skuldir Grundarfjarðarbæjar, A- og B-hluti, 2002 til 2011, sem hlutfall af tekjum

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
A-hluti	72,6%	93,2%	102,0%	114,1%	167,2%	152,5%	221,9%	238,6%	236,2%	196,8%
B-hluti	593,6%	555,6%	486,1%	391,8%	455,1%	438,8%	395,7%	356,6%	352,1%	289,4%
Samtals	138,5%	161,8%	168,2%	164,5%	208,8%	190,1%	248,1%	257,4%	254,1%	212,5%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur sveitarfélagsins 2011

Tafla 3 sýnir skuldir Grundarfjarðarbæjar sem hlutfall af tekjum, A- og B-hluta og A- og B-hluta samtals frá árinu 2002 til 2011. Eins og tafla 3 sýnir lækkuðu skuldir A- og B-hluta samtals sem hlutfall af tekjum fjórum sinnum á milli ára á þessu tímabili, þ.e. árin 2005, 2007, 2010 og 2011. Það var einungis árið 2002 sem hlutfallið var innan við 150%. Skuldahlutfall B-hlutans lækkar öll árin á milli ára nema árið 2006, þá hækkaði hlutfallið. Hjá A-hluta lækkaði hlutfallið 2007, 2010 og 2011. Hin árin hækkaði hlutfallið á milli ára.

Tafla 4: Skipting skulda Grundarfjarðarbæjar, A- og B-hluta, 31. desember 2011 á milli stofnana í þús. kr.

	Langtímalán		Skuldir og skuldbindingar	
		Hlutfallsleg skipting		Hlutfallsleg skipting
Aðalsjóður	805.754	71,6%	1.151.409	74,8%
Íbúðir aldraðra	230.668	20,5%	287.950	18,7%
Leiguíbúðir	37.140	3,3%	37.999	2,5%
Hafnarsjóður Grundarfjarðar	51.966	4,6%	62.727	4,1%
	1.125.528	100,0%	1.540.085	100,0%

Heimild: Grundarfjarðarbæjar

Tafla 4 sýnir langtíma skuldir og skuldir og skuldbindingar Grundarfjarðarbæjar í árslok 2011 og hvernig þær skiptast á milli A-hluta og stofnana undir B-hluta. Eins og taflan sýnir eru 72% af langtíma skuldum sveitarfélagsins samtals hjá aðalsjóði. Síðan 28% hjá B-hluta stofnunum. Þar af eru skuldir vegna íbúða aldraðra 20,5% og leiguíbúða 3,3%, eða samtals 23,8% af langtímaskuldum sveitarfélagsins vegna leiguíbúða. Hafnarsjóður Grundarfjarðar er með 4,6% af langtímaskuldum sveitarfélagsins.

Ef skuldir og skuldbindingar, þ.m.t. skammtímaskuldir, eru skoðaðar er aðalsjóður með 75% af skuldunum og íbúðir aldraðra og leiguíbúðir með 21% og síðan hafnarsjóður 4%.

Tafla 5: Skuldir B-hluta stofnana 31. desember 2010 og 2011 við aðalsjóð í þús. kr.

	2011	2010
Hafnarsjóður	0	0
Fráveita	37.735	45.515
Leiguíbúðir	57.746	58.089
Íbúðir aldraðra	7.378	7.241
Sorpeyðing og -hirðing	16.141	16.994
Samtals	119.000	127.839

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 5 sýnir uppsafnaðar skuldir B-hluta stofnana við aðalsjóð eins og þær voru í árslok 2010 og 2011. Þetta eru bæði skammtímaskuldir og langtímaskuldir. Þessar skuldir eru til komnar vegna hallareksturs eða fjárvöntunar viðkomandi stofnana undangengin ár.

Í árslok 2011 voru skuldir og skuldbindingar aðalssjóðs samtals 1.160 millj. kr. Miðað við að skuldir B-hluta stofnana voru 119 millj. kr. í árslok 2011 samsvöruðu þær 10% af skuldum og skuldbindingum aðalssjóðs. Miðað við afkomu aðalssjóðs nú má gera ráð fyrir að þessar lánveitingar aðalssjóðs til B-hluta stofnana hafi verið fjármagnaðar með lántökum aðalssjóðs.

Aðalsjóður skuldaði hafnarsjóði 43 millj kr. í árslok 2011.

Tafla 6: Skipting langtímaskulda Grundarfjarðarbæjar milli lánardrottna í árslok 2011

		Hlutfallsleg skipting
Lánasjóður sveitarfélaga	767.818.193	57,9%
Arionbanki	286.261.775	21,6%
Íbúðalánasjóður	272.191.618	20,5%
Samtals	1.326.271.586	100%

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 6 sýnir hvernig langtímaskuldir Grundarfjarðarbæjar skiptast á milli lánardrottna. 58% af skuldum sveitarfélagsins eru hjá Lánasjóði sveitarfélaga, 22% hjá Arionbanka og 20% hjá Íbúðalánasjóði. Þannig er sveitarfélagið einungis með langtímalán hjá þremur lánasstofnunum.

Tafla 7: Lán hjá Arionbanka

1	2	3	4	5
Útgreiðslu dagur	Höfuðstóll	Greitt	Staða láns 31. desember 2011	3+4
des.06	100.000.000	47.626.782	131.519.091	179.145.873
apr.07	98.000.000	60.818.925	107.157.280	167.976.205
ágú.08	45.000.000	14.782.511	47.585.404	62.367.915
Samtals	243.000.000	123.228.218	286.261.775	409.489.993

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 7 sýnir höfuðstól lána hjá Arionbanka á lántökudegi, hvað hefur verið greitt af þeim og stöðu þeirra 31. desember 2011. Lánin voru gengistryggð.

Eins og taflan sýnir var höfuðstóll lánanna samtals 243 millj. kr. miðað við lántökudag. Greiddar hafa verið 123 millj. kr. í afborganir og vexti, eða sem nemur 51% höfuðstóli lánanna á lántökudegi.

Samkvæmt ársreikningi 2011 var staða lánanna 286 millj. kr. í lok s.l. árs. Samtals nema eftirstöðvar lánanna og það sem greitt hefur verið vegna þeirra 409 millj. kr., eða 168% af upphaflegu lántökunni. Miðað við þessa stöðu er réttlætanlegt að sveitarfélagið fái sanngjarna vexti til að greiða af þessum lánnum vegna eftirstöðva lánanna.

Athugandi er að leita eftir því að greiða upp skuldirnar við Arionbanka með nýju láni frá Lánasjóði sveitarfélaga með það að markmiði að ná niður vaxtakostnaði. Lánasjóðurinn býður í dag (ágúst 2012) verðtryggð lán sem bera 3,8% vexti til 22 ára og 3,15% vexti til 12 ára.

HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI

Veltufé frá rekstri segir til um hvað eftir stendur af rekstrartekjum þegar búið er að greiða öll dagleg útgjöld sveitarfélagsins, svo sem laun, rafmagn og hita, mat o.s.frv. Ef veltufé frá rekstri er neikvætt á sveitarfélagið hvorki fyrir daglegum útgjöldum að fullu né afborgunum lána, hvað þá fé til nýframkvæmda. Það sem upp á vantar þarf að taka að láni, fjármagna með sölu eigna eða ganga á eigið fé. Handbært fé frá rekstri sýnir hversu miklu reksturinn skilar að teknu tilliti til breytinga á skammtímalíðum. Eða með öðrum orðum hvað eftir er þegar búið er að standa skil á daglegum útgjöldum ásamt uppgjöri á skammtímalíðum.

Tafla 8 : Veltufé og handbært fé frá rekstri hjá Grundarfjarðarbæ árin 2002 til 2011 í þús. kr., A-hluti

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Veltufé frá rekstri	24.012	754	24.912	47.026	-16.092	51.992	27.464	27.122	-4.022	1.366
Handbært fé frá rekstri	7.972	2.904	19.426	81.824	-13.628	28.265	53.482	3.378	10.025	-5.266

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2011

Tafla 8 sýnir veltufé og handbært fé frá rekstri hjá Grundarfjarðarbæ, A-hluti, árin 2002 til 2011. Eins og taflan sýnir var veltufé frá rekstri tvisvar á tímabilinu neikvætt, þ.e. árin 2006 og 2010 og handbært fé frá rekstri einnig tvisvar sinnum, þ.e. árið 2003 og 2011. Árið 2006 var veltufé frá rekstri neikvætt um 16,1 millj. kr. og árið 2010 um 4 millj. kr. Það þýðir að á þessum árum vantaði sveitarfélagið 16,1 millj. kr. og 4 millj. kr. hvort ár til að eiga að fullu fyrir daglegum útgjöldum sveitarfélagsins, A-hluta, þ.e. fyrir launum, orkukostnaði o.þ.h.

Að auki þarf sveitarfélagið að standa skil á afborgunum lána og útgjöldum vegna fjárfestinga. Reksturinn á þessum árum skilaði engu upp í það. Þannig þurfti sveitarfélagið á árinu 2010 að ganga á eigur sínar og/eða taka ný lán til að geta staðið í skilum með dagleg útgjöld, útgjöld vegna fjárfestinga og afborgunar lána.

Tafla 9: Handbært fé frá rekstri, afborganir og fjárfestingar 2002 til 2011 á verðlagi hvers árs í þús. kr., A-hluti

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Handbært fé frá rekstri	7.972	2.904	19.426	81.824	-13.628	28.265	53.482	3.378	10.025	-5.266
Afborganir	-17.248	-47.727	-50.998	-189.427	-127.330	-61.717	-212.072	-77.437	-94.448	-356.258
Fjárfestingar	-10.503	-23.310	-46.666	-68.100	-155.409	-33.330	-124.925	-32.979	-21.638	-9.416
Fjárvöntun	-19.779	-68.133	-78.238	-175.703	-296.367	-66.782	-283.515	-107.038	-106.061	-370.940
Nýjar lántökur	26.000	103.600	48.090	199.591	363.853	97.265	242.047	77.419	76.000	370.945

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur sveitarfélagsins árið 2011

Tafla 9 sýnir handbært fé frá rekstri, afborganir, fjárfestingar og nýjar lántökur hjá A-hluta frá árinu 2002 til 2011. Eins og taflan sýnir skilaði reksturinn aldrei á þessu tíu ára tímabili nægum afgangi til þess að eiga að fullu fyrir afborgunum lána. Að auki komu til fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum. Á þessu tímabili var fjárvöntun A-hlutans til að geta staðið undir afborugnum og fjárfestingum frá 19,8 millj. kr. árið 2002 upp í 371 millj. kr. árið 2011. Það sem upp á hefur vantað hefur verið fjármagnað með eigin fé, sölu eigna og/eða nýjum lántökum.

Tafla 10: Handbært fé frá rekstri, afborganir og fjárfestingar 2002 til 2011 á verðlagi hvers árs í þús. kr., B-hluti

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Handbært fé frá rekstri	462	3.326	22.055	23.929	18.018	23.943	27.009	43.491	42.700	45.997
Afborganir	-6.695	-16.302	-69.402	-61.709	-107.513	-14.058	-15.558	-30.648	-18.297	-19.231
Fjárfestingar	-47.155	-39.043	-80.045	11.493	-117.550	10.504	-30.238	5.420	-7.084	-11.415
Fjárvöntun (-)	-53.388	-52.019	-127.392	-26.287	-207.045	20.389	-18.787	18.263	17.319	15.351
Nýjar lántökur	36.138	42.900	59.003	149.596	45.000	-1.113	0	0	0	0

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2011

Tafla 10 sýnir handbært fé frá rekstri, afborganir og fjárfestingar hjá B-hluta frá árinu 2002 til 2011.

Eins og taflan sýnir var handbært fé frá rekstri hjá B-hluta jákvætt öll árin á tímabilinu. Í sex ár af þessum tíu er handbært fé frá rekstri hærra en afborganir. Frá og með árinu 2007 hafa B-hluta stofnanir ekki tekið nein ný lán. Frá þeim tíma hafa B-hlutastofnanir samtals skilað sveitarsjóði peningalegum afgangi þegar búið hefur verið að greiða af lánunum og vegna fjárfestinga nema árið 2008.

Tafla 11: Handbært fé frá rekstri, afborganir og fjárfestingar samtals hjá A- og B-hluta í þús. kr. árin 2002 til 2011

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Handbært fé frá rekstri	8.434	6.230	41.481	105.753	4.390	52.208	80.491	46.869	52.725	40.731	439.312
Afborganir	-23.943	-64.029	-120.400	-251.136	-234.843	-75.775	-227.630	-108.085	-112.745	-375.489	-1.594.075
Fjárfestingar	-57.658	-62.353	-126.711	-56.607	-272.959	-22.826	-155.163	-27.559	-28.722	-20.831	-831.389
Fjárvöntun (-)	-73.167	-120.152	-205.630	-201.990	-503.412	-46.393	-302.302	-88.775	-88.742	-355.589	-1.986.152
Nýjar lántökur	62.138	146.500	107.093	349.187	408.853	96.152	242.047	77.419	76.000	370.945	1.936.334

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2011

Tafla 11 sýnir handbært fé frá rekstri, afborganir, fjárfestingar og nýjar lántökur samtals hjá A- og B-hluta hjá sveitarfélaginu árin 2002 til 2011. Jafnframt hver fjárvöntunin var að teknu tilliti til þessa og hvað var tekið mikið af lánunum. Aftasti dálkurinn sýnir samtöluna fyrir öll árin, þ.e. 2002 til 2011.

Eins og taflan sýnir nægði handbært fé frá rekstri aldrei fyrir afborgunum öll þessi ár. Mikilvægt er fyrir rekstur sveitarfélagsins að handbært fé standi að jafnaði undir afborgunum hvers árs. Þannig að ný lán séu eingöngu tekin til að standa undir fjárfestingum, eða með öðrum orðum að rekstrinum sé hagað þannig að ekki þurfi að taka lán til að greiða afborganir. Eins og taflan sýnir hafa lántökur á þessu tímabili verið frá 62 millj. kr. árið 2002 upp í 409 millj. kr. árið 2006. Á því ári samsvöruðu lántökurnar um 78% af heildartekjum sveitarfélagsins, A- og B-hluta.

FJÁRHEIMILD SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN

Leggja ber áherslu á að samþykkt fjárhagsáætlun segir til um þá fjárheimild sem viðkomandi stofnun eða forstöðumaður hefur til ráðstöfunar. Fari stofnun fram úr þeirri fjárheimild, sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun stofnunarinnar og samþykkt liggur ekki fyrir því hjá bæjarstjórn, er um brot á sveitarstjórnarlögum að ræða.

Sveitarstjórnarlögin verða ekki öðruvísi skilin en þannig að það sé ekki heimild til þess að stofna til útgjalda nema gert sé ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun, ef ekki þá þurfi samþykki sveitarstjórnar til þess. Þegar sveitarstjórn ákveður útgjöld utan fjárhagsáætlunar þarf að liggja fyrir hvernig þeim verður mætt, t.d. með niðurskurði á öðrum liðum, tekjuafgangi eða nýrri lántöku. Ný lög sem tóku gildi 1. janúar 2012 kveða enn skýrar á um þetta en eldri sveitarstjórnarlög.

Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að starfsmenn sveitarfélaga almennt geri sér grein fyrir því að útgjöld skv. fjárhagsáætlun eru ekki bara markmið og áætlun út af fyrir sig heldur er um að ræða fjárheimild, sem þýðir að umfram útgjöld eru óheimil nema samþykki sveitarstjórnar liggi fyrir en þá þarf sveitarstjórn jafnframt skv. lögum að gera grein fyrir því hvernig umfram útgjöldunum verði mætt.

Því er mikilvægt að forstöðumenn stofnana sveitarfélaga geri sér grein fyrir því strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir hvort starfsemi viðkomandi stofnunar, eins og hún er fyrirhuguð, geti staðist fjárheimildina sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, ef ekki þá verði gripið til viðhlítandi aðgerða.

Í nýjum sveitarstjórnarlögum er heimild til endurskoðunar á fjárhagsáætlun felld niður. Einungis er sveitarstjórnnum heimilt að gera breytingu á gildandi fjárhagsáætlun

með sérstökum viðauka. Þannig er ekki heimilt að taka fjárhagsáætlunina í heild sinni til endurskoðunar skv. lögnum eins og eldri lög heimiluðu. Þetta á að leiða til mun markvissari fjárhaldstjórnar hjá sveitarfélögum almennt. Ákvæði 63. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga um þetta hljóðar svo:

„Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykkttri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlitandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

Í reglugerð sem sett er á grundvelli 75. gr. er heimilt að skilgreina þau tilvik þar sem tilfærslur innan málaflokka eru heimiladar án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki, sbr. 1. málsl. 2. mgr. Þó skulu allar slíkar breytingar færðar í viðauka við fyrsta tækifæri.“

Ljóst má vera að skv. 63. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga er það brot á lögnum fari útgjöld fram úr fjárhagsáætlun. Það er einungis heimilt hafi sveitarstjórn áður samþykkt viðauka við áætlunina. Jafnframt er skýrt tekið fram að viðaukinn sé ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærslu á því hvernig útgjalda aukanum verður mætt eða tekjulækkun. Þannig er ekki heimilt að leiðrétta fjárhagsáætlun með einhvers konar viðauka eftir á. Ef heimila á hærri útgjöld þarf það að gerast áður en stofnað er til þeirra. Þetta er mikil breyting frá því sem var og kallar á mikla aðhaldssemi og aga í fjármálum sveitarfélaga. Þetta kallar á vandaða fjárhagsáætlunargerð og ekki síður vandaðar greiðsluáætlanir og eftirfylgni.

Einnig er ákvæði í lögnum, sbr. hér síðar, sem kveður á um að ekki sé heimilt að reka sveitarsjóð með halla samtals þrjú ár í röð. A.m.k. þarf að vera svo mikill afgangur eitt árið af þremur að hann brúi hallarekstur hinna tveggja áranna sé um hallarekstur að ræða.

Tafla 12: Rauntölur úr rekstri og áætlun 2011 hjá Grundarfjarðarbæ í þús. kr.

	Raun- tölur	Upphafleg fjárhagsáætlun	Mis- munur	Hlutfall af áætlun	Endurskoðuð áætlun	Mis- munur	Hlutfall af áætlun
Skatttekjur	515.918	445.630	70.288	15,8%	464.839	51.079	11,0%
Félagsþjónusta	50.186	17.665	-32.521	-184,1%	21.481	-28.705	-133,6%
Fræðslumál	280.216	265.540	-14.676	-5,5%	273.712	-6.504	-2,4%
Menningamál	21.646	17.491	-4.155	-23,8%	18.601	-3.045	-16,4%
Æskulýðs- og íþróttamál	41.381	37.311	-4.070	-10,9%	37.728	-3.653	-9,7%
Brunamál og almannavarnir	15.296	16.305	1.009	6,2%	16.305	1.009	6,2%
Hreinlætismál	6.912	507	-6.405	-1263,3%	5.875	-1.037	-17,7%
Skipulags- og byggingarmál	24.500	14.636	-9.864	-67,4%	22.396	-2.104	-9,4%
Samgöngumál	34.486	26.809	-7.677	-28,6%	33.012	-1.474	-4,5%
Umhverfismál	10.614	13.894	3.280	23,6%	10.894	280	2,6%
Atvinnumál	7.136	7.952	816	10,3%	7.072	-64	-0,9%
Sameiginlegur kostnaður	62.714	51.726	-10.988	-21,2%	51.295	-11.419	-22,3%
Breyting á líffeyrisskuldbindingum	3.330	0	-3.330		2.065	-1.265	-61,3%
Óreglulegir liðir	22	0	-22		0	-22	
Útgjöld samtals aðalsjóðs fyrir fjármagnsliði	558.439	469.836	-88.603	-18,9%	500.436	-58.003	-11,6%

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 12 sýnir rauntölur rekstrar og upphaflega áætlun 2011 í þús. kr. ásamt endurskoðaðri áætlun. Eins og taflan sýnir er nokkuð um að kostnaðarliðir fari fram úr áætlun. Samtals fóru útgjöld málaflókka aðalsjóðs fyrir fjármagnstekjur 19% fram úr upphaflegri áætlun á árinu 2011, eða alls 89 millj. kr.

Í krónum talið fóru félagsmál mest fram úr upphaflegri áætlun, eða 32,5 millj. kr., sem er 184% umfram það sem upphaflega áætlunin gerði ráð fyrir. Er þetta m.a. vegna þess að í fjárhagsáætlun var ekki gert ráð fyrir framlagi sveitarfélagsins til SSV vegna málefna fatlaðra. Samsvarandi upphæð er tekjufærð tekjumegin vegna framlags frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra sem ekki var heldur gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Næst mest fóru fræðslumál fram úr, eða 14,7 millj. kr. Síðan kemur málaflókkurinn sameiginlegur kostnaður, sem fór 11 millj. kr. fram úr upphaflegri áætlun, eða 21%.


Skatttekjur reyndust nokkru hærri en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir eða 70 millj. kr., sem var um 16% meira en gert var ráð fyrir.

Af þessum má ljóst vera að nokkur hagræðing myndi nást hjá sveitarfélaginu bara með því að láta einstaka útgjaldaliði standast áætlun. Til að ná því markmiði er mikilvægt að gerð sé greiðsluáætlun fyrir hvern mánuð og hún borin reglulega saman við rauntölur. Þannig er hægt að grípa strax til aðgerða sé kostnaður að fara fram úr áætlun. Með því á að vera hægt að fylgja því betur eftir að fjárhagsáætlun standist. Mikilvægt er að þetta verði framkvæmt með vísan til nýrra sveitarstjórnarlaga.

Mikilvægt er að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar fjárhagsáætlun og vegna einstakra útgjaldaliða. Ef um breytingar er að ræða á einstökum fjárhagslyklum umfram verðlagsbreytingar er mikilvægt að gerð sé grein fyrir því þannig að forstöðumenn viti nákvæmlega hver ætlun sveitarstjórnar er.

Rétt er að fram komi að með fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hefur fylgt greinargerð. Spurning er hvort hún gæti verið ítarlegri, t.d. tilgreini starfsmannafjölda hjá einstökum stofnunum o.s.frv.

Mynd 2: Sveitarfélög flokkuð eftir fjölda ára sem þau hafa verið með hallarekstur fyrir óreglulega liði árin 2002 til 2010



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Mynd 2 sýnir sveitarfélög flokkuð eftir fjölda ára sem þau voru rekin með halla fyrir óreglulega liði árin 2002 til 2010, A-hluti.

Eins og myndin sýnir voru þrjú sveitarfélög með hallarekstur í átta ár af níu á tímabilinu frá 2002 til 2010. Á þessum tíma voru einungis sex sveitarfélög aldrei rekin með halla. Það hefur því verið nokkuð algengt að sveitarfélög hafi verið rekin með halla. Á tímabilinu 2002 til 2010 var Grundarfjarðarbær eitt af þeim níu sveitarfélögum sem var með hallarekstur á aðalsjóði fyrir óreglulega liði í sex ár af níu.

Á tímabilinu 2002 til 2010 var niðurstaða rekstrar A- og B-hluta án óreglulegra liða hjá Grundarfjarðarbæ sem hér segir:

Tafla 13: Rekstrarniðurstaða án óreglulegra liða sem hlutfall af tekjum frá 2002 til 2011 hjá Grundarfjarðarbæ

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals 2002/2010
A-hluti	2,1%	-8,0%	-1,7%	3,3%	-16,4%	0,8%	-66,7%	-13,4%	-6,8%	17,7%	-9,7%
A- og B-hluti	-0,5%	-8,7%	-2,0%	3,0%	-15,5%	0,4%	-61,2%	-10,7%	-2,5%	16,7%	-8,5%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2011

Tafla 13 sýnir rekstrarafkomu Grundarfjarðarbæjar sem hlutfall af tekjum hjá A-hluta og A- og B-hluta samtals.

Eins og taflan sýnir var afgangur á rekstri A-hluta fjórum sinnum á tímabilinu 2002 til 2011. Hins vegar var rekstrarafkoman jákvæð þrisvar sinnum á tímabilinu þegar A- og B-hluti eru teknir saman.

Árið 2008 sker sig nokkuð úr með mikinn rekstrarhalla og árið 2011 með mikinn afgang. Árið 2008 var hrúnárið. Það ár voru fjármagnsgjöld 450 millj. kr. nettó, sem skýrir hallann það ár. Hins vega skýrist tekjuafgangurinn 2011 af leiðréttingu gengistryggðra lána, en það ár voru fjármagnstekjur nettó 121 millj. kr.

Í 64. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga er nýtt ákvæði hvað rekstrarafkomuna varðar en greinin hljóðar þannig:

„Viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Skyldu skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn fullnægja m.a. með því að:

1. samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningssskilum skv. 60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum, og

2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningssskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Ráðherra skilgreinir í reglugerð nánar þau viðmið sem lögð eru til grundvallar skv. 2. mgr., þar á meðal um útgjöld, tekjur, eignir, skuldir og skuldbindingar og aðlögun sveitarfélaga að þeim. Þar skal jafnframt heimilt að undanþiggja nánar tilgreindar skuldir eða skuldbindingar einstakra sveitarfélaga þannig að þær hafi engin eða aðeins hlutfallsleg áhrif skv. 2. tölul. 2. mgr.”

Mikil breyting þarf að eiga sér í stað hvað varðar samanlagðan rekstrarafgang A- og B-hluta hjá Grundarfjarðarbæ til þess að ákvæði 1. töluliðar í 64. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga nái fram að ganga. Reksturinn á þriggja ára tímabili þarf alltaf að vera a.m.k. í jafnvægi. Rekstrarafkoman öll árin 2002 til 2011 var neikvæð nema árið 2005, 2007 og 2011 en samkvæmt nýju lögum þarf rekstrarniðurstaðan að jafnaði að vera jákvæð. Samtals var hallareksturinn árin 2002 til 2011 um 10% af tekjum þessara ára.

Tafla 14: Rekstrarniðurstaða frá 2002 til 2011 hjá Grundarfjarðarbæ, A-hluti og A- og B-hluti, í þús. króna fyrir óreglulega liði

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals 2002/2011
A-hluti	7.156	-26.513	-5.947	13.937	-73.814	4.107	-369.330	-72.950	-37.609	107.246	-453.717
A- og B-hluti	-2.116	-33.809	-8.416	15.571	-81.586	2.628	-398.722	-68.916	-16.484	120.976	-470.874

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2011

Tafla 14 sýnir rekstrarafkomu sveitarfélagsins í krónum talið á tímabilinu frá 2002 til 2011 í þús. kr. á verðlagi hvers árs. Samtals hefur hallinn á A-hluta verið 454 millj. kr. á verðlagi hvers árs á þessu tímabili. Hjá B-hluta var hallinn samtals á þessu tímabili 17 millj. kr. á verðlagi hvers árs. Samtals á þessu tímabili var hallinn hjá A- og B-hluta á verðlagi hvers árs 471 millj. kr. Til samanburðar voru tekjur A-hlutans á árinu 2011 605 millj. kr. og heildar tekjur A- og B-hluta 724 millj. kr.

Eins og kom fram hér að framan er sveitarfélögum skv. nýjum sveitarstjórnarlögum ekki heimilt að reka sveitarsjóð, A- og B-hluta samtals, með halla að jafnaði. Af þessu má ljóst vera að mikil breyting þarf að eiga sér stað í rekstri sveitarfélagsins til að standast þetta ákvæði sveitarstjórnarlaga með hliðsjón af reynslu undangenginna ára.

TEKJUR

Þegar kemur að tekjuafkomunni er rétt að bera tekjur Grundarfjarðarbæjar saman við tekjur 10 sveitarfélaga, fimm stærri og fimm minni hvað íbúafjölda varðar miðað við íbúafjölda 1. janúar 2012.

Tafla 15: Skatttekjur samtals á hvern íbúa í þús. kr. hjá samanburðar sveitarfélögunum 2002 til 2010

	Íbúafjöldi									
	2012	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Seyðisfjarðarkaupstaður	677	316	325	341	372	421	492	525	536	557
Dalabyggð	686	259	279	349	353	504	557	593	591	590
Hrunamannahreppur	774	312	320	320	369	412	468	503	511	531
Blönduóssbær	871	304	321	322	363	427	489	494	518	502
Bolungarvíkurkaupstaður	889	267	277	291	322	415	424	469	540	475
Grundarfjarðarbær	899	293	296	314	356	409	470	497	497	509
Bláskógabyggð	906	329	356	360	435	473	476	559	610	577
Vesturbyggð	910	316	324	349	382	496	593	586	556	593
Pingeyjarsveit	915	305	324	356	395	445	528	543	575	586
Eyjafjarðarsveit	1.031	283	296	315	377	395	487	500	530	545
Stykkishólmsbær	1.108	269	276	311	338	417	492	510	537	521

Heimild: Samband íslenskra sveitarféaga

Tafla 15 sýnir skatttekjur samtals á hvern íbúa á verðlagi hvers árs í samanburðar sveitarfélögunum í þús. kr., fimm stærra sveitarfélög og fimm minni að íbúafjölda en Grundarfjarðarbær miðað við íbúafjölda 1. janúar 2012.

Eins og taflan sýnir voru tvö til fjögur sveitarfélög með lægri skatttekjur á hvern íbúa á tímabilinu 2002 til 2005. Eftir árið 2005 er Grundarfjarðarbær af þessum samanburðar sveitarfélögum með lægstu skatttekjur á hvern íbúa árið 2009, eitt sveitarfélag með lægri skatttekjur árið 2006 og tvö sveitarfélög með lægri skatttekjur á hvern íbúa hin árin. Samkvæmt þessum samanburði eru skatttekjur á hvern íbúa í Grundarfjarðarbæ í lægri kantinum. Þetta gefur ástæðu til að leita frekari skýringa.

Tafla 16: Skatttekjur á íbúa hjá 11 samanburðar sveitarfélögunum, árið 2010

	Seyðis- fjarðar- kaup- staður	Dala- byggð	Hruna- manna- hreppur	Blöndu- óssbær	Bolungar- víkur- kaup- staður	Grundar- fjarðar- bær	Blá- skóga- byggð	Vestur- byggð	Ping- eyjar- sveit	Eyja- fjarðar- sveit	Stykkis- hólms- bær
Íbúafjöldi 1. janúar 2012	677	686	774	871	889	899	906	910	915	1.031	1.108
Útsvar	347.747	246.964	214.203	286.729	328.202	317.842	258.518	327.943	238.225	261.476	317.538
Fasteignaskattur	70.081	58.365	95.185	56.699	30.163	57.008	204.048	36.710	75.761	41.059	62.776
Framlög úr Jöfnunarsjóði	130.302	278.031	216.496	145.086	111.408	120.547	109.997	215.272	271.986	241.224	118.963
Aðrar tekjur með skattaígildi	8.671	6.237	4.753	13.860	4.869	13.626	4.635	13.145	410	853	21.961
Skatttekjur samtals	556.801	589.597	530.637	502.373	474.643	509.022	577.197	593.070	586.383	544.613	521.238

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 16 sýnir skatttekjur skipt eftir skattstofni á hvern íbúa í 11 samanburðar sveitarfélögunum árið 2010. Eins og fram kemur í töflunni er eitt stærra sveitarfélag og tvö minni með hærri útsvarstekjur á hvern íbúa en Grundarfjarðarbær. Hins vegar eru þrjú stærra og þrjú minni sveitarfélög, eða sex sveitarfélög, með hærri fasteignaskatt á hvern íbúa.

Það vekur athygli í þessum samanburði að einungis þrjú sveitarfélög, eitt fámennari og tvö fjölmennari, eru með lægri framlög úr Jöfnunarsjóði á hvern íbúa en Grundarfjarðarbær. Fimm af þessum sveitarfélögum fengu 100 þús. kr. og meira á hvern íbúa úr Jöfnunarsjóði umfram það sem Grundarfjarðarbær fékk. Óneitanlega

vekur þetta upp spurningar um framlögin úr Jöfnunarsjóði.

Einungis tvö sveitarfélög í samanburðinum voru með hærri aðrar tekjur með skattígildi en Grundarfjarðarbær, eitt fámennara og eitt fjölmennara.

Þegar skatttekjur eru teknar samtals vegna ársins 2010 voru tvö sveitarfélög með lægri skatttekjur á hvern íbúa í þessum samanburði, eins og kom fram hér að framan. Voru þau sveitarfélög bæði fámennari. Ástæðan fyrir þessu eru m.a. lág framlög úr Jöfnunarsjóði og lægri fasteignaskattur miðað við tekjur á hvern íbúa.

Þessi samanburður gefur ástæðu til að skoða frekar álagningarhlutfall fasteignaskatts hjá þessum sveitarfélögum.

Tafla 17: Skattaálagningarhlutfall hjá 11 samanburðar sveitarfélögum árið 2010

	Seyðis- fjarðar- kaup- staður	Dala- byggð	Hruna- manna- hreppur	Blöndu- óssbær	Bolungar- víkur- kaup- staður	Grundar- fjarðar- bær	Blá- skóga- byggð	Vestur- byggð	Þing- eyjar- sveit	Eyja- fjarðar- sveit	Stykkis- hólms- bær
Íbúafjöldi 1. janúar 2012	677	686	774	871	889	899	906	910	915	1.031	1.108
Álagning útsvars	13,28%	13,28%	13,28%	13,28%	13,94%	13,28%	13,28%	13,28%	13,28%	13,28%	13,28%
Fasteignaskattur, A-flokkur, íbúðarhúsnæði	0,400%	0,500%	0,600%	0,430%	0,500%	0,400%	0,600%	0,500%	0,625%	0,410%	0,430%
B-flokkur, opinberar stofnanir	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
C-flokkur, verslunar- og íbúðarhúsnæði	1,650%	1,500%	1,320%	1,550%	1,320%	1,650%	1,200%	1,650%	1,650%	1,200%	1,650%
Lóðaleiga, A-flokkur	1,00%	1,70%	0,50%	2,00%	1,00%	1,00%	0,70%	3,75%	1,00%	0,75%	2,00%
Lóðaleiga, B- og C-flokkur	1,00%	2,00%	0,50%	2,00%	2,00%	1,50%	0,70%	3,75%	1,00%	0,75%	2,50%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 17 sýnir skattaálagningarhlutfall hjá 11 samanburðar sveitarfélögum á árinu 2010. Eins og taflan sýnir voru öll sveitarfélögin með útsvarprósentuna í hámarki og eitt með álag á útsvarsprósentuna vegna fjárhagserfiðleika.

Öll sveitarfélögin voru með hærri álagningarhlutfall vegna fasteignaskatts í A-flokki nema eitt sem var með sama álagningahlutfall og Grundarfjarðarbær, eða 0,4%. Leggja má á allt að 0,5% fasteignaskatt í þessum flokki. Síðan er heimilt að leggja tímabundið allt að 25% álag ofan á hámarkið og fara með fasteignaskattinn í allt að 0,625%. Eitt af þessum sveitarfélögum nýtti sér það á árinu 2010.

Fjögur af þessum sveitarfélögum auk Grundarfjarðarbæjar nýttu sér heimild til að leggja álag ofan á hámarks fasteignaskatt í C-flokki, eða hafa fasteignaskatt í C-flokki 1,650%. Hin sveitarfélögin voru með lægri álagningu.

Varðandi lóðarleigu var eitt sveitarfélag með lægri lóðarleigu en Grundarfjarðarbær í A-flokki. Þrjú sveitarfélög voru með sömu lóðarleigu, eða 1%. Önnur sveitarfélög í þessum samanburði voru með hærri lóðarleigu. Hæst var leigan hjá þessum sveitarfélögum 2%. Samanborið við að hún var 1% hjá Grundarfjarðarbæ.

Fimm sveitarfélög í þessum samanburði voru með lægri lóðarleigu í B- og C-flokki. Önnur voru með hærri leigu. Hæst var lóðarleigan í þessum flokki 3,75% til samanburðar við 1,5% hjá Grundarfjarðarbæ.

Tafla 18: Skattálagningarhlutfall hjá 11 samanburðar sveitarfélögunum og Snæfellsbæ árið 2012

	Seyðis- fjarðar- kaup- staður	Dala- byggð	Hruna- manna- hreppur	Blöndu- óssbær	Bolungar- víkur- kaup- staður	Grundar- fjarðar- bær	Blá- skóga- byggð	Vestur- byggð	Þing- eyjar- sveit	Eyja- fjarðar- sveit	Stykkis- hólms- bær	Snæ- fells- bær
Íbúafjöldi 1. janúar 2012	677	686	774	871	889	899	906	910	915	1.031	1.108	1.737
Álagning útsvars	14,48%	14,48%	14,48%	14,48%	14,48%	14,48%	14,48%	14,48%	14,48%	14,48%	14,48%	14,48%
Fasteignaskattur, A-flokkur, íbúðarhúsnæði	0,625%	0,500%	0,600%	0,430%	0,500%	0,500%	0,600%	0,525%	0,625%	0,410%	0,430%	0,44%
B-flokkur, opinberar stofnanir	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
C-flokkur, verslunar- og íbúðarhúsnæði	1,650%	1,500%	1,320%	1,550%	1,320%	1,650%	1,200%	1,650%	1,650%	1,200%	1,650%	1,55%
Lóðaleiga, A-flokkur	2,00%	1,70%	0,50%	2,00%	1,00%	0,70%	0,70%	3,75%	1,00%		1,44%	1,80%
Lóðaleiga, B- og C-flokkur	2,00%	2,00%	0,50%	2,00%	2,00%	4,00%	0,70%	3,75%	1,00%		2,50%	2,50%
Holræsagjald	0,30%	0,19%	0,27%	0,275%	0,30%	0,10%	0,25%	0,33%	0,12%	0,10%	0,20%	0,16%
Holræsagjald B- og C-flokkur						0,35%					0,26%	0,20%
Vatnsgjald	0,32%	0,32%	0,27%	0,30%	0,40%		0,40%	0,40%	0,20%	7.275 ²⁾	OR	0,33%
Vatnsgjald B	0,45%		0,15%					0,50%		14.550 ²⁾	OR	0,45%
Sorphreinsigjald	18.500	27.700	16.700	17.000	16.170	18.500	17.550	15.000 ¹⁾	33.486		39.800	15.400
Sorpeyðingargjald	13.900		17.600	17.000	18.480	17.300	15.843	23.000 ¹⁾				13.300

Heimild: Vefsíður viðkomandi sveitarfélaga

Tafla 18 sýnir álagningarprósentu útsvars, fasteignaskatts, holræsagjalds, vatnsgjalds, sorphreinsigjalds og sorpeyðingargjalds og lóðarleigu hjá 11 samanburðar sveitarfélögunum vegna ársins 2012. Einnig hafa verið teknar saman upplýsingar í töflunni um Snæfellsbæ.

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Það er dregið af launum launþega ásamt tekjuskatti ríkisins. Útsvarsprósenta getur verið mismunandi frá einu sveitarfélagi til annars. Samkvæmt tekjustofnalögum getur útsvarsprósenta hæst verið 14,48% en lægst 12,44%. Eins og taflan sýnir eru öll sveitarfélögin í þessum samanburði með útsvarsprósenta í hámarki árið 2012.

Fasteignaskattur, sem lagður er á fasteignamat húsnæðis og lóðar, skiptist í þrennt:

A-skattur er lagður á íbúðarhúsnæði og getur verið allt að 0,5% af fasteignamati.

B-skattur er lagður á ýmsar opinberar byggingar og er 1,32% af fasteignamati.

C-skattur er lagður á atvinnuhúsnæði og annað húsnæði, sem ekki fellur undir A- eða B-skatt, og getur verið allt að 1,32% af fasteignamati.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka álagningu A- og C-skatta um allt að 25%. Hámarksálagning A-skatts er þá 0,625% og C-skatts 1,65% með álagi.

Eins og taflan sýnir eru þrjú sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögunum árið 2012 með lægra álagningarhlutfall í A-flokki en Grundarfjarðarbær. Tvö eru með sama álagningarhlutfall, eða 0,5%. Önnur í þessum samanburði eru með herra álagningarhlutfall en Grundarfjarðarbær. Grundarfjarðarbær nýtti sér hámarks álagninguna sem er 0,5%. Sveitarfélögum er síðan heimilt að hækka álagningu í A-flokki, sbr. hér að framan, um allt að 25% og fara þá með hana í allt að 0,625%. Þannig að þarna er ákveðið svigrúm til hækkunar á fasteignaskatti í A-flokki hjá sveitarfélaginu.

Álagningarprósenta í B-flokki er bundin í lög, 1,32%, og er því sú sama hjá öllum sveitarfélögum. Hér er um að ræða húsnæði í eigu hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga.

Álagning í C-flokki getur verið allt að 1,32%. Hins vegar er sveitarfélögum heimilt að leggja allt að 25% álag á þennan tekjustofn og fara með hann í allt að 1,65%. Af þessum 11 sveitarfélögum hafa sjö nýtt sér heimild til að leggja á slíkt álag. Þar af hafa fimm nýtt sér heimildina til fulls, þ.e. eru með álagninguna 1,65%. Grundarfjarðarbær er eitt af þeim.

Gera verður nokkurn greinarmun á framangreindum sköttum annars vegar og holræsagjaldi, vatnsgjaldi, sorphreinsgjaldi og sorpeyðingargjaldi hins vegar. Annars vegar er um skatt að ræða og hins vegar gjöld. Gjöldin eru lögð á samkvæmt ákveðinni samþykkt þar um og eru eingöngu ætluð til að standa undir kostnaði við rekstur holræsa og vatnsveitu, við sorphreinsun og sorplosun.

Grundarfjarðarbær er með holræsagjald tvískipt, annars vegar fyrir íbúðarhúsnæði og hins vegar fyrir atvinnuhúsnæði. Holræsagjaldið fyrir íbúðarhúsnæði er 0,10% og er það lægst í þessum samanburði. Hins vegar er álagningin á atvinnuhúsnæði 0,35% og er hæst í samanburðinum.

Grundarfjarðarbær á ekki og rekur ekki vatnsveituna. Hún hefur verið seld Orkuveitu Reykjavíkur. Því hefur sveitarfélagið ekki tekjur af vatnsveitunni.

Tvö sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögum eru með hærri gjöld vegna sorphirðu og sorpeyðingar en Grundarfjarðarbær en samtals eru gjöldin hjá sveitarfélaginu 35.800 kr. Hæst eru gjöldin samtals í þessum samanburði hjá Stykkishólmsbæ, þar sem þau eru 39.800 kr. Á árinu 2011 voru þessi gjöld samanlögð hæst á landinu öllu hjá Ísafjardarbæ þar sem þau voru 43.659 kr.

Varðandi lóðarleigu var eitt sveitarfélag af samanburðar sveitarfélögum með lægri lóðarleigu vegna íbúðalóða en Grundarfjörður, þar sem leigan er 0,70%. Hæst er hún í þessum samanburði 3,75% hjá Vesturbyggð. Lóðarleiga á atvinnuhúsnæði í þessum samanburði er hæst hjá Grundarfjardarbæ, eða 4%.

Tafla 19: Álagningarstofn fasteignaskatts

	Álagningar- stofn 2012	Álagningar- stofn 2013	Álagning 2013 eins og 2012	Álagning 2013 með álagi	Álagning 2013 eins og 2012	Álagning 2013 með álagi	Mismunur á óbreyttri álagningu og álagningu með álagi
O-flokkur	206.987	218.448					
A-flokkur	6.297.071	6.324.172	0,500%	0,625%	31.621	39.526	7.905
B-flokkur	545.420	570.775	1,32%	1,32%	7.534	7.534	0
C-flokkur	1.450.965	1.529.424	1,65%	1,65%	25.235	25.235	0
Samtals	8.500.443	8.642.819			64.391	72.296	7.905
Lækkanir og niðurfellingar							
Fasteignaskattur samtals					64.391	72.296	7.905

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 19 sýnir álagningarstofn fasteigna 2012 og 2013 og álagningu 2013 miðað við óbreytta álagningu frá árinu 2012 og mögulega hækkun tekna ef 25% álag ofan á

fasteignaskatt í A-flokki verð nýtt árið 2013.

Ef 25% álag á hámarksálagningu A-flokks verður nýtt á árinu 2013 gæfi það 7,9 millj. kr. í auknar tekjur. Um er að ræða hámarksálag, þannig að heimilt er að vera með lægra álag. Árið 2011 voru 18 sveitarfélög með fasteignaskatt í A-flokki í hámarki. Auk þess voru 13 sveitarfélög með álag ofan á hámarks álagningu. Þar af voru sjö sveitarfélög með 25% álag, eða álagninguna í 0,625%.

Sveitarfélagið hefur nýtt sér að fullu heimild til að leggja álag á hámarks fasteignaskatt í C-flokki, eða hámark með 25% álagi.

Á síðustu árum hefur nokkuð færst í aukana að sveitarfélög hafa nýtt sér heimild til að leggja álag á fasteignaskatt. Leggja ber áherslu á að hér getur ekki verið um að ræða nema tímabundna aðgerð.

Tafla 20: Lóðamat árið 2012 og 2013 hjá Grundarfjarðarbæ og möguleg hækkun á lóðarleigu árið 2012

	Lóðamat	Lóðamat	lóðarleiga, óbreytt	Hækkun lóðarleigu	Mismunur		
	2012	2013	2013	2013			
Íbúðarlóðir	722.517	833.491	0,7%	5.834	1,5%	12.502	6.668
Atvinnulóðir	299.242	334.033	4,0%	13.361	4,0%	13.361	0
Samtals	1.021.759	1.167.524		19.196		25.864	6.668

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 20 sýnir lóðamat hjá sveitarfélaginu árið 2012 og 2013 og mögulega tekjuaukningu við hækkun á lóðarleigu.

Eina og taflan sýnir myndu tekjur sveitarfélagsins aukast um 6,7 millj. kr. ef lóðarleiga á íbúðarhúsnæði væri hækkuð í 1,5%.

LAUNAÚTGJÖLD

Launaútgjöld sveitarfélaga er nokkuð stór þáttur í rekstri þeirra. Heildarlaunaútgjöld allra sveitarfélaga, sem hlutfall af tekjum þeirra samtals á árinu 2009, voru 51,9%. Hlutfallið hækkaði á árinu 2010 og var þá 53%.

Tafla 21: Launaútgjöld, A-hluti, sem hlutfall af tekjum hjá 11 samanburðar sveitarfélögum árin 2002 til 2011 með íbúa frá 677 til 1.108 í janúar 2012. Að auki vegna Snæfellsbæjar

	Íbúafjöldi										
	2012	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Seyðisfjarðarkaupstaður	677	50,0%	51,3%	59,4%	62,7%	60,2%	54,6%	58,6%	58,7%	59,5%	58,0%
Dalabyggð	686	42,1%	45,7%	45,3%	43,2%	36,0%	38,9%	41,7%	50,7%	53,8%	47,2%
Hrunamannahreppur	774	50,8%	54,4%	56,2%	55,2%	53,0%	49,3%	48,4%	51,2%	52,4%	51,9%
Blönduóssbær	871	45,6%	40,5%	44,4%	42,9%	46,0%	48,2%	45,6%	47,9%	50,5%	49,6%
Bolungarvíkurkaupstaður	889	59,5%	63,3%	59,9%	70,0%	59,0%	60,9%	56,6%	49,5%	54,7%	50,6%
Grundarfjarðarbær	899	55,8%	62,3%	58,0%	52,9%	59,6%	53,6%	53,8%	53,5%	54,7%	50,9%
Bláskógabyggð	906	48,6%	49,1%	50,3%	52,8%	51,2%	50,2%	45,8%	46,3%	48,8%	45,2%
Vesturbyggð	910	55,4%	54,5%	54,3%	50,7%	45,2%	42,7%	41,1%	47,6%	55,9%	57,4%
Þingeyjarsveit	915	44,2%	47,3%	46,8%	51,2%	47,8%	44,1%	48,6%	50,3%	47,5%	44,8%
Eyjafjarðarsveit	1.031	50,8%	51,8%	48,7%	46,8%	48,9%	45,0%	48,8%	46,6%	46,1%	47,5%
Stykkishólmsbær	1.108	56,2%	62,8%	51,5%	53,3%	58,6%	60,2%	62,0%	61,9%	64,3%	58,7%
Samtals 11 sveitarfélög		51,2%	53,0%	52,1%	52,8%	51,3%	49,8%	49,9%	51,2%	53,4%	51,1%
Snæfellsbær	1.737	53,3%	56,3%	51,8%	49,3%	53,1%	46,0%	43,8%	51,6%	50,5%	46,3%
Samtals öll sveitarfélög		58,6%	56,9%	56,3%	55,5%	55,5%	46,7%	50,8%	51,9%	53,0%	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningar sveitarfélaganna fyrir árið 2011

Tafla 21 sýnir launaútgjöld sem hlutfall af tekjum hjá 11 samanburðar sveitarfélögum, A-hluti. Fimm stærri og fimm minni en Grundarfjarðarbær hvað íbúafjöldi varðar. Neðst í töflunni er sýnt meðaltal þessara sveitarfélaga og fyrir öll sveitarfélög í landinu. Auk þess hlutfallið hjá Snæfellsbæ.

Eins og taflan sýnir er hlutfallið hátt hjá Grundarfjarðarbæ í þessum samanburði. Það er öll árin nema tvö yfir meðaltalinu fyrir allt landið, þ.e. árin 2002 og 2005. Öll árin er hlutfallið hærra hjá Grundarfjarðarbæ en meðaltalið fyrir þessi 11 sveitarfélög nema árið 2011.

Á árunum 2002 til 2004 eru tvö sveitarfélög með hærra hlutfall. Árið 2005 voru þau fjögur. Árið 2006 var eitt sveitarfélag með hærra hlutfall. Síðan árin 2007 og 2008 voru þrjú sveitarfélög í þessum samanburði með hærri hlutföll. Árið 2009 voru sveitarfélögin tvö, árið 2010 þrjú og svo árið 2011 fjögur. Nokkur lækkun varð á hlutfallinu á árinu 2011 frá árunum á undan. Það sama er að gerast hjá hinum sveitarfélögum, sem skýrist að hluta til vegna yfirtöku á málefnum fatlaðra. Árið 2011 var hlutfallið komið niður í 50,9% hjá Grundarfjarðarbæ. Er það undir meðaltali þessara 11 sveitarfélaga það ár.

Er það í eina skiptið á þessu tímabili sem hlutfallið hjá Grundarfjarðarbæ er undir meðaltali samanburðar sveitarfélaganna.

Gerður er fyrirvari varðandi þennan samanburð því rekstur sveitarfélaga getur verið mismunandi, t.d. ef leikskólar eru í einkaframkvæmd eru laun vegna þeirra ekki talin með o.s.frv. Engu að síður gefur þessi samanburður ákveðna vísbendingu og tilefni til að leitað verði skýringar á því af hverju þetta hlutfall er hátt hjá Grundarfjarðarbæ í þessum samanburði.

Tafla 22: Launaútgjöld á hvern íbúa í 11 samanburðar sveitarfélögum og samtals í öllum sveitarfélögum árið 2010 í þús. kr.

	Seyðis- fjarðar- kaup- staður	Dala- byggð	Hruna- manna- hreppur	Blöndu- óssbær	Bolungar- víkur- kaup- staður	Grundar- fjarðar- bær	Blá- skóga- byggð	Vestur- byggð	Þing- eyjar- sveit	Eyja- fjarðar- sveit	Stykkis- hólms- bær	Ellefu sveitar- félög samts	Öll Sveitar- félög
Íbúafjöldi 1. desember 2010	669	687	793	900	887	903	942	891	946	1.029	1.103	9.750	318.236
Laun og launatengd gjöld, A-hluti	448	378	356	321	316	335	337	397	329	294	400	353	289
Laun og launatengd gjöld, A- og B-hluti	483	506	376	333	354	349	353	409	333	294	409	376	329

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 22 sýnir launaútgjöld samanburðar sveitarfélaganna á hvern íbúa á árinu 2010 hjá A-hluta og A- og B-hluta samtals í þús. kr.

Eins og taflan sýnir eru sex sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögum með hærri launakostnað á hvern íbúa árið 2010 en Grundarfjarðarbær. Launakostnaður á íbúa, A-hluta, var lægstur hjá Eyjafjarðarsveit í þessum samanburði, eða 294 þús. kr. Til samanburðar var launakostnaðurinn hjá Grundarfjarðarbæ 335 þús. kr., eða 41 þús. kr. hærri á hvern íbúa. Hæstur var launakostnaðurinn hjá Seyðisfjarðarkaupstað, eða 448 þús. kr. á hvern íbúa, sem er 113 þús. kr. herra en hjá Grundarfjarðarbæ.

Sjö af samanburðar sveitarfélögum eru með hærri launakostnað á hvern íbúa en Grundarfjarðarbær þegar A- og B-hluti eru teknir saman.

Eins og fram kemur á töflunni var launakostnaður á hvern íbúa í Grundarfjarðarbæ undir meðaltali þessara 11 sveitarfélaga bæði fyrir A-hluta og A- og B-hluta samtals. Aftur á móti var launakostnaðurinn yfir meðaltalinu fyrir öll sveitarfélög í landinu.

Tafla 22 vekur upp ýmsar spurningar þegar hún er skoðuð í samanburði við töflu 21, þ.e. launaútgjöld sem hlutfall af tekjum í A-hluta. Eins og tafla 21 sýnir eru launaútgjöld sem hlutfall af tekjum hjá Grundarfjarðarbæ nokkuð há miðað við samanburðar sveitarfélögin. Árið 2010 voru einungis tvö sveitarfélög í þessum samanburði með herra hlutfall launa af tekjum í A-hluta en Grundarfjarðarbær. Jafnframt var hlutfallið yfir meðaltals hlutfallinu fyrir þessi sveitarfélög.

Önnur mynd kemur fram þegar launaútgjöld á hvern íbúa hjá þessum sveitarfélögum eru skoðuð, sbr. tafla 22. Þá eru einungis fjögur sveitarfélög, A-hluti, með lægri launaútgjöld af samanburðar sveitarfélögum en Grundarfjarðarbær og þrjú þegar A- og B-hluti eru teknir saman. Einnig er Grundarfjarðarbær undir meðaltali launaútgjalda þessara sveitarfélaga á hvern íbúa.

Af þessu má ætla að skýringa á háu hlutfalli launa af tekjum Grundarfjarðarbæjar í þessum samanburði sé ekki að leita í háum launaútgjöldum heldur í lágum tekjum hjá sveitarfélaginu.

Eins og tafla 16 sýnir voru einungis þrjú sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögum með hærri útsvarstekjur á hvern íbúa en Grundarfjarðarbær. Sömuleiðis voru tvö sveitarfélög með hærri aðrar tekjur með skattgildi á hvern íbúa en Grundarfjarðarbær. Þannig að þar er ekki skýringuna að finna hvað þessa tvo tekjuliði varðar.

Aftur á móti snýst dæmið nokkuð við þegar fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði á hvern íbúa eru skoðuð. Þegar fasteignaskatturinn er skoðaður eru fjögur sveitarfélög með lægri fasteignaskatt á hvern íbúa en Grundarfjarðarbær, sem m.a. skýrist af því að sveitarfélagið nýtir sér ekki heimild til að leggja álag ofan á hámarks fasteignaskatt í A-flokki. Þessu getur bæjarstjórn tekið á.

Hins vegar vekur athygli að einungis þrjú af samanburðar sveitarfélögum eru með lægri framlög úr Jöfnunarsjóði á hvern íbúa en Grundarfjarðarbær. Þetta skýrir að hluta af hverju launaútgjöld eru svo hátt hlutfall af tekjum hjá Grundarfjarðarbæ miðað við samanburðar sveitarfélögin.

Það vekur athygli að sveitarfélögin Seyðisfjarðarkaupstaður, Blönduóssbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Grundarfjarðarbær og Stykkishólmsbær eru með lág framlög á hvern íbúa frá Jöfnunarsjóði miðað við önnur sveitarfélög í samanburðinum. Þau eiga annað sammerkt, að land þessara sveitarfélaga í km² er lítið miðað við hin sveitarfélögin.

Tafla 23: Launaútgjöld hjá Grundarfjarðarbæ 2011 í þús. króna

	A-hluti	B-hluti	A- og B-hluti	Hlutfall af föstumlaunum
Föstlaun, dagvinna og launauppbót	200.628.172	7.708.323	208.336.495	15,6%
Yfirvinna og orlof á yfirvinnu	25.542.815	2.411.767	27.954.582	
Álag (33%,45%,55%)	4.592.258	0	4.592.258	
Nefndir	8.703.491	244.900	8.948.391	
Önnur laun	6.002.759		6.002.759	
Bifreiðastyrkur	5.575.459		5.575.459	
Annað	894.449		894.449	
Launatengd gjöld	62.255.502	2.790.031	65.045.533	
Samtals	314.194.905	13.155.021	327.349.926	

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 23 sýnir skiptingu launaútgjalda samtals hjá Grundarfjarðarbæ á árinu 2011, vegna A-hluta, B-hluta og A- og B-hluta samtals.

Nokkuð er um yfirtíð hjá sumum stofnunum sveitarfélagsins. Samtals voru launaútgjöld vegna yfirvinnu á árinu 2011 28 millj. kr., eða 13,5% af föstum launum. Að auki voru álagsgreiðslur samtals 4,6 millj. kr., eða samtals yfirtíð og álagsgreiðslur 32,5 millj. kr., eða 15,6% af föstum launum. Að auki eru launatengd gjöld vegna þessa. Til mikils er að vinna að ná þessum kostnaði niður.

Sumir starfsmenn eru með fasta yfirtíð en hafa einnig fengið greitt fyrir unna yfirtíð aukalega. Síðan eru aðrir starfsmenn sem hafa eingöngu fengið greidda yfirtíð ef hún er unnin.

Nokkuð er um að sum sveitarfélög hafa sett nánast yfirvinnubann. Hjá sumum sveitarfélögum hefur það viðgengist um skeið, en önnur hafa gripið til þessa úrræðis nú m.a. til að láta enda ná saman. Hjá þessum sömu sveitarfélögum hafa fastlaunasamningar og samningar um fasta yfirtíð verið endurskoðaðir.

Skýrsluhöfundur er ekki sammála því hvernig grein 2.6.9. í kjarasamningi starfsmannafélaga við sveitarfélögin hefur verið túlkuð af sveitarfélögum, þ.m.t. hjá Grundarfjarðarbæ en þar segir eftirfarandi:

„Starfsfólk í vaktavinnu hefur ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Starfsmönnum er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni, ef því verður við komið starfsins vegna. Vegna takmörkunar þeirrar sem að ofan geinir á matar- og kaffitímum skal telja hverja vakt sem unnin er til uppfyllingar vikulegri vinnuskyldu 25 mínútum lengri en raunverulegri viðveru nam óháð lengd vaktar. Mælist vinnutími þannig lengri en umsamin vinnuskylda skal það sem umfram er greiddast sem yfirvinna.“

Þetta ákvæði greinarinnar hefur verið túlkað þannig að greiða skuli 25 mínútur aukalega fyrir hverja vakt sem unnin er, þ.e. fyrir hvern unninn dag. Starfshlutfallið skiptir hér ekki máli.

Skýrsluhöfundur leggur annan skilning í túlkun þessarar greinar. Ef raunveruleg

viðvera á hverri vakt er 25 mínútum skemmri en umsamin vinnuskylda óháð lengd vaktar kemur ekki til þessarar greiðslu.

Þetta er í samræmi við túlkun lögfræðings hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga en hann hefur svarað fyrirspurn um þetta ákvæði þannig: „25 mínúturnar eru ekki greiddar ef vaktin er skipulögð 25 mínútum styttri en „full“ vakt og ekki ef menn fá matarhlé, þ.e. ef starfið er skipulagt með þeim hætti að gert sé ráð fyrir matarhlé.“

Nokkur kostnaður hefur stafað af því hvernig þetta ákvæði hefur verið túlkað.

Einnig er ákvæði í kjarasamningi grein 2.6.10. sem hafa ber í huga þegar ákvörðun um yfirvinnu er tekin hjá vaktavinnufólki, en þar segir eftirfarandi:

„Vinni vaktavinnumenn yfirvinnu eða aukavakt, skal til viðbótar unnum tíma greiða 12 mínútur í yfirvinnu fyrir hvern fullan unninn klukkutíma, nema starfsmaðurinn taki matar- eða kaffitíma á vaktinni. Skulu þá þeir matar- og kaffitímar teljast til vinnutímans allt að 12 mínútur fyrir hvern fullan unninn klukkutíma. Við uppgjör á yfirvinnu skal leggja saman alla aukatíma uppgjörstímabilsins, t.d. mánaðar, og reikna síðan 12 mín. á þá heilu tíma sem þá koma út.“

Túlkun þessa ákvæðis er að fyrir hverja unna klukkustund í yfirvinnu skuli greiða aukalega 12 mínútur eða starfsmaðurinn taki sér kaffi- eða matarhlé í 12 mínútur á hverri klukkustund sem unnin er. Skv. þessari grein skal starfsmaður fá greidda eina klukkustund aukalega fyrir hverjar fimm klukkustundir sem unnar eru í yfirtíð eða samtals sex klukkustundir. Ljóst er að grein þessi er sveitarfélögum nokkuð kostnaðarsöm miðað við mikla yfirvinnu vaktavinnufólks. Fyrir hverjar 10 klukkustundir, sem vaktavinnufólk vinnur í yfirtíð, eru greiddar 12 klukkustundir, eða tvær aukalega, skv. þessari grein.

Í viðræðum við forstöðumenn og launafulltrúa kom fram að launakeyrlur eru ekki yfirfarnar sérstaklega af öðrum en launafulltrúum áður en laun eru greidd út. Eins og hér hefur komið fram voru laun 50,9% af tekjum sveitarfélagsins á s.l. ári. Mikilvægt verður að telja að forstöðumenn fari yfir launakeyrlur áður en laun eru greidd út til að fyrirbyggja að mistök geti átt sér stað og einnig að þeir séu meðvitaðir um laun starfsmanna sinna

Rétt er að fram komi að algengt virðist vera hjá sveitarfélögum að launakeyrlur séu ekki yfirfarnar af öðrum en launafulltrúa áður en þau eru greidd.

STÖÐUGILDI

Miðað við 1. apríl 2011 voru samtals 53,8 stöðugildi hjá Grundarfjarðarbæ.

Tafla 24: Fjöldi stöðugilda hjá samanburðar sveitarfélögunum og Snæfellsbæ 1. apríl 2011

	Íbúafjöldi 1. janúar 2012	Fjöldi stöðugilda 1. apríl 2011	Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi
Seyðisfjarðarkaupstaður	677	48,7	13,9
Dalabyggð	686	57,5	11,9
Hrunamannahreppur	774	57,4	13,5
Blönduóssbær	871	59,0	14,8
Bolungarvíkurkaupstaður	889	54,6	16,3
Grundarfjarðarbær	899	53,8	16,7
Bláskógabyggð	906	56,5	16,0
Vesturbyggð	910	59,5	15,3
Pingeyjarsveit	915	56,1	16,3
Eyjafjarðarsveit	1.031	58,5	17,6
Stykkishólmsbær	1.108	98,0	11,3
Samtals	9.666	660	14,7
Snæfellsbær	1.737	143	12,1

Heimild: Hagstofan og árbók sveitarfélaga 2011

Tafla 24 sýnir fjölda stöðugilda 1. apríl 2011 hjá samanburðar sveitarfélögunum og að auki vegna Snæfellsbæjar. Þar sem íbúafjöldi sveitarfélaganna er nokkuð mismunandi er ekki rétt að horfa einungis á fjölda stöðugilda. Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi gefur ákveðna vísbendingu. Hins vegar ber að hafa í huga að rekstur sveitarfélaga getur verið mismunandi, ef t.d. leikskólar eru reknir í einkaframkvæmd teljast stöðugildi þar ekki með, sum sveitarfélög reka dvalar- og hjúkrunarheimili, starfsmenn þeirra teljast með starfsmönnum viðkomandi sveitarfélags o.s.frv. Hafa ber þetta í huga við þennan samanburð.

Fjöldi íbúa miðast við 1. janúar 2012. Þegar fjöldi íbúa á hvert stöðugildi er skoðaður í þessum samanburði er einungis eitt sveitarfélag með fleiri íbúa á hvert stöðugildi en Grundarfjarðarbær. Önnur sveitarfélög í samanburðinum eru með færri íbúa á hvert stöðugildi.

Að meðaltali fyrir þessi sveitarfélög eru 14,7 íbúar á hvert stöðugildi. Til samanburðar eru 16,7 íbúar á hvert stöðugildi hjá Grundarfjarðarbæ, eða tveimur fleiri.

Af þessum samanburði má ljóst vera að Grundarfjarðarbær kemur vel út ef markmiðið er að hafa fleiri en færri íbúa á hvert stöðugildi. Enn og aftur setur þetta spurningamerki við skýringuna á því af hverju launaútgjöld eru svona hátt hlutfall af tekjum hjá Grundarfjarðarbæ miðað við samanburðar sveitarfélögin.

ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

Eins og fram kemur hér að framan fór 54,7% af tekjum Grundarfjarðarbæjar í launaútgjöld á árinu 2010 og 50,9% árið 2011. Þannig að eftir stóðu 45,3% fyrir öðrum rekstrarútgjöldum, afborgun lána og nýframkvæmdum árið 2010 og 49,1% árið 2011.

Tafla 25: Annar rekstrarkostnaður, A-hluti, sem hlutfall af tekjum hjá samanburðar sveitarfélögunum 2002 til 2011 og að auki vegna Snæfellsbæjar

	Íbúafjöldi										
	2012	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Seyðisfjarðarkaupstaður	677	47,4%	47,8%	45,8%	43,8%	40,2%	39,6%	40,2%	43,4%	43,2%	39,0%
Dalabyggð	686	56,9%	40,8%	47,6%	48,8%	37,7%	48,1%	49,5%	41,3%	42,9%	39,9%
Hrunamannahreppur	774	40,5%	41,5%	43,0%	36,8%	39,9%	40,8%	42,8%	40,9%	43,7%	44,0%
Blönduóssbær	871	53,0%	50,1%	59,4%	62,0%	51,5%	45,6%	50,4%	45,9%	48,0%	41,6%
Bolungarvíkurkaupstaður	889	54,5%	38,9%	42,5%	38,0%	36,9%	50,9%	47,9%	27,6%	38,2%	39,6%
Grundarfjarðarbær	899	34,4%	35,6%	32,0%	34,3%	41,3%	33,7%	37,7%	36,1%	38,6%	37,3%
Bláskógabyggð	906	49,0%	48,4%	52,2%	45,4%	41,5%	40,9%	44,5%	44,9%	48,0%	47,6%
Vesturbyggð	910	37,4%	38,4%	41,1%	39,4%	38,8%	36,9%	59,6%	48,7%	42,4%	39,3%
Þingeyjarsveit	915	55,2%	57,4%	54,5%	51,8%	47,8%	46,2%	52,9%	53,2%	52,4%	49,7%
Eyjafjarðarsveit	1.031	42,0%	45,6%	39,5%	37,6%	44,2%	42,3%	44,9%	38,8%	43,0%	40,6%
Stykkishólmsbær	1.108	40,3%	36,8%	46,4%	45,0%	29,3%	26,3%	28,3%	27,6%	30,4%	30,6%
Samtals 11 sveitarfélög		46,0%	43,9%	46,0%	43,9%	40,6%	40,6%	45,6%	40,8%	42,8%	40,9%
Snæfellsbær	1.737	41,7%	33,4%	33,6%	33,6%	33,7%	33,0%	29,0%	37,7%	36,9%	33,8%
Samtals öll sveitarfélög		42,5%	43,3%	41,4%	38,3%	37,6%	37,8%	45,4%	41,9%	40,3%	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur sveitarfélaganna vegna 2011

Tafla 25 sýnir annan rekstrarkostnað sem hlutfall af tekjum samanburðar sveitarfélaganna, A-hluti, meðaltalið fyrir þessi sveitarfélög og öll sveitarfélög á landinu. Einnig er þetta hlutfall sýnt fyrir Snæfellsbæ. Annar rekstrarkostnaður er án launa, afskrifta og fjármagnsgjalda.

Eins og taflan sýnir kemur Grundarfjarðarbær vel út í þessum samanburði miðað við að hlutfallið sé lágt.

Á árunum 2002 til og með 2005 var þetta hlutfall lægst hjá Grundarfjarðarbæ í þessum samanburði. Árið 2006 sker sig nokkuð úr en þá voru fimm sveitarfélög með lægra hlutfall en Grundarfjarðarbær í þessum samanburði. Einnig var hlutfallið hærra hjá Grundarfjarðarbær en meðaltal þessara sveitarfélaga og meðaltalið fyrir öll sveitarfélög. Hins vegar er hlutfallið öll hin árin hjá Grundarfjarðarbæ undir meðaltali þessara sveitarfélaga og fyrir öll sveitarfélög á landinu.

Árið 2007 og 2008 var eitt sveitarfélag með lægra hlutfall hvort ár. Síðan árin 2009 og 2010 voru tvö sveitarfélög með lægra hlutfall. Árið 2011 var eitt sveitarfélag af samanburðar sveitarfélögunum með lægra hlutfall en Grundarfjarðarbær.

Hafa ber í huga að sveitarfélagið kemur vel út í þessum samanburði þrátt fyrir að t.d. framlög úr Jöfnunarsjóð á hvern íbúa hjá Grundarfjarðarbæ eru lág í samanburði við hin samanburðar sveitarfélögin.

Undir þennan rekstrarlið, þ.e. annan rekstrarkostnað, falla ýmis vöru- og þjónustukaup. Mikilvægt er að kannað verði hvort hægt sé að ná þessum kostnaði niður með útboði á vörukaupum, tryggingum o.s.frv. Gera má ráð fyrir að ná megi niður kostnaði ef slík útboð fara fram reglulega.

JÖFNUNARSJÓÐUR

Hér að framan hefur komið fram að launaútgjöld á hvern íbúa í Grundarfjarðarbæ eru undir meðaltali samanburðar sveitarfélaganna. Einnig hefur komið fram að einungis eitt af samanburðar sveitarfélögunum er með fleiri íbúa á bak við hvert stöðugildi í sveitarfélaginu en Grundarfjarðarbær.

Þrátt fyrir þetta voru einungis þrjú sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögum með hlutfall launaútgjalda af tekjum hærra en hjá Grundarfjarðarbæ á árinu 2010. Árið 2009 voru þau tvö. Árið 2010 var þetta hlutfall hjá Grundarfjarðarbæ hærra en meðaltal samanburðar sveitarfélaganna og meðaltal fyrir allt landið.

Þannig má ætla að skýringa á því að launaútgjöld, sem hlutfall af tekjum, er svona hátt í þessum samanburði sé frekar að leita í tekjum sveitarfélagsins en í launaútgjöldum þó þar megi gera betur.

Eins og fram kemur í töflu 15 hér að framan eru skatttekjur á hvern íbúa í Grundarfjarðarbæ árið 2010 lágar miðað við samanburðar sveitarfélögin. Það ár voru einungis tvö sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögum með lægri skatttekjur á hvern íbúa, sem skýrir að hluta til a.m.k. hátt hlutfall launaútgjalda af tekjum hjá Grundarfjarðarbæ miðað við þau.

Þegar tafla 16 er skoðuð, sem sýnir skatttekjur á hvern íbúa í samanburðar sveitarfélögum árið 2010, er ljóst að bæði útsvarstekjur og aðrar tekjur með skattaígildi eru háar á hvern íbúa miðað við samanburðar sveitarfélögin. Einungis þrjú þeirra eru með hærri útsvarstekjur á hvern íbúa en Grundarfjarðarbær. Tvö sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögum eru með hærri aðrar tekjur með skattaígildi en Grundarfjarðarbær.

Hins vegar eru fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði á hvern íbúa lág í þessum samanburði hjá Grundarfjarðarbæ. Varðandi fasteignaskattinn þá skýrist það að hluta til af því að einungis þrjú sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögum voru með lægri fasteignaskatt í A-flokki en Grundarfjarðarbær árið 2010. Að einhverju leyti skýrist þetta væntanlega einnig af fasteignamatinu í þessum sveitarfélögum.

Varðandi framlög úr Jöfnunarsjóði voru einungis þrjú af samanburðar sveitarfélögum árið 2010 með lægra framlag á hvern íbúa en Grundarfjarðarbær. Af þessu má ætla að skýringin á háu hlutfalli launaútgjalda af tekjum Grundarfjarðarbæjar miðað við samanburðar sveitarfélögin sé að hluta til vegna lágra framlaga úr Jöfnunarsjóði miðað við þau.

Þetta gefur tilefni til að framlög úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélagsins verði skoðuð frekar.

Tafla 26: Framlög Jöfnunarsjóðs til Grundarfjarðarbæjar 2006 til 2011 í þús. kr. á verðlagi hvers árs

Ár	Íbúa- fjöldi 1. janúar	Sam- tals	Vegna breytinga á álagningar- stofni mannvirkja	Vegna húsa- leigu- bóta	Tekju- jöfnunar- framlög	Útgjalda- jöfnunar- framlög	Almenn jöfnunar- framlög	Sérþarfir fatlaðra nemenda	Nýbúa- fræðsla	Auka- framlag	Framlög vegna hækkunar tryggingar- gjalds
2006	975	136.622	16.762	2.148	30.140	35.431	49.033	1.860	1.248		
2007	949	144.588	16.272	2.623	18.411	41.283	47.271	5.880	1.200	11.649	
2008	918	148.217	17.891	3.273	14.963	40.907	44.104	4.320	990	21.769	
2009	925	124.308	15.225	3.877	7.817	35.913	42.536	4.320	880	13.739	
2010	904	112.631	17.128	3.777	4.847	34.467	25.780	4.320	880	16.554	4.879
2011	903	119.986	24.717	3.690		47.335	25.407	3.390	770	14.677	

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, vefsíða

Tafla 26 sýnir framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Grundarfjarðarbæjar árin 2006 til 2011 og íbúafjöldann í sveitarfélaginu fyrir sama tímabil.

Á tímabilinu frá 2006 til 2011 fækkar íbúum um 72, eða um 7,4%. Á sama tíma lækka

framlög úr Jöfnunarsjóði um 16.636 þús. kr. á verðlagi hvors árs, eða um 12,2%. Lækkunin á sér stað á árunum 2009 og 2010. Á milli áruna 2008 og 2010 lækka framlögin úr 148 millj. kr. í 113 millj. kr. á verðlagi hvors árs, eða um 35 millj. kr. Síðan hækka þau um 7 millj. kr. á milli áruna 2010 og 2011.

Eftirfarandi framlög vega þyngst í framlögum Jöfnunarsjóðs: Framlag vegna álagningarstofns mannvirkja, tekjujöfnunarframlag, útgjaldajöfnunarframlag, almennt jöfnunarframlag og aukaframlag.

Framlag vegna álagningarstofns mannvirkja er greitt til sveitarfélaga á grundvelli reglugerðar nr. 80/2001. Framlagið er greitt til að jafna tekjutap einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja. Þannig hefur álagningarprósenta fasteignaskatts í viðkomandi sveitarfélagi áhrif á framlagið. Eftir því sem prósentan er hærri þeim um hærra hlutfall fær viðkomandi sveitarfélag af heildar framlaginu sem ætlað er í þetta verkefni hjá Jöfnunarsjóði. Eins og fram kemur á töflu 26 lækkar framlagið árið 2007 og 2009 frá því sem það var árin á undan. Hin árin hækka framlagið. Mest er hækkanin árið 2011 sem skýrist að mestu vegna þess að á því ári var fasteignaskattur á fasteignir í A-flokki hækkaður úr 0,400% árið 2010 í 0,500% árið 2011.

Tekjujöfnunarframlag er greitt á grundvelli reglugerðar nr. 960/2010 en í 8. gr. A-lið reglugerðarinnar segir:

„Tekjujöfnunarframlögum skv. 12. gr. skal úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Útreiknuð framlög skulu miðast við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra. Framlög skulu greidd sveitarfélögum að $\frac{3}{4}$ hlutum fyrir 1. nóvember ár hvert en endanlegt uppgjör fer fram fyrir árslok á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga, sbr. 1. mgr. 12. gr. Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.”

Síðan segir í 12. gr. reglugerðarinnar eftirfarandi:

„Ráðherra gerir árlega í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga skrá um álagðar skatttekjur sveitarfélaga á yfirstandandi reikningsári ásamt skrá um fullnýtingu tekjustofna, þ.e. útsvars, fasteignaskatts og framleiðslugjalds. Með útsvari er átt við álagt útsvar á yfirstandandi ári á tekjur fyrra árs. Við gerð skrár skv. 1. málsl. skal einnig taka tillit til jöfnunarframlaga sem sveitarfélög fá vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, sbr. reglugerð nr. 80/2001, með síðari breytingum. Á grundvelli skrár um fullnýtingu tekjustofna sveitarfélaga skal reikna út eftirtalin meðaltöl:

- a. á hvern íbúa í Reykjavík,
- b. á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum með 11.000 íbúa og fleiri, öðrum en Reykjavík,
- c. á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum með 300 - 10.999 íbúa,
- d. á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum með færri en 300 íbúa.

Við útreikning meðaltals skv. b-, c- og d-lið skal sleppa tekjum sem einstök sveitarfélög hafa af álagningu fasteignaskatts og framleiðslugjaldi af virkjunum og stórfyrirtækjum, enda hafi þær tekjur veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðkomandi flokks. Jafnframt skal við útreikning meðaltals skv. b-, c- og d-lið sleppa alveg einstaka sveitarfélögum þar sem tekjur eða íbúafjöldi hafa veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðkomandi flokks.

Ef meðaltal á hvern íbúa í sveitarfélagi miðað við fullnýtingu tekjustofna er lægra en 97% af meðaltali á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum í viðkomandi flokki skv. 2. mgr. skal greiða sveitarfélagi tekjujöfnunarframlag sem nemur allt að mismuninum. Heimilt er að miða tekjujöfnunarframlög til sveitarfélaga með færri en 300 íbúa við c-

lið 2. mgr. enda búi a.m.k. 2/3 hlutar íbúa í þéttbýli.

Heimilt er að skerða tekjufjöfnunarframlag til sveitarfélags ef það vanrækir að viðhalda eðlilegu fasteignamati í sveitarfélaginu.“

Eins og fram kemur í töflu 26 hefur tekjufjöfnunarframlagið til Grundarfjarðarbæjar farið lækkandi frá árinu 2006, en þá var það 30,1 millj. kr. Árið 2011 var það 0 kr. Samkvæmt því hefur sveitarfélagið verið með tekjur yfir viðmiðunarmörkunum skv. reglugerðarákvæðinu.

Með hliðsjón af stöðu Grundarfjarðarbæjar er þeirri spurningu varpað hér fram hvort mögulegt sé að of mikil áhersla sé lögð t.d. á jöfnun útsvarstekna við útreikninga á Jöfnunarsjóðsframlögum frekar en skatttekna samtals. Svo virðist sem ekki sé horft til skatttekna samtals á hvern íbúa, þ.m.t. framlög úr Jöfnunarsjóði. Eðlilegt verður að teljast að ef ójöfnuður verður í skatttekjum samtals í samanburði við önnur sveitarfélög komi leiðrétting til að lagfæra það.

Grundarfjarðarbær er með háar útsvarstekjur á hvern íbúa en þegar skatttekjur samtals eru skoðaðir eru skatttekjur sveitarfélagsins lágar. Er ekki nauðsynlegt til að gæta jafnaðar, að horft sé líka til skatttekna samtals eins og annarra þátta?

Útgjaldajöfnunar framlag er greitt skv. 13. gr. reglugerðar nr. 960/2010. Eins og tafla 26 sýnir lækkar framlagið til Grundarfjarðarbæjar árin 2008, 2009 og 2010. Síðan hækkar framlagið nokkuð á milli árunna 2010 og 2011.

Tafla 27: Útgjaldajöfnunarframlög til Grundarfjarðarbæjar 2006 til 2011

Ár	Íbúafjöldi 1.desember	Íbúa- tengd framlög	Fjarlægðir innan sveitar- félags	Skólaakstur úr dreifbýli	Fækkun íbúa	Snjó- mokstur í þéttbýli	Samtals útgjalda- jöfnunar- framlög
2006	975	27.692.461	3.578.628	2.734.448		1.425.585	35.431.123
2007	954	32.688.311	4.245.776	2.305.985		2.042.605	41.282.677
2008	918	33.196.080	4.078.027	1.555.936		2.077.259	40.907.303
2009	921	25.682.151	3.426.835	2.057.025	2.964.133	1.776.529	35.906.672
2010	910	26.073.606	3.575.803	2.334.504	670.534	1.812.232	34.466.680
2011	903	39.711.623	3.692.044	1.353.989		2.577.348	47.335.004

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, vefsíða

Tafla 27 sýnir skiptingu á útgjaldaframlögum til Grundarfjarðarbæjar árin 2006 til 2011.

Eins og taflan sýnir lækka íbúatengd framlög árið 2009 um 7,5 millj. kr. frá árinu á undan. Öll hin árin hækkar framlagið frá árinu á undan. Á milli árunna 2010 og 2011 hækkaði íbúatengda framlagið um 13,6 millj. kr.

Framlag vegna fjarlægðar innan sveitarfélagsins lækkar árin 2008 og 2009 frá árinu á undan en hækkar öll hin árin. Framlag vegna skólaaksturs úr dreifbýli lækkar 2007, 2008 og 2011 frá árinu á undan en hækkar hin árin. Framlag vegna fækkunar íbúa er einungis vegna árunna 2009 og 2010 þrátt fyrir að íbúum fækki öll árin nema árið 2009. Á tímabilinu fækkar íbúum um 72. Framlag vegna snjómoksturs hækkar á milli ára nema árið 2009, en þá lækkaði það frá árinu á undan.

Almenn jöfnunarframlög eru greidd á grundvelli reglugerðar nr. 351/2002. Í 3. gr. reglugerðarinnar segir m.a.: „Við útreikning framlaga samkvæmt þessari grein skal finna útgjaldaþörf hvers sveitarfélags vegna launakostnaðar af kennslu í grunnskólum og annars kostnaðar sem tengdur er flutningi alls rekstrar grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga.“

Frá árinu 2005 til 2011 fækkar nemendum í Grunnskóla Grundarfjarðar, sbr. hér síðar, um 92 nemendur. Á sama tíma fækkar íbúum í sveitarfélaginu um 35. Þannig hefur þessi þróun virkað mjög neikvæð vegna útreikninga á almennu jöfnunarframlagi.

Frá árinu 2006 hafa almennu jöfnunarframlögin til Grundarfjarðarbæjar lækkað á milli ára. Árið 2006 var framlagið 49.033 þús. kr. en var komið niður í 25.407 þús. kr. árið 2011, hafði lækkað um 23.626 þús. kr., eða um 48%.

Tafla 28: Framlög úr Jöfnunarsjóði til samanburðar sveitarfélaganna árið 2011

	Íbúafjöldi 1. janúar 2012	Vegna sameininga	Vegna fjárhags- erfiðleika	Vegna breytinga á álagningar- stofni mannvirkja	Vegna húsa- leigubóta	Vegna sérstakra húsa- leigu- bóta	Tekju- jöfnunar- framlög	Útgjalda- jöfnunar- framlög	Almenn jöfnunar- framlög	Sérþarfir fatlaðra nemenda	Nýbúa- fræðsla	Auka- framlag	Vegna reglna til eflingar tónlistar- námi	Samtals
Seyðisfjardarkaupstaður	677		1.800	37.699	3.643			24.582	9.326	3.390	330	4.744	293	85.807
Dalabyggð	686			27.861	2.217		33.676	83.390	47.598	1.130	110	430		196.412
Hrunamannahreppur	774			21.652	3.188		41.497	52.748	57.403	4.520	550	5		181.563
Blönduóssbær	871			33.315	5.884		7.850	57.777	40.026	3.390	1.100	2.723		152.065
Bolungarvíkurkaupstaður	889			30.840	3.442	204	7.470	45.597	17.740	5.590	1.100	4.924		116.906
Grundarfjarðarbær	899			24.717	3.690			47.335	25.407	3.390	770	14.677		119.986
Bláskógabyggð	906			32.376	4.360			22.732	65.188			136		124.792
Vesturbyggð	910		1.648	50.534	3.547			84.301	40.694	4.520	550	8.369	119	194.283
Þingeyjarsveit	915	4.200		37.984	4.394		42.613	90.126	72.835	1.130	220		797	254.300
Eyjafjarðarsveit	1.031			15.281	3.004		66.138	81.249	75.233	4.460	220		2.053	247.637
Stykkishólmsbær	1.108			30.549	4.234			53.196	27.370	5.650	770	11.851	2.781	136.401

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Tafla 28 sýnir framlög úr Jöfnunarsjóði til samanburðar sveitarfélaganna árið 2011 í þús. kr. Eins og taflan sýnir voru tvö þeirra með lægri framlög en Grundarfjarðarbær, þ.e. Seyðisfjardarkaupstaður og Bolungarvíkurkaupstaður.

Tvö af samanburðar sveitarfélögunum fá lægri framlög vegna breytinga á álagningarstofni mannvirkja, fjögur fá ekki tekjujöfnunarframlag eins og Grundarfjarðarbær, þrjú fá lægri útgjaldajöfnunarframlög og þrjú fá lægri almenn jöfnunarframlög.

Þannig má ljóst vera að af öllum mikilvægum framlögum Jöfnunarsjóðs er Grundarfjarðarbær með þeim sveitarfélögum sem lægst fá af viðkomandi framlögum af samanburðar sveitarfélögunum, nema aukaframlagið. Það var hæst hjá Grundarfjarðarbæ. Ef það hefði ekki komið til hefði Grundarfjarðarbær verið með næst lægsta framlagið af þessum sveitarfélögum.

FÉLAGSPJÓNUSTA

Snæfellsbær, Stykkishólmsbær, Grundarfjarðarbær og Helgafellsveit reka sameiginlega byggðasamlag, Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, sem annast rekstur félags- og skólaþjónustu í sveitarfélögunum.

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga (FSS) annast félagsmálin í þessum sveitarfélögum í umboði bæjarstjórnanna á Snæfellsnesi. Byggðasamlagið annast jafnframt barnaverndarmál og mál fatlaðs fólks fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp samkvæmt samningi þar um.

Tafla 29: Íbúafjöldi aðildar sveitarfélaganna að Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga í desember 2011

	Desember árið 2011	Hlutfalls- leg skipting
Grundarfjarðarbær	904	23,0%
Helgafellssveit	57	1,4%
Stykkishólmsbær	1.111	28,2%
Eyja- og Miklaholtshreppur	131	3,3%
Snæfellsbær	1.735	44,1%
Samtals	3.938	100,0%

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 29 sýnir fjölda íbúa þeirra sveitarfélaga sem standa að byggðasamlaginu og að auki fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp í desember 2011 og hlutfallslega skiptingu þeirra á milli sveitarfélaganna.

Samtals voru íbúar þeirra sveitarfélaga sem njóta þjónustu Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga 3.938 1. desember 2011. Samkvæmt þessu er hlutur Grundarfjarðarbæjar í rekstrinum árið 2012 23%.

Hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga starfa fimm fagmenn auk forstöðumanns, eða samtals sex starfsmenn í 5,6 stöðugildum. Starfsmenn byggðasamlagsins eru sem hér segir: Forstöðumaður, ráðgjafi félagsþjónustu, ráðgjafi fatlaðra, kennslu- og starfsráðgjafi, og sálfræðingar í 1,6 stöðugildum.

Auk þessa eru þjónustusamningar um verktakavinnu tveggja talmeinafræðinga í grunn- og leikskólum Snæfellsness.

Byggðasamlagið fer með alla félagsþjónustu í Grundarfjarðarbæ að meðtalinni þjónustu vegna málefna fatlaðra samkvæmt samningi sveitarfélaganna á Vesturlandi um sameiginlegt þjónustusvæði Vesturlands um þjónustu við fatlaða.

Í 9. gr. stofnsamnings byggðasamlagsins segir: „Byggðasamlagið er lögaðili við framkvæmd þjónustunnar og ber ábyrgð á öllum skyldum sveitarfélaganna gagnvart íbúum sveitarfélaganna og starfsmönnum stofnunarinnar.“

Í framkvæmd er byggðasamlagið rekið þannig að hjá því starfar framkvæmdastjórinn og fagaðilarnir. Kostnað vegna rekstrar greiða sveitarfélögin í sama hlutfalli og íbúar þeirra skiptast á milli þeirra miðað við íbúafjölda 1. desember næst liðið ár.

Kostnaður vegna fastráðinna starfsmanna hjá FSS og talmeinafræðinga svo og kostnaður vegna málefna fatlaðra utan launa við félagslega liðveislu við fatlaða og alla skólaþjónustupætti er greiddur af byggðasamlaginu. Allir aðrir starfsmenn en að framan greinir, sem vinna við félagsþjónustu í viðkomandi sveitarfélagi, eru á launaskrá hjá því sveitarfélagi en stjórnunarlega heyra þeir undir Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Um er að ræða auk félagslegrar liðveislu heimaþjónustu aldraðra, sjúkra og öryrkja.

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga annast ráðningu þeirra og uppsögn.

Í viðræðum við bærarstjóra kom fram að hvert sveitarfélag fyrir sig geri fjárhagsáætlun vegna félagsþjónustunnar í viðkomandi sveitarfélagi. Síðan er framkvæmdin í höndum Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, sem ráðstafar fjármagninu sem ætlað er í málaflokkinn. Fram kom að það væri oft gert óháð því hver heimildin væri skv. fjárhagsáætlun. Þjónustan væri veitt skv. reglum Félags- og skólaþjónustunnar óháð fjárheimildinni. Sem dæmi má nefna að þegar fólk nær 67 ára aldri á það rétt á heimaþjónustu skv. mati óháð fjárheimild. Óski viðkomandi eftir heimaþjónustu þegar 67 ára aldri er náð fær hann hana óháð því hvort fjárhagsáætlunin heimili það að undangengnu þjónustumati FSS, sbr. gildandi reglur þ.a.l.

Það er mat skýrsluhöfundar að það færi betur á því að Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga gerði tillögu til bærarstjórnar um hvern útgjaldalið sem undir hana heyrir. Síðan tæki bærarstjórn afstöðu til þess hvort farið yrði að þeirri tillögu. Ef bærarstjórn fellst ekki á hana er ljóst að Félags- og skólaþjónustan þarf þá að veita þjónustu í samræmi við ákvörðun bærarstjórnar á hverjum tíma. Skv. nýjum sveitarstjórnarlögum verður þjónustan að takmarkast við fjárheimild í fjárhagsáætlun.

Einnig kom fram í máli bærarstjóra að oft á tíðum hafi verið erfitt að ná samstöðu um framkvæmd þjónustunnar á milli aðildar sveitarfélaganna, t.d. hafi ekki náðst samstaða um sameiginlega gjaldskrá vegna heimaþjónustu.

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga annast m.a. eftirtalin mál í sveitarfélaginu:

Fjárhagsaðstoð,
félagsleg heimaþjónusta,
húsaleigubætur,
barnavernd,
dvalargjöld og vistunarkostnaður barna,
liðveisla vegna barna og unglinga,
heimaþjónusta aldraðra,
annað vegna aldraðra,
liðveisla fatlaðra,
skólaþjónustu í leik- og grunnskóla.

Tafla 30: Rauntölur og upphafleg áætlun vegna félagsþjónustu árið 2011

	Raun- tölur	Hlutfallsleg skipting	Áætlun	Mis- munur	Hlutfall af áætlun
Félagsþjónusta (FSS)	5.279	25,5%	5.650	371	6,6%
Fjárhagsaðstoð	3.932	19,0%	1.600	-2.332	-145,8%
Félagsleg heimaþjónusta	528	2,6%	200	-328	-164,0%
Húsaleigubætur	3.102	15,0%	3.100	-2	-0,1%
Heimaþjónusta aldraðra	5.242	25,4%	4.308	-934	-21,7%
Annað vegna aldraðra	2.023	9,8%	1.775	-248	-14,0%
Liðveisla fatlaðra	567	2,7%	154	-413	-268,2%
Samtals	20.673	100%	16.787	-3.886	-23,1%

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 30 sýnir rauntölur og upphaflega áætlun vegna félagsþjónustu í Grundarfjarðarbæ árið 2011. Eins og taflan sýnir fara flestir liðir nokkuð fram úr áætlun. Mest munar þar um fjárhagsaðstoð í krónum talið, sem fer 2,3 millj. kr. fram

úr áætlun. Samtals var fjárhagsaðstoðin á árinu 2011 3.932 þús. kr. Á s.l. ári jókst fjárhagsaðstoðin mikið en í ár stefnir hún í að verða mun lægri. Hlutfallslega fer félagsleg heimaþjónusta mest fram úr áætlun, eða 64%. Hafa ber í huga að fjárhæðin sem slík er ekki há.

Félags- og skólaþjónustan fer með barnaverndarmál í sveitarfélaginu. Neyðarsími vegna hennar er 112, sem er gott fyrirkomulag. Einnig annast þjónustan alla umsýslu vegna húsaleigubóta nema útgreiðslu þeirra, bókhald og móttöku á framlagi frá ríkissjóði.

Við úttekt á rekstri sveitarfélaga hafa komið dæmi þar sem starfsmenn í heimaþjónustu hafa fengið greitt fyrir hærra starfshlutfall en vinnuframlagið hefur verið. Hefur þetta einkum gerst þar sem þjónustuþegum hefur fækkað. Láðst hefur að taka á starfshlutfalli viðkomandi starfsmanna í samræmi við minni þjónustuþörf. Er þetta nefnt hér til að þess verði gætt að þetta gerist ekki hjá Grundarfjarðarbæ.

Kostnaður vegna rekstrar Félags- og skólaþjónustunnar er nokkuð hátt hlutfall af þeim útgjaldaliðum sem fram koma í töflu 30, eða 25,5%. Þegar litið er til hagræðingaraðgerða í rekstri sveitarfélaga verður að gera kröfu til þess að það sama fari fram vegna verkefna sem rekin eru sameiginlega með öðrum sveitarfélögum. Þetta á ekki hvað síst við hjá sveitarfélagi eins og Grundarfjarðarbæ þar sem félagsmálunum með tilheyrandi kostnaði er 100% úthýst. Bæjarstjórn verður að hafa eitthvað um það að segja hvernig því fjármagni er ráðstafað.

Í viðræðum við bæjarstjóra kom fram að hann fær t.d. ekki upplýsingar um framkvæmd heimaþjónustu. Hann sér um að greiða reikninga og laun. Upplýsingar um veitta þjónustu o.s.frv. hefur hann ekki nema óska eftir þeim. Samkvæmt því sem hann sagði kvitta notendur þjónustunnar í hvert skipti við komu starfsmanns. Bæjarstjórinn lagði áherslu á að hann vildi árlega fá skýrslu frá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga þar sem gerð væri grein fyrir þeirri þjónustu sem veitt hefur verið í félagsmálum í sveitarfélaginu, t.d. hvað margir hafi notið heimaþjónustu, hversu oft o.s.frv. Samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga liggja umræddar upplýsingar að jafnaði fyrir og því ætti að vera auðvelt að bæta úr þessu.

Skýrsluhöfundur tekur undir að leggja ber áherslu á að slíkri skýrslu sé skilað. Þegar upp er staðið er það bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar sem ber ábyrgð á þjónustunni gagnvart íbúum sveitarfélagsins.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) annast yfirstjórn málefna fatlaðra á Vesturlandi og felur framkvæmd málaflokksins stjórn Þjónusturáðs Vesturlands en hana skipa félagsmálastjórnir á Akranesi, Borgarbyggð og Snæfellsnesi. Um, starfshætti Þjónusturáðsins gilda ákvæði fyrrnefnds samnings sveitarfélaganna á Vesturlandi. Framkvæmd þjónustu í málaflokki fatlaðra í Grundarfjarðarbæ líkt og á Snæfellsnesi öllu eru í höndum og á ábyrgð Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.

Aðkoma bæjarfélagsins vegna málaflokksins fer því nánast eingöngu fram með því að greiða framlag, sem er 0,25 prósentustig af útsvarsálagningunni, sem ætlað er í málefni fatlaðra. Af þeirri upphæð fer helmingurinn, þ.e. 0,125% beint til FSS en hinn helmingurinn fer til Þjónusturáðs Vesturlands sem aftur jafnar út útsvarstekjur þessar ásamt beinu árlegu framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málaflokksins til Þjónusturáðs. Þannig hækkar/lækkar framlagið eftir því hvernig útsvarið innheimtist á hverjum tíma.

Með þessu fyrirkomulagi hefur Þjónusturáð í umboði stjórnar SSV og Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga mest allt fjármagnið til ráðstöfunar fyrir málaflökkinn og bæjarstjórn lítið um það að segja hvernig framkvæmdin fer fram og um ráðstöfun fjármagnsins. Ef fjármagnið dugar ekki er reikningur væntanlega sendur hlutfallslega á aðildar sveitarfélögin vegna þess sem umfram er. Ef afgangur er hefur SSV það fjármagn til jöfnunarráðstöfunar vegna málaflökksins, sbr. ákvæði samnings sveitarfélagsins.

Þetta fyrirkomulag er með svipuðum hætti hjá öðrum sveitarfélögum þar sem fleiri en eitt sveitarfélag stendur sameiginlega að þjónustunni.

Það er mat skýrsluhöfundar að þetta fyrirkomulag sé ekki gott við ráðstöfun á þjónustu og fjármagni. Eðlilegt verður að telja að farið sé með ráðstöfun þessa fjármagns eins og annars hjá sveitarfélaginu. Reynt verði að veita sem bestu þjónustu með sem lágstum útgjöldum. Takist að reka þjónustuna með minna fjármagni en ætlað er í hana verði það sem út af stendur greitt til aðildar sveitarfélaganna.

Leggja ber áherslu á að SSV geri tillögu að fjárhagsáætlun og sendi til aðildar sveitarfélaganna og hvert þeirra sendi umsögn um hana. Einnig verði árlega skilað skýrslu til aðildar sveitarfélaganna um rekstur næst liðins árs.

Samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni FSS er tillaga að fjárhagsáætlun send stjórn FSS til umsagnar og kynningar áður en stjórn SSV samþykkir hana; sömuleiðis gerir starfsmenn FSS tillögu til stjórnar um fjárþörf og ráðstöfun fjármuna málefna fatlaðra sem og annarra fjármuna í rekstri FSS.

Mikilvægt er að sveitar- og bæjarstjórnir marki sjálfar á hverjum tíma þá stefnu sem unnið er eftir við þjónustu fatlaðra í viðkomandi sveitarfélagi og taki ákvarðanir um það fjármagn sem ráðstafað verður. Frekar en að stefnumótunin og framkvæmdin sé sett í hendur embættismanna og stjórna viðkomandi byggðasamlaga.

Það er ekki alveg sjálfgefið, ef hægt er að veita þessa þjónustu fyrir minna fjármagn, að þá þurfi að eyða því vegna málaflökksins. Hætta er á, ef jafnan er ákveðnum hluta af útsvarstekjum ráðstafað á hverjum tíma vegna málaflökksins, að ráðdeildarsemi ráði ekki ferð. Sérstaklega gæti þetta átt við í góðæri, sem gæti haft afleiðingar þegar herðir að. Mikilvægt er að sveitarfélög marki sér stefnu í upphafi hvernig rekstrinum verði hagað til framtíðar. Erfitt getur verið að snúa ofan af venjum, ef þær hafa viðgengist um langt skeið.

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Fellaskjól er rekið sem sjálfstæð stofnun. Sveitarfélagið hefur veitt heimilinu styrk á hverju ári sem samsvarar fasteignagjöldum vegna heimilisins, þannig er ekki um bein fjárútlát að ræða hjá sveitarfélaginu vegna rekstursins.

Er þetta öðruvísi en hjá mörgum öðrum sveitarfélögum, sem rekið hafa hjúkrunar- og dvalarheimili. Þau hafa þurft að leggja slíkum rekstri til verulega fjármuni í gegnum tíðina þótt verkefnið sé lögbundið verkefni ríkisins.

LEIKSKÓLINN SÓLVELLIR

Í Grundarfjarðarbæ er rekinn einn leikskóli.

Tafla 31: Fjöldi barna í leikskólanum Sólvellir í desember 2002 til 2011 og september 2012

	Desember										Sept.	Breyting
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2002/2012
Á fyrsta ári	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1 árs	1	2	0	0	2	9	8	6	13	7	8	7
2 ára	17	7	10	11	7	13	9	8	13	15	9	-8
3 ára	11	12	9	10	13	6	11	9	9	14	13	2
4 ára	15	14	18	8	12	13	8	9	11	9	12	-3
5 ára	20	11	12	16	9	10	11	8	10	9	8	-12
Alls	64	46	49	45	43	51	47	40	56	54	50	-14

Heimild: Hagstofa Íslands og leikskólastjóri vegna september 2012

Tafla 31 sýnir fjölda barna í Leikskólanum Sólvellir frá desember 2002 til desember 2011 og í september 2012.

Eins og taflan sýnir voru börnin 64 árið 2002 en eru nú 50 miðað við september 2012. Þannig hefur börnunum fækkað um 14 á þessu tímabili. Á tímabilinu frá 2002 hefur börnum ýmist fækkað eða fjölgað á leikskólanum. Flest voru börnin árið 2002 en fæst árið 2009 þegar þau fóru niður í 40. Þannig hafði þeim fækkað á milli árunna 2002 og 2009 um 24 börn. Síðan fjölgaði þeim um 16 börn á milli 2009 og 2010 en hefur síðan fækkað um 6.

Leikskólinn er opinn á virkum dögum frá kl. 7:45 til kl. 16:15. Ekki er greitt sérstaklega fyrir þau börn sem eru þennan umfram tíma, þ.e. fyrir kl. 8:00 og eftir kl. 16:00. Einn starfsmaður er eftir kl. 16:00 og lokar. Hann er í 100% starfi og fær greitt í yfirtíð fyrir að loka. Þessu verður hætt í haust og mætir þá starfsmaðurinn þessu seinna á morgnana. Tveir starfsmenn mæta kl. 7:45 og einn mætir kl. 7:50. Tíminn fyrir kl. 8:00 er greiddur sem yfirtíð hjá 7:50 mætingunni og að hluta til hjá öðrum starfsmanninum sem mætir kl. 7:45. Matráður mætir kl. 7:45 og hættir kl. 14:00 og er í 78% starfi. Hann mætti áður kl. 8:00 og var þá í 75% starfi. Skoða þarf starfshlutfallið frekar hjá matráði.

Starfsmenn matast með börnunum. Vegna þess fá þeir frían mat.

Síðasta vetur var leikskólanum lokað á milli jóla og nýárs. Einnig var lokað í þrjá daga í dimmbilviku. Starfsmenn fengu laun þennan tíma en á móti hafa fundir farið fram utan reglulegs vinnutíma, sem ekki hefur verið greitt sérstaklega fyrir.

Lokað er í fjórar vikur yfir sumarmánuðina. Ekki hefur verið ráðið í afleysingar yfir sumarmánuðina. Forráðamönnum er gefinn kostur á að hafa börn sín í 6 vikna samfelldu sumarfrí og tengja aukavikur við lokunartíma leikskólans. Sé þetta tilkynnt fyrir 1. maí greiða forráðamenn ekki fyrir þessar aukavikur. Er þetta gert til að geta stýrt því hversu margir starfsmenn vinna yfir sumartímann þegar er opið.

Þetta er í fyrsta skipti eftir hrun (2008) sem þetta er gert. Í sparnaðaraðgerðum 2008 var sett á sex vikna sumarlokun.

Starfsmenn eru nú í 13,6 stöðugildum. Skólanum er skipt í tvær deildir.

Í eldhúsinu er matráður í 78% starfi og aðstoðarmatráður í 32% starfi. Börnin fá morgunmat, hádegismat og síðdegishressingu.

Leikskólastjóri samþykkir reikninga fyrir leikskólann og fer inn í bókhaldskerfið til að gera það. Áður en reikningar eru greiddir samþykkir skrifstofustjóri þá líka. Ef bókhaldslykill er komin umfram heimild kemur upp rautt ljós í kerfinu.

Leikskólastjóri upplýsti að allir forstöðumenn hittist reglulega. Forstöðumannafundir eru haldnar annan hvern mánuð.

Ræsting er unnin af leikskólaliðum. Þrír starfsmenn annast ræstinguna og gera það yfir daginn þegar leikskólinn er opin. Starfsmennirnir vinna að hluta til á deildum og svo ræsta þeir með öðrum störfum á deildunum. Ef um mikil forföll er að ræða er dregið úr ræstingu. Með þessu fyrirkomulagi er starfsmaður, sem annast ræstingu, hluti af starfsmannahópnum.

Starfsmennirnir, sem sinna ræstingum, eru aðstoðarmatráður og þeir sem leysa af í undirbúningstímum hjá leikskólakennurum. Þetta fyrirkomulag gengur mjög vel. Áður var þetta þannig að einn eða tveir starfsmenn voru eingöngu við ræstingar.

Í gildi er samningur við Rekstrarvörur um hreinlætisvörur. Samkvæmt honum eru hreinlætisvörur keyptar þar. Leikskólinn hefur fengið góð tilboð frá þeim og því hafa kaup á ræstivörum ekki verið boðin út nýlega samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra.

Greidd er húsaleiga fyrir notkun á samkomuhúsinu. Samkomuhúsið hefur verið notað undir hreyfistundir einu sinni í viku, ca. tvo tíma í senn, frá september til maí. Þorrablót hafa verið haldin þar og Litlu-jólin voru þar síðasta ár. Mun þessi háttur vera hafður á áfram þar sem þetta munar miklu í húsnæði.

Tafla 32: Rekstrartekjur og rekstrargjöld 10 samanburðarleikskóla á árinu 2011

	Sunnuból	Glaðheimar	Hlíðaból	Hrafna-gilsskóli/leikskóla-deild	Háaleiti	Sólvellir	Krakka-kot	Leikskólinn í Stykkis-hólmi	Ásgarður	Pálmholt	Kletta-borg
Fjöldi barna í desember 2011	49	51	51	51	54	54	54	57	57	57	59
Tekjur samtals	14.802.305	15.801.748	339.012	12.070.748	80.000	15.070.026	10.633.810	18.861.149	18.061.396	18.806.859	19.337.549
Launakostnaður	66.227.397	51.082.103		63.693.070		56.389.450	53.235.196	63.266.559	59.752.632	64.050.465	73.577.757
Vörukaup	5.090.323	3.432.718		8.822.605		5.352.367	6.707.431	6.525.147	5.458.298	4.873.832	5.448.453
Þjónustukaup án innri leigu	3.478.501	2.258.791	50.719.426	2.612.881	55.508.944	1.024.319	2.956.292	935.753	3.640.135	2.889.910	1.287.652
Ýmislegt											
Samtals útgjöld án innri leigu	74.796.221	56.773.612	50.719.426	75.128.556	55.508.944	62.766.136	62.898.919	70.727.459	68.851.065	71.814.207	80.313.862
Nettó niðurstaða (útgjöld - tekjur) án innri leigu	59.993.916	40.971.864	50.380.414	63.057.808	55.428.944	47.696.110	52.265.109	51.866.310	50.789.669	53.007.348	60.976.313
Innri leiga	11.971.140	4.054.632		9.942.584		18.629.696	5.360.004	31.969.000	7.850.949	6.084.919	12.006.012
Samtals útgjöld með innri leigu	86.767.361	60.828.244	50.719.426	85.071.140	55.508.944	81.395.832	68.258.923	102.696.459	76.702.014	77.899.126	92.319.874
Rekstrarniðurstaða	71.965.056	45.026.496	50.380.414	73.000.392	55.428.944	66.325.806	57.625.113	83.835.310	58.640.618	59.092.267	72.982.325
Tekjur sem hlutfall af útgjöldum	17,1%	26,0%		14,2%		18,5%	15,6%	18,4%	23,5%	24,1%	20,9%
Tekjur sem hlutfall af útgjöldum án innri leigu	19,8%	27,8%		16,1%		24,0%	16,9%	26,7%	26,2%	26,2%	24,1%
Matvæli	3.570.011	1.113.519		6.977.319		3.053.324	6.047.380	4.452.010	3.462.361	3.700.965	3.458.096
Hreinlætisvörur	270.827	150.389		364.692		447.742	341.137	382.031	203.245	213.814	295.130
Orkukaup	716.822	670.119		349.642		917.561	867.461	964.259	528.578	458.338	514.757

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 32 sýnir tekjur og gjöld 11 samanburðarleikskóla á árinu 2011. Barnafjöldi í skólunum er frá 49 og upp í 59. Af þessum leikskólum eru tveir leikskólar í einkarekstri, Hlíðarból og Háaleiti.

Ef tekjur þessara leikskóla eru skoðaðar sem hlutfall af heildarútgjöldum eru fjórir

skólar með lægra hlutfall en Sólvellir og fjórir með hærra hlutfall. Ekki liggja fyrir upplýsingar um einkareknu leikskólana.

Þegar launaútgjöldin eru skoðuð eru tveir skólar með lægri launaútgjöld en Sólvellir í þessum samanburði. Ekki liggja fyrir upplýsingar um launaútgjöld hjá einkareknu skólunum.

Þegar nettó útgjöld án innri leigu eru skoðuð er einn skóli með lægri útgjöld en Sólvellir í þessum samanburði, er það Glæðheimar í Bolungarvíkurkaupstað. Allir hinir skólarnir, þ.m.t. þeir einkareknu, eru með dýrari rekstur.

Kostnaður vegna matakaupa er talsvert mismunandi hjá skólunum enda getur verið nokkuð mismunandi hvernig staðið er að þeim. Varðandi þau útgjöld koma Sólvellir vel út.

Hins vegar er kostnaður vegna orkukaupa og hreinlætisvara fremur hár hjá Sólvöllum í þessum samanburði og ástæða til að þessir liðir verði teknir til frekari athugunar. Leggja ber áherslu á að kaup á hreinlætisvörum fyrir sveitarfélagið séu boðin út.

Það vekur athygli að báðir leikskólarnir, sem eru einkareknir í þessum samanburði, eru með nettó útgjöld hærra en Sólvellir.

Nokkuð hefur verið um það að undanförunu að sveitarfélög hafa samið um ýmis verkefni við einkaaðila án undangengis útboðs. Má í því sambandi nefna sem dæmi rekstur leikskóla og sorphirðu. Er mögulegt að slíkt fyrirkomulag, þ.e. samningur um einkaframkvæmd án útboðs, geti orðið dýrara fyrir sveitarfélög en samningur um einkaframkvæmd að undangengnu útboði og/eða sveitarfélög annist þessi verkefni sjálf? Þessi samanburður gefur fullt tilefni til þessarar spurningar.

Tafla 33: Fjöldi stöðugilda í desember árið 2010 í samanburðarleikskólunum 11

	Sunnu- ból	Glað- heimar	Hlíða- ból	Hrafna- gilsskóli/ leikskóla- deild	Háa- leiti	Sól- vellir	Krakka- kot	Leik- skólinn í Stykkis- hólmi	Ás- garður	Pálm- holt	Kletta- borg
Fjöldi barna í desember 2010	61	48	44	48	46	56	48	49	64	62	52
Leikskólakennarar	5,5	3,7		2,8		4,8	3,8	4,4	2,0	8,8	7,7
Önnur uppeldisfræðimenntun	1,0	0,0		0,9		0,0	0,0	0,0	2,0	0,8	0,7
Aðrir starfsmenn	8,7	6,9		9,4		7,1	6,9	10,2	12,4	5,6	7,2
Samtals	15,2	10,6	0,0	13,1	0,0	11,9	10,7	14,6	16,4	15,2	15,6
Fjöldi barna á hvert stöðugildi	4,0	4,5		3,7		4,7	4,5	3,4	3,9	4,1	3,3

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tafla 33 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólunum árið 2010. Jafnframt sýnir taflan fjölda barna á hvert stöðugildi. Tveir skólar eru einkareknir og liggja ekki fyrir upplýsingar um starfsmannafjölda hjá þeim.

Eins og kemur fram á töflunni eru Sólvellir með flest börn á hvert stöðugildi miðað við stöðugildafjölda og barnafjölda í desember 2010.

Tafla 34: Fjöldi barna, stöðugilda og fjöldi barna á hvert stöðugildi í Leikskólanum Sólvöllum 2002 til 2012

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	Breyting 2002/2012
Fjöldi barna	64	46	49	45	43	51	47	40	56	54	50	-14
Leikskólakennarar	4,0	4,0	3,0	5,3	4,0	5,2	4,7	4,6	4,8	4,6	4,5	0,5
Önnur uppeldisfræðimenntun		1,0				1,0	1,6	1,6		1,0	1,0	1
Aðrir starfsmenn	7,0	6,8	5,5	5,4	5,4	6,6	5,4	5,3	7,1	7,3	8,3	1,3
Samtals	11,0	11,8	8,5	10,7	9,4	12,8	11,7	11,5	11,9	12,9	13,8	2,8
Fjöldi barna á hvert stöðugildi	5,8	3,9	5,8	4,2	4,6	4,0	4,0	3,5	4,7	4,2	3,6	-2,2

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og leikskólastjóri vegna 2011 og 2012

Tafla 34 sýnir fjölda barna, stöðugilda og fjölda barna á hvert stöðugild á leikskólanum Sólvöllum frá árinu 2002 til 2012.

Eins og taflan sýnir hefur börnum á tímabilinu fækkað um 14 en á sama tíma hefur stöðugildum fjölgað um 2,8. Hér gæti aldursamsetning barnanna haft áhrif, sjá töflu 31. Frá árinu 2008 hefur stöðugildum fjölgað um 2,1, eða farið úr 11,7 í 13,8. Á sama tíma hefur börnum fjölgað um þrjú.

Árið 2002 voru 5,8 börn á hvert stöðugildi við leikskólann en eru nú 3,6, eða fækkun um 2,2 börn á hvert stöðugildi. Árið 2008 var farið að taka inn fleiri eins árs börn, sem skýrir þetta a.m.k. að hluta.

Athyglisverð er þróunin í starfsmannafjölda frá árinu 2010 þegar skólinn kom vel út í samanburði við samanburðarleikskólana varðandi fjölda barna á hvert stöðugildi. Þá voru stöðugildin 11,9 og börnin 56, eða 4,7 börn á hvert stöðugildi. Nú í haust, september 2012, eru börnin 50, eða fækkun um sex frá 2010, og stöðugildin 13,8, eða fjölgun um 1,9 stöðugildi. Barnafjöldinn á hvert stöðugildi er kominn niður í 3,6.

Tafla 35: Launaútgjöld hjá leikskólanum árið 2010 og 2011

	2010	2011
	Starfsmenn	Starfsmenn
Mánaðarlaun	34.647.727	39.474.475
Yfirvinna		88.774
Álag	755.332	421.874
Eingreiðsla		689.717
Desemberuppbót	902.073	972.240
Orlof	56.381	
Samtals	36.361.513	41.647.080

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 35 sýnir skiptingu launaútgjalda hjá Sólvöllum árið 2010 og 2011.

Álagið 2010 og 2011 er vegna persónuálags sem bættist við launaflokk og tók mið af starfsaldri og menntun.


Álagið 2011 skiptist þannig að 123.787 er álag sem skiptist á þrjú starfsmenn sem er gamalt samkomulag sem starfsmennirnir halda á meðan þeir eru í starfi. Þetta verður áfram hjá tveimur þar sem einn er hættur.

Mismunurinn er 298.087 sem skiptist á milli ca. 10 starfsmanna.

Leggja ber áherslu á að ekki þarf að greiða yfirvinnu fyrir vinnu sem fram fer fyrir kl. 8:00 ef hún rúmast innan dagvinnutíma. Hins vegar þarf að greiða álag fyrir þann tíma sem unninn er fyrir kl. 8:00.

Mikill mismunur getur verið á því hvað sveitarfélög innheimta í leikskólagjöld og fyrir fæði á leikskólum.

Mynd 3: Leikskólagjöld miðað við átta klukkustunda vistun og fullt fæði hjá nokkrum sveitarfélögum árið 2011 og 2012



Heimild: Vefsíður viðkomandi sveitarfélaga

Mynd 3 sýnir leikskólagjöld miðað við átta klukkustundir og fullt fæði hjá nokkrum sveitarfélögum árið 2011 og 2012. Grænu súlurnar eru vegna ársins 2011 og þær rauðu vegna 2012.

Eins og þar kemur fram er hæsta gjaldtakan hjá Grundarfjarðarbæ eða 35.273 kr. Hafa ber í huga að nokkuð er mismunandi hvernig afsláttarkjör eru. Samkvæmt lauslegri athugun virðast afsláttarkjör hjá Grundarfjarðarbæ vera rýmri en hjá mörgum öðrum sveitarfélögum. Má í því sambandi nefna t.d. að systkinaafsláttur er á milli leikskóla og heilsdagsskóla.

GRUNNSKÓLI GRUNDAFJARÐAR

Nemendum hefur fækkað mikið í Grunnskóla Grundarfjarðar á s.l. árum.

Tafla 36: Fjöldi nemenda í Grunnskóla Grundarfjarðar 2002 til 2012

												Breyting
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2002/2012
	206	198	195	197	175	143	127	120	114	105	101	-105

Heimild: Hagstofa Íslands og skólastjóri vegna 2012

Tafla 36 sýnir hvernig fjöldi nemenda í Grunnskóla Grundarfjarðar hefur þróast frá 2002 til 2012. Eins og þar kemur fram hefur nemendum fækkað um 105 á þessu tímabili, eða farið úr 206 nemendum árið 2002 í 101 nemanda árið 2012. Er hér um að ræða fækkun sem nemur 51%, sem er mikil á ekki lengra tímabili.

Tafla 37: Fjöldi nemenda í Grunnskóla Grundarfjarðar og útgjöld nettó án innri leigu og skólaaksturs 2008 til 2011.

					Breyting
	2008	2009	2010	2011	2008/2011
Fjöldi nemenda	127	120	114	105	-22
Tekjur	6.778.082	5.952.505	6.677.627	5.968.692	-11,9%
Útgjöld án innri leigu og skólaaksturs:					
Laun og launatengd gjöld	114.992.877	118.306.382	114.643.727	110.483.985	-3,9%
Vörukaup	16.798.985	14.208.872	17.668.435	16.311.735	-2,9%
Þjónustukaup	6.564.917	6.162.372	6.666.915	8.182.739	24,6%
Samtals, nettó	131.578.697	132.725.121	132.301.450	129.009.767	-2,0%
Á hvern nemanda:					
Laun og launatengd gjöld	905.456	985.887	1.005.647	1.052.228	16,2%
Vörukaup	132.275	118.407	154.986	155.350	17,4%
Þjónustukaup	51.692	51.353	58.482	77.931	50,8%
Annar kostnaður samtals, nettó	130.597	120.156	154.892	176.436	35,1%
Samtals, nettó	1.036.053	1.106.043	1.160.539	1.228.664	18,6%
Skólaakstur	4.769.792	4.492.467	4.250.396	2.997.569	

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 37 sýnir fjölda nemenda í Grunnskóla Grundarfjarðar frá árinu 2008 til 2011. Einnig sýnir taflan útgjöld nettó án innri leigu og útgjalda vegna skólaaksturs. Rekstur skólamötuneytis og heildagsskóla er meðtalinn. Jafnframt sýnir taflan kostnað á hvern nemanda. Útgjöldin eru sýnd á verðlagi hvers árs. Útgjöld vegna skólaaksturs eru sýnd sérstaklega.

Eins og taflan sýnir fækkar nemendum í skólanum á þessum tímabili um 22. Tekjurnar lækka um 12%, sem skýrist að mestu vegna þess að tekjur af seldu fæði lækka úr 4.717 þús. kr. árið 2008 í 3.892 þús. kr. árið 2011, eða lækkun um 825 þús. kr., sem skýrist að hluta til af fækkun nemenda því þar af leiðandi eru færri skólamáltíðar seldar. Launakostnaður lækkar um 4% á tímabilinu, sem skýrist af fækkun stöðugilda, sjá hér síðar. Útgjöld vegna vörukaupa lækka lítillega, eða um 2,9%, en þjónustukaup hækka um 25%, sem stafar að mestu af kaupum á læknaþjónustu á árinu 2011, að upphæð 1.817 þús. kr.

Samtals lækkar kostnaðurinn nettó um 2% á þessu tímabili.

Þegar útgjöldin á hvern nemanda eru skoðuð þá hækka þau nokkuð, sem skýrist m.a.

vegna fækkunar nemenda og verðlags hækkana. Á tímabilinu hækkaði meðaltals vísitala neysliverðs um 22,7%, laun kennara um 14,5% og skólastjórnaenda um 8,1%.

Á tímabilinu lækkar kostnaður við skólaakstur nokkuð. Mest var lækkunin á milli 2010 og 2011.

Tafla 38: Kostnaður á nemanda í 11 samanburðarskólum árið 2011

Skóli	Grunnskólinn á Eyrarbakka og Stokks-eyri	Grunnskóli Bláskógabyggðar	Varmahlíðarskóli	Grunnskólinn á Blönduósi	Grunnskóli Bolungarvíkur	Grunnskóli Grundarfjarðar	Höfðaskóli	Fellaskóli	Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar	Auðarskóli	Flóaskóli
Nemendafjöldi 2011	138	136	135	118	110	105	101	100	96	95	92
Rekstrarútgjöld nettó án innri leigu	1.425.927	1.303.240	1.187.219	1.109.954	1.078.872	1.228.664	1.101.690	1.029.310	1.193.566	1.146.063	1.247.222
Laun og launatengd gjöld samtals	1.241.808	1.153.741	1.062.913	963.572	962.881	1.052.228	975.351	959.362	1.093.971	981.320	1.069.040
Annar rekstrarkostnaður nettó án innri leigu og skólaaksturs	184.118	149.500	124.306	146.381	115.991	176.436	126.339	69.948	99.595	164.744	178.182

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög og Hagstofa Íslands varðandi fjölda nemenda

Tafla 38 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði á hvern nemanda í 11 samanburðarskólum. Fimm stærri en Grunnskóli Grundarfjarðar og fimm minni hvað nemendafjöldi varðar. Innri leiga og kostnaður vegna skólaaksturs hefur verið dregið frá. Reynslan sýnir að það er mjög mismunandi hvernig sveitarfélög reikna innri leigu, sem hefur leitt til þess að ekki fæst rétt mynd af samanburðinum ef innri leiga er tekin með. Þess vegna er ekki reiknað með henni hér. Útgjöld vegna skólaaksturs eru heldur ekki talin með öðrum rekstrarkostnaði.

Gerður er fyrirvari um þennan samanburð því skólahald getur verið mismunandi í þessum skólum sem getur haft í för með sér mismun á útgjöldum. Engu að síður gefur samanburðurinn ákveðna vísbendingu.

Eins og taflan sýnir voru rekstrarútgjöld nettó á hvern nemanda hjá þremur af samanburðarskólunum hærri en hjá Grunnskóla Grundarfjarðar. Rekstrarútgjöldin voru lægri hjá sjö af samanburðarskólunum en hjá Grunnskóla Grundarfjarðar. Lægstur var kostnaðurinn hjá Fellaskóla, þar sem hann var 1.029 þús. kr. á hvern nemanda. Til samanburðar var hann hjá Grunnskóla Grundarfjarðar 1.229 þús. kr., eða 200 þús. kr. hærri. Miðað við 105 nemendur er það samtals um 21 millj. kr.

Fimm skólar af þessum samanburðarskólum voru með hærri launakostnað á hvern nemanda en Grunnskóli Grundarfjarðar. Lægstur var launakostnaðurinn eins og áður hjá Fellaskóla þar sem hann var 959 þús. kr. á hvern nemanda. Til samanburðar var hann 1.052 þús. kr. hjá Grunnskóla Grundarfjarðar, eða 93 þús. kr. hærri, sem gerir um 9,8 millj. kr. miðað við 105 nemendur.

Annar rekstrarkostnaður er nokkuð hár hjá Grunnskóla Grundarfjarðar í þessum samanburði. Einungis tveir skólar voru með hærri annan rekstrarkostnað en Grunnskóli Grundarfjarðar. Að mati skólastjóra gæti skýringin verið að skólinn rekur tölvubúnað sem er líklega umfangsmeiri en í samanburðarskólunum og þar af leiðandi dýrari rekstur. Ennfremur er kostnaður við kyndingu mjög hár hjá Grunnskóla Grundarfjarðar, sem skýrir að hluta til þennan mismun, svo og kostnaður vegna kaupa á sálfræðipjónustu á árinu 2011.

Tafla 39: Fæðisgjöld og kostnaður við matarkaup hjá Grunnskóla Grundarfjarðar 2008 til 2011

	2008	2009	2010	2011
Tekjur	4.717	3.976	4.007	3.893
Matvæli	5.512	5.255	5.372	4.997
Mismunur	-795	-1.279	-1.365	-1.104

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 39 sýnir fæðisgjöld og kostnað við matarkaup vegna Grunnskóla Grundarfjarðar 2008 til 2011.

Eins og taflan sýnir hækka útgjöld sveitarfélagsins nettó vegna matarkaupa við grunnskólann á milli árunna 2008 og 2010. Síðan lækka þau á milli árunna 2010 og 2011. Á milli árunna 2008 og 2011 hækkar niðurgreiðsla sveitarfélagsins vegna matarkaupa fyrir grunnskólann um 309 þús. kr. eða um 38,9%. Á sama tíma hækkaði neysluserðsvísitalan um 22,7%.

Árið 2008 nam niðurgreiðslan 14,4% af kostnaðarverði keyptra matvæla. Árið 2011 var niðurgreiðslan komin í 22%. Þannig hefur niðurgreiðslan hækkað nokkuð hlutfallslega. Ef hlutfallið hefði verið það sama árið 2011 og það var 2008 hefði niðurgreiðslan verið 719 þús. kr. í stað 1.104 þús. kr. eða 385 þús. kr. lægri.

Tafla 40: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólunum 2011

Skóli	Grunnskólinn á Eyrarbakka og	Grunnskóli Bláskóga- byggð	Varmahlíðarskóli	Grunnskólinn á Blöndu- ósi	Grunnskóli Bolungar- víkur	Grunnskóli Grundar- fjarðar	Höfðas- skóli	Fella- skóli	Grunnskóli Fáskrúðs- fjarðar	Auðar- skóli	Flóa- skóli
Nemendafjöldi 2011	138	136	135	118	110	105	101	100	96	95	92
Fjöldi stöðugilda samtals	33,9	25,6	33,5	21,9	23,4	18,5	25,3	18,1	19,4	21,1	20,5
Fjöldi stöðugilda kennara	21,7	21,7	19,4	15,8	13,7	13,2	20,5	15,0	13,9	12,8	14,2
Fjöldi stöðugilda annarra en kennara	12,2	3,9	14,1	6,1	9,7	5,3	4,8	3,1	5,5	8,3	6,3

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 40 sýnir tölu stöðugildi í samanburðarskólunum árið 2011. Um er að ræða skóla með 92 nemendur upp í 138. Eins og þarna kemur fram er mikill munur á fjölda stöðugilda hjá þessum skólum. Grunnskóli Grundarfjarðar kemur vel út í þessum samanburði. Einn skóli, Fellaskóli, er með færri stöðugildi samtals en Grunnskóli Grundarfjarðar. Jafnframt er einn skóli með færri stöðugildi kennara en Grunnskóli Grundarfjarðar, er það Auðarskóli. Síðan eru tveir skólar með færri stöðugildi annarra starfsmanna.

Tafla 41: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólunum árið 2011

Skóli	Grunnskóli Grundar- fjarðar	Fella- skóli	Grunnskólinn á Blöndu- ósi	Grunnskóli Blá- skóga- byggðar	Grunnskóli Fáskrúðs- fjarðar	Grunnskóli Bolungar- víkur	Auðar- skóli	Flóa- skóli	Grunnskólinn á Eyrar- bakka og Stokks- eyri	Höfðas- skóli	Varma- hlíðar- skóli
Fjöldi nemenda 2011	105	100	118	136	96	110	95	92	138	101	135
Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi	5,7	5,5	5,4	5,3	4,9	4,7	4,5	4,5	4,1	4,0	4,0
Nemendur á hvert stöðugildi kennara	8,0	6,7	7,5	6,3	6,9	8,0	7,4	6,5	6,4	4,9	7,0
Nemendur á stöðugildi annarra en kennara	19,8	32,3	19,3	34,9	17,5	11,3	11,4	14,6	11,3	21,0	9,6

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 41 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólunum 11 árið 2011. Eins og taflan sýnir er Grunnskóli Grundarfjarðar með flesta nemendur á hvert stöðugildi af þessum skólum. Einn skóli er með sama nemendafjölda á hvert stöðugildi kennara og var hjá Grunnskóla Grundarfjarðar. Þrjár skólar af þessum samanburðarskólum voru með fleiri nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna en Grunnskóli Grundarfjarðar.

Tafla 42: Fjöldi nemenda og stöðugildi í Grunnskóla Grundarfjarðar 2002 til 2012

	Fjöldi nemenda	Kennarar/ leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Samtals
2002	206	21,5	8,5	30,0
2003	198	17,8	8,4	26,2
2004	195	21,5	6,1	27,6
2005	197	21,2	5,9	27,1
2006	175	20,9	8,7	29,6
2007	143	19,4	7,2	26,6
2008	127	15,4	8,2	23,6
2009	120	16,7	6,4	23,1
2010	114	15,5	7,6	23,1
2011	105	13,2	5,3	18,5
2012	101	13,3	3,4	16,7
Breyting 2002/2012	105	8,2	5,1	13,3

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofa Íslands og Grunnskóli Grundarfjarðar

Tafla 42 sýnir fjölda nemenda og stöðugildi kennara og annarra starfsmanna við Grunnskóla Grundarfjarðar á árunum 2002 til 2012. Upplýsingar fyrir tímabilið 2002 til 2010 eru fengnar á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga, Hagstofu Íslands vegna ársins 2011 og vegna ársins 2012 frá skólastjóra grunnskólans.

Eins og taflan sýnir fækkar nemendum við grunnskólann á milli áranna 2002 og 2012 um 105, eða um 51%. Stöðugildum kennara fækkar úr 21,5 árið 2002 í 13,3 árið 2012, eða um 8,2 stöðugildi, sem er fækkun um 38%. Stöðugildum annarra starfsmanna fækkar úr 8,5 árið 2002 í 3,4 árið 2012, eða um 5,1 stöðugildi, sem er fækkun um 60%. Samtals fækkar stöðugildum við skólann úr 30 árið 2002 í 16,7 árið 2012, eða um 13,3 stöðugildi sem er fækkun um 44%. Samkvæmt þessu hefur bæði nemendum og stöðugildum fækkað umtalsvert frá árinu 2002.

Tafla 43: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í Grunnskóla Grundarfjarðar 2002 til 2012

Ár	Fjöldi nemenda	Kennarar/ leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Samtals
2002	206	9,6	24,2	6,9
2003	198	11,1	23,6	7,6
2004	195	9,1	32,0	7,1
2005	197	9,3	33,4	7,3
2006	175	8,4	20,1	5,9
2007	143	7,4	19,9	5,4
2008	127	8,2	15,5	5,4
2009	120	7,2	18,8	5,2
2010	114	7,4	15,0	4,9
2011	105	8,0	19,8	5,7
2012	101	7,6	29,7	6,0
Breyting 2002/2012	-105,0	-2,0	5,5	-0,8

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofa Íslands og Grunnskóli Grundarfjarðar

Tafla 43 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Grunnskóla Grundarfjarðar frá 2002 til 2012. Eins og taflan sýnir hefur nemendum á hvert stöðugildi kennara og annarra starfsmanna farið fækkandi frá árinu 2002 með nokkrum undantekningum. Þannig voru 9,6 nemendur á hvert stöðugildi kennara í skólanum 2002 en í haust er gert ráð fyrir að nemendurnir verði 7,6 á hvert stöðugildi kennara. Þannig hefur nemendum á hvert stöðugildi kennara á þessu tímabili fækkað um tvo. Hins vegar fjölga nemendum á hvert stöðugildi annarra starfsmanna um 5,5 á tímabilinu. Nokkur breyting á sér stað á milli árána 2011 og 2012 en árið 2011 voru 19,8 nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna en nú er gert ráð fyrir að þeir verði 29,7. Þeim hafði fækkað nokkuð frá árinu 2002. Samtals voru nemendur á hvert stöðugildi við Grunnskóla Grundarfjarðar árið 2002 6,9 en gert er ráð fyrir að þeir verði 6 í haust en voru 5,7 árið 2011.

Ef nemendafjöldinn á hvert stöðugildi kennara í ár væri sá sami og var árið 2002, eða 9,6 nemendur á hvert stöðugildi í stað 7,6, væru kennarar við skólann í 10,5 stöðugildum en ekki 13,3 eins og þeir eru núna, eða væru 2,8 stöðugildum færri. Gera má ráð fyrir að hvert stöðugildi kennara kosti með launatengdum gjöldum um 6,5 millj. kr. á ári. Miðað við 2,8 stöðugildi eru þetta um 18,2 millj. kr.

Tafla 44: Laun starfsmanna við Grunnskóla Grundarfjarðar 2010 og 2011

	2011		2010	
	Kennarar	Aðrir starfsmenn	Kennarar	Aðrir starfsmenn
Mánaðarlaun	58.188.274	14.909.963	64.330.734	14.824.895
Yfirvinna félagsstörf	1.916.533	300.965	1.582.984	315.142
Forfallakennsla	685.088		350.421	
Kennsluyfirvinna grunnskóla	103.143		729.040	
Eingreiðsla	745.150	318.905		
Desemberuppbót	846.300	430.283		428.804
Annaruppbót	983.990		1.053.519	
Orlofsuppbót		213.327	1.058.799	179.576
Pottur			160.894	
Afnotagjöld síma				
Bifreiðastyrkir	1.165.372		1.108.464	12.870
Akstur skv. akstursbók				
Dagpeningar innanlands	9.700		24.900	
Orlof	334.448	622.290	334.730	535.442
Samtals	64.977.998	16.795.733	70.734.485	16.296.729

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 44 sýnir laun og starfsmannakostnað hjá Grunnskóla Grundarfjarðar á árinu 2010 og 2011.

Yfirvinna kennara vegna félagsstarfa, forfallakennslu og kennsluyfirvinnu var samtals 4,6% af föstum mánaðarlaunum kennara árið 2011 en 4,1% árið 2010. Þannig hefur þetta hlutfall hækkað lítillega á milli þessara ára. Lögð er áhersla á að reynt verði að haga yfirvinnu kennara þannig að hún sé ekki mikil umfram greiðslur vegna pottormsins svokallaða. Í viðræðum við skólastjóra kom fram að ekki sé mikil yfirvinna hjá kennurum umfram yfirvinnu skv. pottorminum.

Húsvörður er í 50% starfi við skólann og fær greidda fasta yfirtíð. Að auki hefur hann fengið greidda yfirtíð fyrir alla vinnu utan reglubundins vinnutíma. Það er mat skýrsluhöfundar að ganga eigi þannig frá ráðningarsamningum að föst yfirtíð nái yfir alla vinnu og óþægindi utan reglubundins vinnutíma, þannig að ekki eigi að koma til þess að greitt sé fyrir yfirtíð umfram fasta yfirvinnu.

Sum sveitarfélög hafa tekið alfarið fyrir það að greidd sé yfirtíð til annarra starfsmanna við skóla en þá til húsumsjónarmanns. Rökin eru þau að vinnutími annarra starfsmanna sé að jafnaði frá kl. 8:00 til 16:00. Skólahald er yfirleitt frá kl. 8:00 til 14:00, þannig sé erfitt að færa rök fyrir því að greiða þurfi yfirtíð. Að sjálfsögðu geta hér verið undantekningar. Í viðræðum við skólastjóra kom fram að lítið væri um yfirtíð hjá öðrum starfsmönnum.

Ástæðan fyrir háum orlofsgreiðslum til annarra starfsmanna er að flestir þeirra eru ekki með heilsársráðningu. Þeir eru með ráðningu þann tíma sem skólahald stendur yfir og þess vegna er greitt mánaðarlegt orlof ofan á laun þeirra.

Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra voru þrír starfsmenn s.l. vetur sem mættu kl.

7:45 og fengu greitt fyrir þessar 15 mínútur í yfirtíð. Gert er ráð fyrir að einn til tveir starfsmenn fái þessar greiðslur á næsta ári. Það er mat skýrsluhöfundar að haga eigi vinnudegi viðkomandi starfsmanna þannig að þessar 15 mínútur rúmist innan daglegs vinnutíma þannig að ekki sé greidd yfirtíð heldur álag. Einnig er spurning hvort húsumsjónarmaður geti ekki annast þessa opnun innan þess tíma sem hann fær greidda í fasta yfirtíð. Það fyrirkomulag er þekkt hjá mörgum öðrum sveitarfélögum að húsumsjónarmenn opna skóla og taka á móti nemendum fyrir kl. 8:00.

Skólaliðar og stuðningsfulltrúar sjá alfarið um alla gæslu og enginn starfsmaður fær frían mat. Þessir starfsmenn sjá enn fremur um matarskömmun og gæslu í búningaklefum í íþróttahúsi.

Skólastjóri er með fastan bifreiðastyrk, síðan hafa kennarar fengið greiddan bifreiðastyrk ef þeir hafa verið sendir út fyrir sveitarfélagið á vegum skólans.

Matur fyrir nemendur og kennara Grunnskóla Grundarfjarðar hefur verið keyptur af Kaffi 59. Allt síðastliðið skólaár var verð á stakri skólamáltíð frá verktakanum 556 kr.

Tafla 45: Verð á skólamáltíð frá verktaka í mars 2012 hjá nokkrum sveitarfélögum

	Ísafjarðar- bær	Sv. Skaga- fjörður	Grundar- fjarðarbær	Sandgerðis- bær	Sv. Álfta- nes
Verð á stakri máltíð frá verktaka	643	620	556	509	474/650

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 45 sýnir það verð sem greitt er fyrir staka skólamáltíð frá verktaka hjá fimm sveitarfélögum í mars 2012. Hjá Sveitarfélaginu Álftanes er sýnt tvenns konar verð, annars vegar fyrir þá sem kaupa skólamáltíð í fastri áskrift og hins vegar fyrir staka máltíð. Eins og þarna kemur fram er nokkur munur á því verði sem greitt er fyrir skólamáltíðir. Þjónustan sem er veitt er nokkuð svipuð. Starfsmaður kemur að því að skammta mat með aðstoð frá viðkomandi skóla og tekur til í eldhúsi. Hins vegar gæta starfsmenn skólans nemenda þegar þeir matast og taka til í matsal þegar matmálstíma er lokið. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra er fyrirkomulagið þannig í Grunnskóla Grundarfjarða að skólaliðar og stuðningsfulltrúar sjá um matarskömmun og gæslu. Maturinn kemur frá veitingastaðnum og hefur það verið eini valkosturinn síðustu ár. Nú er verið að kanna hvort hægt sé að samnýta eldhús leikskóla eða annarrar stofnunar og fá mat þaðan í skólann. Það gæti verið hagstæðara fyrir bæjarfélagið.

Í Grunnskóla Grundarfjarðar hafa skólaliðar matast með nemendum og gæta þeirra.

Fyrirkomulagið í Ísafjarðarbæ og Sandgerðisbæ er nokkuð áþekkt. Verktaki hefur aðgang að eldhúsi með öllu tilheyrandi frá sveitarfélaginu til matargerðarinnar. Einnig er honum heimilt að matreiða í eldhúsinu fyrir aðra. Þrátt fyrir það er verulegur munur á því verði sem greitt er fyrir máltíðina. Á hinum stöðunum sér verktakinn sjálfur alfarið um aðstöðuna til að elda matinn.

Í þessum samanburði skera Ísafjarðarbær og Sveitarfélagið Skagafjörður sig nokkuð úr fyrir hvað hátt verð er greitt fyrir skólamáltíðina samanborið við það sem er á hinum stöðunum. Verðið hjá Grundarfjarðarbæ er í miðju þessara fimm sveitarfélaga. Viðræður standa nú yfir við verktakann hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður um lækkan á verðinu.

Forráðamenn nemenda í Grunnskóla Grundarfjarðar borga 410 kr. fyrir hverja skólamáltíð, þannig greiðir sveitarfélagið hverja skólamáltíð niður um 146 kr.

Miðað við að skóladagarnir séu 180 og þar með skólamáltíðirnar var greitt fyrir hvern nemanda, sem fær fæði alla dagana, sem hér segir á skólaárinu miðað við verðlag í mars 2012:

Forráðamenn/foreldrar	410 kr. 180 máltíðir eða 73.800 kr.	73,7%
<u>Grundarfjarðarbær</u>	<u>146 kr. 180 máltíðir eða 26.280 kr.</u>	<u>26,3%</u>
Samtals	556 kr. 180 máltíðir eða 100.080 kr.	

Til samanburðar má taka Sveitarfélagið Álftanes sem hefur milligöngu um að leita eftir hagstæðasta tilboði á hverjum tíma í skólamáltíð fyrir nemendur í grunnskólanum en foreldrarnir borga fyrir fæðiskostnaðinn að fullu og greiða beint til verktakans. Þar kostar skólamáltíðin í áskrift 474 kr. sem verktakinn fær. Hann kemur með matinn tilbúinn í skólann og skaffar einn starfsmann til að skammta matinn. Miðað við sömu forsendur og hér að framan fær verktakinn fyrir hvern nemanda sem mætir í skólann alla daga, þ.e. 180 daga, 85.320 kr.

Skólamaturlag í 180 daga í Grunnskóla Grundarfjarðar	100.080 kr.
<u>Skólamaturlag í 180 daga í Álftanesskóla</u>	<u>85.320 kr.</u>
Mismunur	14.760 kr.

Hér er um 15 þús. kr. mun að ræða og edlilegt að kanna hvort ekki sé hægt að ná þessum kostnaði niður.

Tafla 46: Kostnaður við kaup á skólamáltíð frá nokkrum verktökum í 180 daga fyrir einn nemanda miðað við verðlag í mars 2012

	Ísafjarðar- bær	Sv. Skaga- fjörður	Grundar- fjarðarbær	Sandgerðis- bær	Sv. Álfta- nes
Verð fyrir skólamáltíð heilt skólaár	115.740	111.600	100.080	91.620	85.320

Tafla 46 sýnir kostnað við kaup á skólamáltíð frá verktökum fyrir einn nemanda á heilu skólaári, þ.e. 180 daga, hjá fimm sveitarfélögum. Eins og þarna kemur fram munar talsverðu.

Á árinu 2011 var greitt fyrir keyptar skólamáltíðir í Grunnskóla Grundarfjarðarbæjar 4.997 þús. kr. Upp í þennan kostnað greiddu foreldrar og kennarar 3.893 þús. kr. Þannig greiddi sveitarfélagið á árinu 2011 1.104 þús. kr. með skólamáltíðum, eða 22,1% af kostnaðarverðinu en lagði auk þess til starfsfólks vegna máltíðanna.

Tafla 47: Verð á skólamáltíðum hjá nokkrum grunnskólum vorið 2012

	Álftanes- skóli	Grunn- skólinn á Ísafirði	Garða- skóli	Grunn- skólinn Egils- stöðum	Grunn- skóli Grundar- fjarðar	Snæ- lands- skóli	Gilja- skóli	Grunn- skólinn í Hvera- gerði	Árskóli	Akur- skóli
Skólamáltíð í áskrift/Stök máltíð	474/650	433	428/550	425	410	395	350/473	310	305/395	275

Heimild: Fengið á vef viðkomandi sveitarfélaga og á vef Skólamálatiðar ehf.

Tafla 47 sýnir verð á máltíðum hjá nokkrum grunnskólum. Að auki innheimta sum sveitarfélög aukalega fyrir morgunmat og mjólk. Í því sambandi má t.d. nefna Akureyri, sem innheimtir 2.500 kr. af hverjum nemanda fyrir annaráskrift á mjólk og

5.700 kr. fyrir annaráskrift á ávöxtum.

Eins og taflan sýnir getur verið nokkur munur á því hvað sveitarfélög innheimta fyrir skólamáltíðir. Sum sveitarfélög greiða ekkert með skólamáltíðum eins og t.d. Sveitarfélagið Álftanes vegna Álftanesskóla. Önnur innheimta nánast að fullu fyrir máltíðirnar, bæði vegna hráefniskaupa og vinnulauna, í því sambandi má nefna Garðabæ. Eins og taflan sýnir voru fjögur sveitarfélög af þeim sem hér eru borin saman þar sem skólamáltíð var dýrari en hjá Grunnskóla Grundarfjarðar. Hins vegar voru fimm sveitarfélög þar sem skólamáltíðin var ódýrari.

Tafla 48: Fjöldi bekkjardeilda og nemenda í hverjum árgangi í Grunnskóla Grundarfjarðar skólaárið 2012/2013

	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. og 9. bekkur	10. bekkur	Samtals	
Fjöldi nemenda	10	12	10	11	10	6	6	8	14	14	101
Meðaltal í bekkjardeild											10,1

Heimild: Skólastjóri

Tafla 48 sýnir fjölda bekkjardeilda í hverjum árgangi og hvað margir nemendur verða í hverjum bekk í Grunnskóla Grundarfjarðar skólaárið 2012/2013. Spurning er hvort hægt er að fækka bekkjardeildum með samkennslu árganga.

Eins og fram kemur á töflunni er gert ráð fyrir 10 bekkjardeildum skólaárið 2012/2013. Einni bekkjardeild í hverjum árgangi nema í 7. bekk, þar sem gert er ráð fyrir tveimur bekkjardeildum. Síðan er gert ráð fyrir samkennslu í 8. og 9. bekk. Þannig er eingöngu gert ráð fyrir að vera með samkennslu í 8. og 9. bekk skólaárið 2012/2013. Eins og fram kemur á töflunni er gert ráð fyrir að meðaltali verði 10,1 nemandi í hverri bekkjardeild skólaárið 2012/2013. Gert er ráð fyrir að nemendur verði fæstir í 6. bekk eða sex nemendur, einnig í annarri bekkjardeildinni í 7. bekk. Flestir verða nemendur skv. þessu 14 í bekkjardeild. Verður það í 10. bekk og í einni sameiginlegri bekkjardeild fyrir 8. og 9. bekk. Hópaskipting í 6. og 7. bekk verður ekki alveg eins og hún er sett fram hér en það breytir engu varðandi fjölda kennslutíma frá því sem hér er sett upp skv. upplýsingum frá skólastjóra.

Engar sérstakar lagareglur gilda um fjölda nemenda í bekkjardeildum. Reynsla skýrsluhöfundar er að það hafi almennt verið sett nokkuð í hendur skólastjórnenda hvernig nemendum er raðað í bekkjardeildir og þá hvað mörgum. Þó hafa sum sveitarfélög fylgt ákveðnum reglum þar um. Reynslan hefur sýnt að skólastjórnendur almennt hafa haft færri nemendur í hverjum bekk í yngri bekkjardeildunum en þeim eldri. T.d. hefur skýrsluhöfundur heyrt því haldið fram að um 20 nemendur að hámarki í hverri bekkjardeild eigi að vera í fyrsta og öðrum bekk. Síðan 25 nemendur að hámarki í þriðja til sjöunda bekk og svo 27 nemendur að hámarki í áttunda til 10. bekk. Lögð er áhersla á að þetta er engin lögbundin regla.

Skýrsluhöfundur hefur orðið þess var að í skólum, þar sem nemendum hefur fækkað mikið, hafi verið tilhneiging til að halda einni bekkjardeild fyrir hvern árgang, sem leitt hefur til þess að bekkjardeildir verða fámennar, í stað þess að taka upp samkennslu árganga og fjölga þannig í bekkjardeildum.

Á undanförunum árum hefur verið að færast í vöxt hjá skólum að taka upp samkennslu árganga. Hefur þetta einnig átt sér stað í fjölmönnum skólum. Allmargir skólar í stærri sveitarfélögum hafa verið með samkennslu á milli árganga. Má þar nefna t.d.

Akurskóla í Reykjanesbæ. En hjá þeim skóla var launakostnaður á hvern nemanda árið 2011 613.542 kr., sem er með því lægsta sem gerist.

Tafla 49: Fjöldi nemenda í bekkjardeildum í Akurskóla í Reykjanesbæ skólaárið 2010/2011

	1. bekkur			2. og 3. bekkur					4. og 5. bekkur			6. og 7. bekkur			8. og 9. bekkur			10. bekkur	Samtals
Fjöldi nemenda í bekkjum	18	16	16	21	21	23	22	20	20	25	21	21	20	24	21	22	22	18	371
Meðalfjöldi	16,7			21,4					22			21,7			21,7			18,0	20,6

Heimild: Skólastjóri Akurskóla

Tafla 49 sýnir fjölda nemenda í bekkjardeildum í Akurskóla í Reykjanesbæ skólaárið 2010/2011. Eins og taflan sýnir er tveimur árgöngum kennt saman frá 2. til 9. bekkjar. Væntanlega skýrir þetta að hluta til hversu vel hefur tekist til hjá skólanum að halda launakostnaði niðri.

Tafla 50: Möguleg skipting í bekkjardeildir skólaárið 2012/2013 í Grunnskóla Grundarfjarðar?

	1. og 2. bekkur	2. og 3. bekkur	4. og 5. bekkur	5. og 6. bekkur	7. bekkur	8. og 9. bekkur	10. bekkur	Samtals
Fjöldi nemenda	16	16	16	11	14	14	14	101
Meðaltal í bekkjardeild								14

Heimild um nemendafjölda: Skólastjóri Grunnskóla Grundarfjarðar

Tafla 50 sýnir hvernig skýrsluhöfundur telur út frá rekstrarlegum forsendum að mögulegt væri að skipta nemendum á milli bekkjardeilda. Önnur skipting kemur vel til greina. Þetta er hér sett fram til umhugsunar um hvað er mögulegt. Samkvæmt þessu yrðu sjö bekkjardeildir í skólanum skólaárið 2012/2013 í stað 10 eins og nú er gert ráð fyrir, eða fækkun sem nemur þremur bekkjardeildum. Ef þetta er talið mögulegt myndi fást fram veruleg hagræðing. Þetta sýnir að minnsta kosti það að ýmsir möguleikar eru til staðar til að ná fram hagræðingu. Hins vegar er ljóst að horfa þarf til ýmissa kennslufræðilega þátta þegar ákvörðun er tekin um frekari samkenslu. Hér gæti verið um að ræða fækkun um a.m.k. tvær til þrjár kennarastöður. Ef gert er ráð fyrir að laun kennara með launatengdum gjöldum séu um 6,5 millj. kr. gerir það 13 millj. kr. miðað við fækkun um tvö stöðugildi kennara og 19,5 millj. kr. ef fækkað yrði um þrjú stöðugildi.

Lögð er áhersla á að hér er fyrst og fremst horft á rekstrarlegar forsendur en eflaust geta verið kennslufræðileg rök fyrir því að hafa fyrirkomulagið ekki svona. Hins vegar verður að meta þetta og komast að niðurstöðu um það hvor rökin vegi hér þyngra.

Skólastjóri hefur gert eftirfarandi athugasemd við þessa framsetningu: „Sé þessa skiptingu hér að ofan ekki ganga upp miðað við núverandi stöðu. Þegar um samkensluhópa er að ræða þá er betra að halda sömu hópunum saman í kennslu eins og hægt er. Það flækir mjög hlutina ef t.d einn bekkur yrði með eldri nemendum eitt árið en færi síðan í samkenslu með yngri hópi næsta árið. Hópurinn sem er í 6. og 7. bekk hefur verið sérstaklega til skoðunar með ráðgjöfum og reikna ég ekki með að við blöndum yngri árgangi inn í þann samkensluhóp. Hins vegar er í skoðun hvort ekki megi samkenna meira í 2. og 3. bekk annars vegar og þá 4. og 5. bekk hins vegar.“

Af hálfu skýrsluhöfundar er lögð áhersla á að þetta er sett fram hér sem hugmynd og þá sérstaklega til að vekja athygli á að samkensla eigi fyllilega að koma til greina hjá skólanum í meira mæli en verið hefur.

TÓNLISTARSKÓLI GRUNDARFJARÐAR

Tónlistarskólinn hefur aðsetur í kjallara íþróttahússins.

Við skólann eru fimm fastráðnir kennarar. Þrír eru í 100% starfi, einn í 70%, einn í 50% starfi og einn í 87% starfi, eða samtals 5,07 stöðugildi. Sá sem er í 70% starfi er ekki fastráðinn. Ekki er um önnur störf að ræða við skólann nema vegna ræstinga.

Hver nemandi fær eina klukkustund í viku í einkatíma og eina klukkustund í hóptíma í tónfærði o.fl. Hver kennslutími stendur yfir í hálfa klukkustund.

Skólastjóri hefur ekki getað skipulagt vinnuna endanlega fyrr en í ágúst ár hvert, því ekki hefur legið fyrir fyrr en þá um nemendafjölda. Nemendur við skólann hafa verið um 100.

Kennsluskylda kennara er um 20 klst. á viku nema hjá skólastjóra. Hjá honum er hún 6 klst. Nokkur yfirvinna hefur verið hjá skólastjóra. Að sögn skólastjóra eru yfirvinnulaun skólastjóra umtalsvert lægri en kennara pr. klst. og því augljóslega hagkvæmara að skólastjóri sinni yfirvinnu fremur en kennarar sé þess nokkur kostur.

Kennslan hefst um leið og kennslu lýkur í grunnskólanum. Andstaða hefur verið gegn því að taka nemendur úr kennslutímum í grunnskólanum vegna náms í tónlistarskólanum.

Venjulegum kennsludegi lýkur á tímabilinu frá kl. 18:00 til 19:00. Kennarar fá álag á laun eftir kl. 17:00, ef þeir eru ekki að vinna í yfirvinnu.

Kennari, sem er í hlutastarfi, annast ræstingu skólahúsnaðisins. Fyrir það er greitt skv. kjarasamningi um ræstingar.

Einn kennari kemur frá Reykjavík einu sinni í viku og gistir eina nótt á hótelinu. Tónlistarskólinn greiðir bæði fyrir aksturinn og gistinguna. Fyrir aksturinn er greitt skv. sérstöku samkomulagi við viðkomandi.

Tafla 51: Útgjöld vegna launa við Tónlistarskóla Grundarfjarðar árið 2011

		Hlutfall af mánaðarlaunum
Mánaðarlaun kennara	16.816.419	
Ræstingarlaun	1.191.178	
Yfirvinna (+orlof)	3.059.492	} 21,7%
Launahluti pottur	58.140	
Álag	534.985	
Önnur laun (eingreiðsla+300 þús. útselt)	501.945	
Desemberuppbót	641.862	
Bifreiðastyrkir	475.485	
Launatengd gjöld	5.670.201	
Samtals	28.949.707	

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 51 sýnir launaútgjöld og bifreiðastyrki á árinu 2011 vegna tónlistarskólans. Eins og taflan sýnir voru yfirvinnu- og álagsgreiðslur um 21,7% af mánaðarlaunum

kennara. Þetta hlutfall verður að teljast nokkuð hátt og ber að skoða. Til samanburðar var þetta hlutfall hjá Grunnskóla Grundarfjarðar vegna kennara 4,6%. Skólastjóri gerði eftirfarandi athugasemd við þetta: „Svipaður nemendafjöldi er í skólunum, en að öllu öðru leyti ósambærilegar stofnanir. Spurning hvort ekki sé eðlilegra að gera tölulegan samanburð, ef gera á samanburð yfirleitt?“

Þó aðstæður á milli skóla geti verið nokkuð mismunandi leyfir skýrsluhöfundur sér að geta þess til samanburðar að þetta hlutfall var 5,4% hjá Tónlistarskóla Skagafjarðar árið 2011.

Tafla 52: Tekjur og heildar rekstrarkostnaður vegna Tónlistarskóla Grundarfjarðar árið 2011

Tekjur af skólagjöldum, hljóðfæraleigu og af öðru	4.731.450
Heildar rekstrarkostnaður	34.325.661
Tekjur sem hlutfall af rekstrarkostnaði	13,8%

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 52 sýnir tekjur af skólagjöldum, hljóðfæraleigu og af öðru og heildar rekstrarkostnað Tónlistarskóla Grundarfjarðar. Eins og taflan sýnir voru tekjur skólans um 14% af rekstrarkostnaði við hann.

Tafla 53: Gjaldskrár tónlistarskóla hjá nokkrum sveitarfélögum vorið 2012

	Tónlistarskóli Grundarfjarðar ¹⁾	Tónlistarskóli Skagafjarðar ¹⁾	Tónlistarskóli Vestmannaeyja ²⁾	Tónlistarskóli Ísa-fjarðar ¹⁾	Tónlistarskóli Borgarfjarðar ²⁾	Tónlistarskóli Fljótsdals-héraðs	Tónlistarskóli Seltjarnarness ¹⁾	Tónlistarskólar í Fjarðabyggð ²⁾	Tónlistarskólinn á Akranesi ¹⁾
Byrjendur 8 ára og yngri (1/2 nám); kennslutími 2*15 mín. á viku									
Eldri byrjendur og nemendur 1. stigi: 2*20 mín á viku				53.600					
Forskóli							38.300		34.335
Hljóðfæranám	57.960	59.598	29.300	69.900	29.458	59.000	78.100	26.800/53.600 ³⁾	66.380
Hljóðfæranám, fullorðnir	107.100				101.970				
Hljóðfæranám, framahaldsnám		70.191				65.200	84.900		72.100
Hljóðfæranám (1/2 nám)	34.650	39.735	17.100		17.755	44.500		17.900/35.800	42.345
Hljóðfæranám (1/2 nám), 21. árs og eldri	64.260								
Söngnám	57.900/107.100		40.300	53.600		59.000			
Söngnám (1/2 nám)	34.650/64.260		22.600						
Blokkflauta, 2 eða fleiri	31.710		14.650						
Innritunargjald			4.250						
Hljóðfæraleiga	12600/13.600	10.000	4.250	7.800	5.665	11.000	8.650	5.500	
1) Gjald fyrir vor- og haustönn									
2) Gjald fyrir vorönn									
3) 20 ára og yngri/21 árs og eldri									

Heimild: Vefsíður viðkomandi sveitarfélaga

Tafla 53 sýnir gjaldskrár hjá nokkrum tónlistarskólum vorið 2012. Taflan sýnir ekki öll gjöld sem sumir af þessum skólum innheimta. Einnig er nokkuð mismunandi hvaða afslátt skólarnir veita.

Eins og fram kemur á töflunni innheimta sjö tónlistarskólar af átta hærra gjald fyrir hljóðfæranám en Tónlistarskóli Grundarfjarðar. Af þessum skólum er gjaldið hæst hjá Tónlistarskóla Seltjarnarness sem innheimtir 78.100 kr. fyrir skólaárið. Til samanburðar innheimtir Tónlistarskóli Grundarfjarðar 57.960 kr. Mismunurinn er

20.140, eða 35%.

Eins og þarna kemur fram er gjaldið það sama fyrir alla aldurshópa nema hjá tveimur skólum. Annar þeirra er Tónlistarskóli Grundarfjarðrar þar sem innheimt er 107.100 kr. fyrir 21 árs og eldri í hljóðfæranámi. Þannig er gjaldið nokkuð hátt hjá 21 árs og eldri hjá Tónlistarskóla Grundarfjarðar í þessum samanburði.

MENNINGARMÁL – BÓKASAFN

Við bókasafnið er einn starfsmaður í 55% starfi. Auk þess er hann í 15% starfi við skjalasafn á bæjarskrifstofu. Starfsmaðurinn er því í samtals 70% starfi.

Vinnutíminn hjá starfsmanninum er frá kl. 9:00 til 12:00 og frá kl. 14:00 til 18:00 mánudaga til fimmtudaga. Engin yfirtíð er unnin á safninu. Vegna opunar á milli kl. 17:00 og 18:00, sem á að greiðast fyrir með álagi, hefur starfsmaðurinn unnið 1½ klukkustund skemur í viku hverri en vinnuskylda segir til um, á móti því að fá ekki greitt álag.

Opnunartími bókasafnsins er sem hér segir:

Mánudaga til fimmtudaga er opið frá kl. 15:00 til kl. 18:00.

Þriðjudaga og miðvikudaga er að auki opið á skólatíma FSN frá kl. 14:00 til kl. 15:00.

Starfsmaðurinn telur að lítið myndi vinnast með því að stytta opnunartímann þar sem hann er hvort sem er að vinna og geti því eins haft opið. Ýmis vinna tínist til auk afgreiðslu; svara þarf pósti, fylgjast með nýjum útgáfum, þvottur og röðun, auglýsingar og uppfærsla vefsíðu bókasafnsins með kynningu á safnkosti eftir föngum, samskipti og eftirlit með lánnum til leikskóla og grunnskóla, tölvutenging bókasafns við kerfi grunnskólans og umsjón með gegnistengingu á bókasafni og í grunnskóla, ársskýrsla og rekstrar- og starfsáætlanir. Grisjun, hreinsun tölvupósts og frátekt skjala, lagfæring á gegnisfærslum, kynningarbæklingar, efnisskráningar o.fl. er nokkrum sinnum á ári og fær oft að sitja á hakanum vegna tímaskorts.

Að hafa opnunartíma styttri hefur engan fjárhagslegan ábata nema ef ráða þarf í afleysingar vegna veikinda eða fría að mati starfsmanns. Vorið 2011 ákvað bæjarstjórn að hætta að fjármagna afleysingar.

Skólabókasafnið er í bókasafninu en vegna þess kemur starfsmaður úr skólanum með nemendum. Starfsmaður bókasafnsins svaraði spurningunni um hvort hægt væri að sameina starf hans og skólabókavarðar á eftirfarandi hátt: „Ég hef tímann og þekkinguna. Á móti kemur að ég gæti ekki sinnt skjalavinnu jafnframt. Starfsmaður skólans sem kemur með börnin vinnur þó nokkra vinnu að auki við útlán til nemenda og skólastofa og eftirfylgni með þeim, þvott og frágang, tengingu við gagnagrunn, plöstun og merkingar. Nokkrar safndeildir eru í skólastofum sem fylgjast þarf með. Mín vinna við skólabókasafn grunnskólans felst í lagfæringum og eftirliti með gegnistengingu (samskrá íslenskra bókasafna á vefnum), sem oftast er í lagi, og samantekt á skýrslum vegna skila á bókum. Þarna er spurning um nýtingu á reynslu og þekkingu starfsmanna og tilfærslur á verkefnum milli þeirra.“

Starfsmaður bókasafnsins keypti áður bækur fyrir yndislestur skólabarna en nú er því hætt.

Bækur fyrir bókasafnið hafa verið keyptar af Hrannarbúðinni með 15% afslætti. Á ári

hverju hafa verið keyptar bækur fyrir um 500 þús. kr.

MENNINGARMÁL – EYRBYGGJA - SÖGUMIÐSTÖÐ

Í gildi er samstarfssamningur á milli Grundarfjarðarbæjar og Eyrbyggju - Sögumiðstöðvar. Samningurinn var undirritaður í nóvember 2007 og gildir fyrir árin 2007 til og með 2012. Samningurinn endurnýjast sjálfkrafa í eitt ár í senn hafi honum ekki verið sagt upp fyrir 1. nóvember 2012 og síðan 1. nóvember ár hvert.

Samkvæmt samningnum greiðir Grundarfjarðarbær framlag til Eyrbyggju - Sögumiðstöðvar fjórar millj. kr. á ári, sem breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs og þá væntanlega frá því í nóvember 2007. Á árinu 2011 var framlagið 5.200 þús. kr.

Samkvæmt samningnum sinnir Eyrbyggja - Sögumiðstöð eftirfarandi verkefnum:

- A. Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn
- B. Ljósmyndasafni Bærings Cecilssonar
- C. Sýningahaldi, fræðslu og samvinnu
- D. Lán á húsnæði fyrir ýmis konar starfsemi á vegum bæjarins
- E. Önnur verkefni

MENNINGARMÁL – SAMKOMUHÚS – VEITINGAREKSTUR

Í gildi er ráðningarsamningur við tvo aðila um umsjón með Samkomuhúsi Grundarfjarðar. Samkvæmt samningnum er greitt fyrri 25% starf sem umsjónarmenn skipta á milli sín. Síðan er greitt aukalega fyrir unna tíma fyrir innkaup, undirbúning og frágang skemmtana og funda skv. vinnulista eins og segir í samningnum. Launakostnaður á árinu 2011 var samtals 2.593 þús. kr.

Leigutekjur voru bókfærðar 4.135 þús. kr. á árinu 2011. Samkvæmt upplýsingum frá bæjarstjóra er hér að mestu um að ræða millifærslur frá öðrum stofnunum bæjarfélagsins.

Veitingareksturinn skv. bókhaldi stóð að mestu undir sér á árinu 2011.

MENNINGARMÁL – Á GÓÐRI STUND OG RÖKKURDAGAR

Á góðri stundu er bæjarhátíð. Frá árinu 2011 hefur Sveitarfélagið lagt til ákvedna upphæð og ekki borið kostnað umfram það skv. upplýsingum frá bæjarstjóra.

Rökkurhátíð er hausthátíð. Sveitarfélagið var áður með starfsmann sem sá um hátíðina en óvíst er hvernig staðið verður að hátíðinni í ár.

ÆSKULÝÐS- OG ÍPRÓTTAMÁL

Æskulýðs- og íþróttamál heyra undir skrifstofustjóra.

Sumarnámskeið

Leikjanámskeið yfir sumarið. Hefur verið mismunandi á milli ára. Í ár stýrði kennaranemi námskeiðunum.

Vinnuskólinn

Ráðinn hefur verið aðili sem séð hefur um vinnuskólann en í nánu samstarfi við áhaldahúsið. Í ár sá yfirmaður félagsmiðstöðvar um vinnuskólann. Fáir hafa sótt um störf hjá vinnuskólanum þar sem unglingarnir hafa fengið önnur störf í bæjarfélaginu.

Félagsmiðstöðin Eden

Er félagsmiðstöð unglunga og hefur aðsetur í grunnskólanum. Þar eru tveir starfsmenn, forstöðumaður í 32% starfi, sem sér um reksturinn, og aðstoðarmaður í afleysingum og vegna stærri viðburða.

Íþróttahús og sundlaug

Yfir vetramánuðina er einn starfsmaður við íþróttahúsið, vaktstjóri, en nýlega var ráðinn forstöðumaður íþróttamannvirkja sem hefur víðara starfssvið en vaktstjórinn hafði. Sundlaugin er lokuð yfir vetramánuðina.

Auk þess að starfa við íþróttahúsið sér forstöðumaður íþróttamannvirkja m.a. um rekstur allra íþróttamannvirkja, létt viðhald, öryggisgæslu, samskipti við notendur íþróttamannvirkja, eftirlit með útgjöldum og starfsmannahald.

Á skólatíma hafa skólaliðar séð um gæslu búningsklefa á móti starfsmanni íþróttahússins. Starfsemi á vegum ungmennafélagsins er í íþróttahúsinu á veturna eftir að skólatíma lýkur. Þá þarf að bæta við öðrum starfsmanni vegna búningsklefagæslu. Um er að ræða nýjan starfsmann sem verður frá ca. kl. 13:00 til 17:00 á virkum dögum þegar barnastarfi UMFG lýkur.

Sundlaugin er lokuð yfir vetramánuðina. Hún er opnuð um páska og er opin fram í miðjan ágúst fyrir almenning á hvert. Skólasund er á vorin og haustin. Sundlaugin er rekin ár hvert frá apríl til september.

Yfir sumarmánuðina er sundlaugin opin frá kl. 7:00 til 20:00 og um helgar frá kl. 10:00 til 17:00.

Opnunartími íþróttahúss á veturna ræðst af því hvenær ungmennafélagið hættir æfingum á kvöldin. Bæjarstjóri sér fyrir sér að annar starfsmaður þurfi að koma til að ganga frá á kvöldin eftir að starfsemi ungmennafélagsins lýkur. Hins vegar telur hann að það þurfi ekki að vera starfsmaður í húsinu þegar æfingar á kvöldin fara fram á vegum ungmennafélagsins. Yfirleitt er um að ræða fullorðið fólk í blaki o.þ.h.

Athygli vekur mikill orkukostnaður vegna íþróttahúss og sundlaugar, sem er vegna olíukyndingar á húsnæðinu. Á árinu 2011 var hann sem hér segir:

Rafmagn	725.372 kr.
<u>Heitt vatn</u>	<u>8.629.950 kr.</u>
Samtals	9.355.322 kr.

Samkvæmt þessu var orkunotkun vegna íþróttahúss og sundlaugar á árinu 2011 9.355 þús. kr. sem er mjög mikið fyrir ekki stærra húsnæði og að sundlaugin er eingöngu opin yfir sumarmánuðina.

Í þessu sambandi er rétt að benda á mikinn orkukostnað hjá grunnskólanum en hann var sem hér segir árið 2011 með tónlistarskólanum:

Rafmagn	843.223 kr.
Heitt vatn	6.844.542 kr.
Samtals	7.687.765 kr.

Samtals var orkukostnaður vegna íþróttahúss og grunnskólans á árinu 2011 17.043 þús. kr. Leggja ber áherslu á að leita verði allra leið til að ná þessum kostnaði niður.

Íþróttavöllur

Ungmennafélagið sér um íþróttavöllinn skv. samningi. Íþróttavöllur fer nokkuð umfram upphaflega fjárhagsáætlun vegna ársins 2011 eins og málaflokkurinn almennt gerir. Vegna íþróttavallarins og samningsins sem um hann gildir er ungmennafélaginu ekki heimilt að stofna til kostnaðar nema með samþykki skrifstofustjóra. Ástæðan fyrir umframkeyrslunni er m.a. sú að það þurfti að endurbyggja varamannaskýli sem eyðilögðust í óveðri.

SLÖKKVILIÐ GRUNDAFJARÐAR

Slökkviliðsstjóri er í 10% starfi sem slökkviliðsstjóri, síðan er hann í 90% starfi sem verkstjóri í áhaldahúsi. Slökkviliðsstjóri fær að auki 7 klukkustundir í yfirtíð á mánuði. Fyrir alla vinnu utan reglubundins vinnutíma er greitt sérstaklega.

Einn stjórnandi er á bakvakt allar helgar, þrjú deila þeim með sér. Bakvaktirnar eru frá kl. 17:00 á föstudegi til kl. 8:00 á mánudagsmorgni. Er þetta fyrirkomulag allt árið með þremur undantekningum, um áramót, verslunarmannahelgi og þegar bæjarhátíðin stendur yfir en þá eru fimm menn á bakvakt. Slökkviliðsstjóri tekur bakvaktir þriðju hverja helgi.

Þannig er greitt fyrir bakvaktir um helgar í 63 klukkustundir, sem gerir rúmar 60 þús. kr. í útgjöld fyrir slökkviliðið. Spurning er hvort ekki megi draga úr þessum kostnaði?

Í Slökkviliðinu eru skráðir 20 slökkviliðsmenn, en samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðsstjóra eru 12 þeirra virkir. Æfing er mánaðarlega. Gert er ráð fyrir að slökkviliðsmenn skili 45 klst. í æfingar á ári.

Slökkviliðið sinnir Grundarfirði. Samstarfssamningur er á milli allra sveitarfélaga á Vesturlandi um brunavarnir.

Tækjakostur slökkviliðsins eru tveir bílar, reykköfunarbúnaður fyrir sjö, gallar fyrir 20, klippur ásamt öðrum búnaði til brunavarna.

Eldvarnareftirlitið er í höndum Eldstoða samkvæmt samningi þar um. Á árinu 2011 var greitt vegna eldvarnareftirlitsins 845 þús. kr.

Slökkviliðsstóri sér um að allur búnaður sé í lagi og að allir loftkútar séu tilbúnir til notkunar en handslökkvitæki eru fyllt annarstaðar.

Tafla 54: Launaútgjöld Slökkviliðs Grundarfjarðar árið 2011

		Hlutfall af heildarlaunum
Mánaðarlaun	495.088	
Yfirvinna	1.529.016	
Föst yfirvinna	268.987	
Endurgreiddur sími	298.161	
Álag	2.781.040	54,8%
Bifreiðastyrkir		
Launatengd gjöld	1.213.041	
Samtals	6.585.333	

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 54 sýnir launaútgjöld vegna Slökkviliðs Grundarfjarðar árið 2011. Eins og þar kemur fram voru bakvaktgreiðslur um 55% af heildar launagreiðslum. Þannig voru bakvaktgreiðslur rúmlega helmingur af launagreiðslum slökkviliðsins.

Greiddar eru bakvaktir til eins yfirmanns frá kl.17:00 á föstudögum til kl. 8:00 á mánudagsmorgnum, sbr. hér að framan.

Þegar eru brunaútköll eða æfingar fá slökkviliðsmenn greiddar að lágmarki fjórar klukkustundir fyrir útkallið. Ef útkall er um helgar þá er ekki greidd bakvakt á meðan.

Tafla 55: Útgjöld hjá samanburðar sveitarfélögum vegna bruna- og almannavarna árið 2010 í þús. kr.

	Stykkis- hólms- bær	Eyja- fjarðar- sveit	Þing- eyjar- sveit	Vestur- byggð	Blá- skóga- byggð	Grundar- fjarðar- bær	Bolungar- víkur- kaup- staður	Blöndu- óssbær	Hruna- manna- hreppur	Dala- byggð	Seyðis- fjarðar- kaup- staður
Íbúafjöldi 1. desember 2010	1.103	1.029	946	891	942	903	887	900	793	687	669
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	-892		-784	-716	-697		-230		-604		-1.257
Laun og launatengd gjöld	5.901		929	3.387		6.438	8.632		3.577	7.280	34
Annar rekstrarkostnaður	10.235	8.972	5.982	9.294	16.858	8.325	7.965	1.830	4.635	7.865	7.575
Brunavarnir samtals	15.244	8.972	6.127	11.965	16.161	14.763	16.367	1.830	7.608	15.145	6.352
Sameiginlegir liðir samtals			5.623	5.182					-1.863		
Almannavarnir og öryggismál			363	1.912	126		565	17.587	163		-775
Ýmsir styrkir og framlög samtals	600	77	1.131	574	2.218	1.150		1.680	847	204	
Brunavarnir og almannavarnir samtals	15.844	9.049	13.244	19.633	18.505	15.913	16.932	21.097	6.755	15.349	5.577

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 55 sýnir kostnað vegna brunavarna og almannavarna hjá samanburðar sveitarfélögum árið 2010 og íbúafjölda 1. desember 2010. Eins og taflan sýnir er þessi kostnaður mismunandi, frá 5.577 þús. kr. hjá Seyðisfjarðarkaupstað í 21.097 þús. kr. hjá Blönduóssbæ, þar sem hann var hæstur hjá þessum sveitarfélögum. Þessi mikli munur á útgjöldum vegna bruna- og almannavarna hlýtur að kalla á það almennt hjá sveitarfélögum að útgjaldaliðurinn verði tekinn til endurskoðunar. Ætla verður að hvert sveitarfélag gæti fyllsta öryggis í brunavörnum. Eins og þarna kemur fram voru útgjöldin nettó hærrí hjá fjórum af samanburðar sveitarfélögum en hjá Grundarfjarðarbæ.

Tafla 56: Útgjöld hjá samanburðar sveitarfélögunum vegna brunavarna og almannavarna árið 2010 á hvern íbúa

	Stykkis- hólms- bær	Eyja- fjarðar- sveit	Þing- eyjar- sveit	Vestur- byggð	Blá- skóga- byggð	Grundar- fjarðar- bær	Bolungar- víkur- kaup- staður	Blöndu- óssbær	Hruna- manna- hreppur	Dala- byggð	Seyðis- fjarðar- kaup- staður
Íbúafjöldi 1. desember 2010	1.103	1.029	946	891	942	903	887	900	793	687	669
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	-809	0	-829	-804	-740	0	-259	0	-762	0	-1.879
Laun og launatengd gjöld	5.350	0	982	3.801	0	7.130	9.732	0	4.511	10.597	51
Annar rekstrarkostnaður	9.279	8.719	6.323	10.431	17.896	9.219	8.980	2.033	5.845	11.448	11.323
Brunavarnir samtals	13.820	8.719	6.477	13.429	17.156	16.349	18.452	2.033	9.594	22.045	9.495
Sameiginlegir liðir samtals			5.944	5.816					-2.349		
Almannavarnir og öryggismál			384	2.146	134		637	19.541	206		-1.158
Ýmsir styrkir og framlög samtals	544	75	1.196	644	2.355	1.274		1.867	1.068	297	
Brunavarnir og almannavarnir samtals	14.364	8.794	14.000	22.035	19.644	17.622	19.089	23.441	8.518	22.342	8.336

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 56 sýnir útgjöld og tekjur vegna brunamála og almannavarna á hvern íbúa hjá samanburðar sveitarfélögunum árið 2010. Eins og þar kemur fram eru fimm þeirra með hærri kostnað á hvern íbúa vegna brunamála og almannavarna en Grundarfjarðarbær. Eins og í töflu 55 er nokkur munur á þessum kostnaði á milli sveitarfélaga. Lægstur er kostnaðurinn á hvern íbúa hjá Seyðisfjarðarkaupstað, þar sem kostnaðurinn var 8.366 kr. á hvern íbúa árið 2010. Munurinn miðað við Grundarfjarðarbæ er 9.286 kr., sem útgjaldaliðurinn er hærri á hvern íbúa hjá Grundarfjarðarbæ. Seyðisfjarðarkaupstaður er aðili að Brunavörnum á Austurlandi, þannig rekur sveitarfélagið eitt og sér ekki slökkvilið.

Taka ber svona samanburð með fyrirvara þar sem aðstæður geta verið mismunandi. Hins vegar eins og áður má taka þennan samanburð sem vísbendingu um hvað betur mætti gera.

ÁHALDAHÚS

Í áhaldahúsi er einn starfsmaður, verkstjóri, í 90% starfi á móti 10% starfi hjá Slökkviliði Grundarfjarðar. Vinnutími verkstjóra er á virkum dögum frá kl. 8:00 til kl. 19:00. Hann er með fasta yfirtíð 55 klst. á mánuði.

Ef verkstjóri vinnur utan þessa tímabilsins, þ.e. frá kl. 8:00 til kl. 19:00, er greitt sérstaklega fyrir það til viðbótar við fasta yfirtíð. Bæjarstjóri samþykkir þá umfram tíma. Bæjarverkstjóri annast öll hefðbundin verkefni áhaldahúss hjá sveitarfélaginu fyrir utan umsjón með húseignum sveitarfélagsins og vatnsveitu, en hún er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Lionsfélagar sjá um öll jólaljós á vegum sveitarfélagsins gegn fastri greiðslu, 300 þúsund kr. á ári. Innifalið í því er allt viðhald og endurnýjun.

Í sumar (2012) voru ráðnir níu menn með flokksstjóra vinnuskóla, þar af einn í 50% starf, einn í 30% við áhaldahús og 70% á höfnina. Bæjarverkstjóri skipuleggur vinnuskólann í samstarfi við flokksstjóran.

Þeir sem koma í áhaldahúsið á sumrin eru í um 80% starfi við grasslátt og í um 20% starfi við önnur störf í áhaldahúsi. Umsóknir fyrir vinnuskóla berast á bæjarskrifstofu. Krakkar í vinnuskólanum eru hálfan daginn, fjóra daga í viku og hver hópur fær 16 daga í vinnu. Það er misjafnt hvað margir unglingar eru ráðnir við vinnuskólann yfir

sumarið, t.d. voru 10 umsóknir í ár. Fer þetta eftir því hvað er um að vera hjá fiskvinnslunni.

Vinnutími starfsmanna, sem ráðnir eru í áhaldahúsið yfir sumarið, er 8 tímar á dag, yfirvinna er nánast engin. Ef starfsmenn ættu að vera færri þyrfti að bjóða einhverja þætti út, t.d. slátt, að sögn bæjarverkstjóra.

Golfklúbburinn hefur séð um sláttinn á fótboltavellinum og tvö önnur stór svæði. Fyrir það fékk Golfklúbburinn greitt 1.511.289 kr. árið 2011

Ástand fráveitu er ekki gott að sögn bæjarverkstjóra. Töluvert hefur verið um bilannir, þá aðallega stíflur. Lengja þarf allar útrásir.

Bæjarverkstjóri hefur til umráða einn bíl og litla gröfu. Jafnframt hefur áhaldahúsið öll áhöld til að sinna grasslætti og hin ýmsu verkfæri til að reka viðhaldsþjónustu fyrir þau.

Á veturna sér bæjarverkstjóri um að moka snjó af gangstéttum en mokstur á götum hefur verið boðinn út. Bæjarverkstjóri skrifar upp á alla reikninga vegna snjómoksturs og fylgist með að þeir séu réttir. Bæjarverkstjóri biður um snjómokstur og tekur ákvörðun um hvenær honum skuli hætt.

Af hverri greiðslu til verktakans er haldið eftir 8% af samningsupphæð vegna skemmda, sem geta orðið vegna mokstursins. Þegar þetta var sett inn í samninginn lækkaði kostnaður vegna skemmda mikið.

Bæjarverkstjóri á mikið samstarf við starfsmann hafnarinnar. Hann aðstoðar hafnarstarfsmanninn þegar mikið er um að vera hjá honum. Þegar um það er að ræða er vinnan útseld frá áhaldahúsi á 3.953 kr. per klukkustund, verkstjóri, og 2.415 kr. per klukkustund, aðrir verkamenn.

Bæjarverkstjórinn hefur síðan stundum fengið aðstoð frá höfninni. Í sumar vegna hafnaverndar hefur þurft mann til að vera í vakthúsi. Sá starfsmaður hefur verið í áhaldahúsinu þegar minna hefur verið að gera í vakthúsinu.

Þegar meiriháttar bilanir verða eru kallaðir til verktakar og hefur bæjarverkstjóri þá yfirumsjón og eftirlit með vinnu þeirra.

UMSJÓNARMAÐUR FASTEIGNA

Umsjónarmaður fasteigna hefur starfsheitið ráðsmaður. Hann er í 50% starfi sem umsjónarmaður fasteigna og 50% sem húsvörður við grunnskólann.

Húseignirnar, sem hann hefur umsjón með, eru 18 leiguíbúðir, leikskólinn, bæjarskrifstofan, bókasafn, samkomuhúsið, grunnskólinn og tónlistaskólinn.

Daglegur vinnutími er frá kl. 8:00 til 19:00. Starfsmaðurinn er með fasta yfirtíð 65 klst. Ef um útkall er að ræða utan reglubundins vinnutíma er greitt sérstaklega fyrir það. Hann skrifar tíma, sem unnir eru utan reglubundins vinnutíma, sem bæjarstjóri samþykkir síðan.

Bæjarstjóri er næsti yfirmaður nema vegna húsvarðarstarfsins við grunnskólann, en þá heyrir hann undir skólastjóra.

Starfsaðstaða umsjónarmannsins er í litlu húsi fyrir ofan bókasafnið. Húsið var keypt til niðurrifs. Umsjónarmaðurinn hefur unnið með starfsmanni áhaldahússins þegar hann hefur þurft aðstoð.

Ráðsmaðurinn hefur tekið sumarfríið margskipt yfir árið.

Brunakerfi eru í grunnskólanum, leikskólanum, bókasafninu og í fleiri fasteignum. Eingöngu er um að ræða brunakerfi. Öryggismiðstöðin fær fyrst boðun, síðan er hringt í umsjónarmanninn. Spurning er hvort ekki væri hægt að láta boðunina koma beint til hans og spara þann kostnað sem greiddur er til Öryggismiðstöðvarinnar vegna vöktunarinnar.

Greiðslur vegna þessa fyrir árið 2011 voru 169.766 kr.

Ráðsmaður hefur bíl til umráða. Sveitarfélagið er með þrjá bíla. Höfnin hefur einn, ráðsmaður einn og áhaldahúsið einn. Umsjónarmaðurinn fær engan bifreiðastyrk greiddan.

SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL

Í gildi er samningur við Snæfellsbæ um verkefni skipulags- og byggingarfulltrúa Grundarfjarðarbæjar. Samkvæmt samningnum er bæjartæknifræðingur Snæfellsbæjar jafnframt skipulags- og byggingarfulltrúi fyrir Grundarfjarðarbæ.

Samningurinn er frá 1. febrúar 2011 og er ótímabundinn. Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara.

Samningurinn miðast við að unnar séu að jafnaði um 24 klukkustundir á mánuði, eða sem samsvarar um 15% starfshlutfalli. Skýrsluhöfundur mælir með þessu fyrirkomulagi.

Í viðræðum við bæjarstjóra kom fram að búið væri að segja samningnum upp munnlega en leitað hafi verið eftir áframhaldandi samstarfi um starf byggingar- og skipulagsfulltrúa. Einnig hafi verið leitað til annarra sveitarfélaga um samstarf en ekki tekist.

Vegna þess væri nú til athugunar að ráða aftur í starf byggingar- og skipulagsfulltrúa hjá sveitarfélaginu.

BÆJARSKRIFSTOFA

Á bæjarskrifstofu Grundarfjarðarbæjar eru fimm starfsmenn í 4,05 stöðugildum með bæjarstjóra. Um er að ræða bæjarstjóra, skrifstofustjóra, launafulltrúa, í 65% starfi, bókara í 90% starfi og þjónustufulltrúa í 50% starfi. Starf skipulags- og byggingarfulltrúa er keypt af Snæfellsbæ og er metið að samsvari 20% starfi.

Launafulltrúi sér um launakeyrlu og útsendingu reikninga. Forstöðumenn skila vinnuskýrslum til launafulltrúa. Launakeyrlan hefur ekki verið yfirfarin af öðrum en launafulltrúa áður en laun eru greidd.

Bókari sér um bókhald og álagningu fasteignagjalda. Þjónustufulltrúi sér um greiðslu reikninga og skjalastjórn.

Skrifstofustjóri ber ábyrgð á skrifstofu gagnvart bæjarstjóra. Auk þess fer hann með íþrótt- og æskulýðsmál hjá sveitarfélaginu.

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 10:00 til 14:00.

Uppáskrift reikninga er rafræn. Hver forstöðumaður skrifar upp á viðkomandi reikning og einnig skrifstofustjóri áður en hann er færður í bókhald.

Tafla 57: Fjöldi stöðugilda á skrifstofu fjármála og stjórnsýslu hjá samanburðar sveitarfélögum skv. upplýsingum í febrúar og júlí 2012

	Fjöldi íbúa 1. janúar 2012	Bæjar/ sveitar- stjóri	Fjármála-/ skrifstofustjóri /bæjarritari	Bók- hald	Launa- bók- hald	Inn- heimtu- fulltrúi	Gjald- keri/Fjárm. fltr.	Upp- lýsinga- fulltrúi	Af- greiðslu- ritari	Þjónustu- fulltrúi/ vefsíða	Tækni- deild	Ferða- mála- fulltrúi	Sam- tals	Fj. íbúa á hvert stöðugildi
Seyðisfjarðarkaupstaður	677	1	2							0,75		1	4,75	142,5
Dalabyggð	686	1	1	1			0,5			0,1	0,7		4,30	159,5
Hrunamannahreppur	774	1	1		0,75		1						3,75	206,4
Blönduóssbær	871	1	1	1			0,8				1		4,80	181,5
Bolungarvíkurkaupstaður	889	1	1	1	0,5					0,5	1		5,00	177,8
Grundarfjarðarbær	899	1	1	0,9	0,65					0,5	0,2		4,25	211,5
Bláskógabyggð	906	1	1	1	0,63	1						1 ¹⁾	5,63	160,9
Vesturbyggð	910	1	1	1	1	1					1		6,00	151,7
Þingeyjarsveit	915	1	1	1			1		1,1		1		6,10	150,0
Eyjafjarðarsveit	1.031	1	1						1				3,00	343,7
Stykkishólmsbær	1.108	1	1	0,75		1	0,35	0,75	0,35		1		6,20	178,7

1) Sameiginlega með Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúverjarheppi og Grímsnes- og Grafningshreppi

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 57 sýnir fjölda stöðugilda hjá samanburðar sveitarfélögum samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélögum í febrúar og júlí 2012.

Í nokkrum tilfellum er samstarf við önnur sveitarfélög um starf á tæknideild. Eins og taflan sýnir eru tvö sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögum með færri stöðugildi en Grundarfjarðarbær. Þegar fjöldi íbúa á hvert stöðugildi á skrifstofu þessara sveitarfélaga er skoðaður kemur í ljós að einungis eitt sveitarfélag af samanburðar sveitarfélögum er með fleiri íbúa á hvert stöðugildi, en það er Eyjafjarðarsveit.

Eins og áður er gerður fyrirvari á þessum samanburði því mismunandi getur verið hvernig skrifstofuhaldi er háttað hjá einstökum sveitarfélögum. Aftur á móti gefur þessi samanburður ákveðna vísbendingu um stöðu mála hjá viðkomandi sveitarfélögum.

Í þessum samanburði kemur Grundarfjarðarbær vel út miðað við það markmið að hafa sem flesta íbúa á bak við hvert stöðugildi á skrifstofu og gefur ekki tilefni til að gera tillögu um breytingu á mannhaldi skrifstofunnar.

SORPHIRÐA OG SORPEYÐING

Álögð sorphirðu- og sorpeyðingargjöld hafa ekki staðið undir kostnaði við sorphirðu og sorpeyðingu í sveitarfélaginu.

Á árinu 2011 voru rekstrargjöld vegna sorphirðu og sorpeyðingu í sveitarfélaginu samtals 17.371 þús. kr. Í þessum kostnaði er kurlun á timbri, sem kostaði 2,1 millj. kr. á árinu. Sá kostnaður fellur ekki til árlega og búið að ákveða að hætta því.

Hins vegar skiluðu sorphirðu- og sorpeyðingargjöld sveitarfélaginu samtals 11.218 þús. kr. í tekjur. Þannig var halli vegna sorphirðu og sorpeyðingar á árinu 2011 að fjárhæð 6.152 þús. kr., sem er bókfært sem framlag frá Grundarfjarðarbæ.

Mikilvægt er að leggja áherslu á að leitað verði allra leiða til að þessi rekstur gangi upp, þ.e. að álögð gjöld standi undir útgjöldum.

Samkvæmt upplýsingum frá bæjarstjóra var gerður samningur við Íslenska gámafélagið ehf. um sorphirðu í Grundarfjarðarbæ. Samningurinn var undirritaður í nóvember 2011 og gildir í þrjú ár, frá júní 2011, eða til júní 2014. Ekki fór fram útboð áður en til samninga var gengið við Íslenska gámafélagið.

Leggja ber áherslu á að sveitarfélög leiti tilboða í verk eins og sorphirðu áður en gengið er til samninga. Með því verði leitast við að fá sem hagstæðust kjör á hverjum tíma. Hætta er á, þegar gengið er til samninga við verktaka án útboðs, að samið verði um hærra verð en að undangengnu útboði.

Dagleg umsjón með gámastöð er á hendi Íslenska gámafélagsins. Um það var gerður samningur árið 2006. Samningurinn rennur út í lok þessa árs.

Samkvæmt samningnum annast Íslenska gámafélagið umsjón með gámastöðinni og losun gáma.

Gámastöðin er opin sem hér segir: Alla virka daga frá kl. 16:00 til 18:00 og á laugardögum frá kl. 12:00 til 14:00. Lokað er á sunnudögum og á lögbundnum frídögum.

Greitt er fyrir starfsmann á gámasvæðinu skv. ákveðnu tímagjaldi. Hann hefur fasta viðveru þegar opið er. Fyrir losun á gámum er greitt skv. magni.

Samkvæmt upplýsingum frá bæjarstjóra hafa fyrirtæki greitt fyrir sorplosun eftir magni. Innheimt hefur verið óreglulega fyrir það. Nokkuð er síðan gjaldskránni var breytt síðast.

HAFNARSJÓÐUR GRUNDARFJARÐARBÆJAR

Um stjórn Grundarfjarðarhafnar fer eftir 2. gr. hafnarreglugerðar nr. 882/2007, Hafnarreglugerð fyrir Grundarfjarðarhöfn, en þar segir í 1. mgr. „Grundarfjarðarbær er eigandi hafnarinnar. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn er falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.“

Samkvæmt þessu fer hafnarstjóri með framkvæmdastjórn hafnarinnar með hafnarstjórn. Þegar bæjarstjóri er ekki hafnarstjóri er ljóst að skv. framangreindri grein hefur hann strangt tiltekið ekkert með málefni hafnarinnar að gera.

Í 4. gr. reglugerðarinnar segir eftirfarandi um starfs- og valdsvið hafnarstjóra:

„Hafnarstjóri er ráðinn af hafnarstjórn og fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar, boðar fundi í hafnarstjórn í samráði við formann hafnarstjórnar og sér um framkvæmd samþykka hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn og bæjarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar og fer að öðru leyti með fyrirvar fyrir höfnina gagnvart utanaðkomandi aðilum. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður

allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn í samráði við hafnarstjórn.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og bæjarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.“

Samkvæmt þessu er starf og valdsvið hafnarstjóra varðandi málefni hafnarinnar það sama og bæjarstjóra varðandi annan rekstur hjá Grundarfjarðarbæ.

Dagsdaglega gengur þetta ef til vill eðlilega fyrir sig vegna góðs samstarfs þeirra manna sem sinna þessum störfum á hverjum tíma. Hvað getur hins vegar gerst ef það gengur ekki þannig fyrir sig?

Eitt lítið dæmi, skv. þessu hefur Grundarfjarðarbær tvo talsmenn út á við, annars vegar bæjarstjóra varðandi annað en höfnina og svo hafnarstjóra um allt er varðar höfnina. Tvo ábyrgðaraðila varðandi rekstur og fjármál, annars vegar bæjarstjóra og hins vegar hafnarstjóra o.s.frv.

Bæjarskrifstofan annast gerð reikninga, innheimtu, bókhald og greiðslu reikninga fyrir hafnarsjóð og þá í umboði hafnarstjóra. Bæjarstjóri tekur þetta verkefni að sér fyrir hafnarstjóra.

Það er mat skýrsluhöfundar að margt mæli gegn því að jafn lítið sveitarfélag sem Grundarfjarðarbær hafi tvo talsmenn, tvo ábyrgðamenn fyrir rekstri og fjármálum o.s.frv. Einnig getur það valdið vandamálum fyrir bæjarstjóra að sitja ekki fundi hafnarstjórnar og gæti honum hugsanlega verið haldið utan við jafn stóran málaflokk, sem hafnarmálin eru hjá sveitarfélaginu.

Það má vera að í reynd sé þetta ekki svona en skv. hafnarreglugerðinni á þetta að vera svona.

Þó hafnarreglugerðin kveði ekki á um það að bæjarstjóri sé jafnframt hafnarstjóri má segja að síðasta málsgrein 2. gr. reglugerðarinnar opni á þann möguleika, en þar segir m.a.: „Auk hinna kjörnu fulltrúa situr hafnarstjóri fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, sömuleiðis hafnarvörður eða sá sem sér um daglegan rekstur.“

Það er mat skýrsluhöfundar að m.a. sé tilgangurinn með þessu ákvæði að bæjarstjóri geti jafnframt verið hafnarstjóri. Ef svo væri ætti hafnarvörður eða sá sem sér um daglegan rekstur, sem er þá annar en hafnarstjóri/bæjarstjóri, seturétt á fundum hafnarstjórnar.

Það er mat skýrsluhöfundar að það færi betur á því að bæjarstjóri væri jafnframt hafnarstjóri. Sveitarfélagið hefði einn embættismann sem talsmann út á við og einn aðila sem beri ábyrgð á rekstri og fjáreiðum sveitarfélagsins alls gagnvart bæjarráði/hafnarstjórn og bæjarstjórn.

Afkoma Hafnarsjóðs Grundarfjarðarbæjar er góð. Á árinu 2011 var rekstrarafkoma hafnarinnar jákvæð um 22,4 millj. kr. Árið 2010 um 19,7 millj. kr. Skuldir hafnarinnar í árslok 2011 voru 62,7 millj. kr. Til samanburðar voru rekstrartekjur hafnarinnar 73,7 millj. kr. á árinu 2011.

Á árinu 2011 var veltufé frá rekstri hafnarinnar 37,4 millj. kr. og handbært fé frá rekstri 33,2 millj. kr.

Við höfnina starfar einn fastráðinn starfsmaður, hafnarstjóri. Í ráðningarsamningi segir að vinnutími hans sé að jafnaði á reglulegum opnunartíma hafnarinnar sem er frá kl. 8:00 til 22:00 mánudaga til föstudaga og kl. 15:00 til 19:00 um helgar. Hafnarstjóri hefur frjálssar hendur um viðveru eftir því sem þörf er á innan hins reglulega opnunartíma. Fyrir vinnu á þessum tíma fær hafnarstjóri föst laun. Greitt er sérstaklega fyrir alla vinnu utan reglulegs opnunartíma hafnarinnar.

Hafnarstjóri er leystur af aðra hverja helgi af utanaðkomandi starfsmanni. Sá starfsmaður hefur jafnframt leyst hafnarstjóra af þegar hann hefur verið í fríi.

FRÁVEITA GRUNDARFJARÐARBÆJAR

Rekstrarafkoma Fráveitu Grundarfjarðarbæjar er jákvæð. Á árinu 2011 skilaði fráveitan rekstrarafgangi að upphæð 5.882 þús. kr. og árið 2010 8.159 þús. kr. Veltufé og handbært fé frá rekstri var 7.780 þús. kr. árið 2011 og 10.057 þús. kr. árið 2010.

Fráveitan er ekki með aðrar skuldir en við aðalsjóð. Skuldin við aðalsjóð nam 37.735 þús. kr. í árslok 2011.

Miðað við rekstrarafkomu fráveitunnar ætti hún að geta greitt upp skuldina við aðalsjóð á næstu fjórum til fimm árum, að því gefnu að ekki verði farið í meiri háttar framkvæmdir og/eða viðahald.

LEIGUÍBÚÐIR GRUNDARFJARÐARBÆJAR

Grundarfjarðarbær á og rekur 18 leiguíbúðir. Íbúðirnar eru reknar í tveimur félögum, Leiguíbúðir Grundarfjarðarbæjar, sem á þrjár íbúðir, og Íbúðir aldraðra, sem á 15 íbúðir.

Samkvæmt ársreikningi Leiguíbúða Grundarfjarðarbæjar var rekstrarafkoma þess félags neikvæð um 1.378 þús. kr. árið 2011. Handbært fé frá rekstri var jákvætt um 1.036 þús. kr. Afborganir námu 693 þús. kr. Þannig gat félagið staðið skil á öllum afborgunum.

Félagið skuldar aðalsjóði 57,7 millj. kr. vegna fjölbýlishúss sem selt var fyrir nokkrum árum. Vegna þeirra þriggja íbúða, sem félagið á, er skuld við Íbúðalánasjóð samtals að fjárhæð 37.862 þús. kr. í lok árs 2011.

Tafla 58: Skuldir Leiguíbúða Grundarfjarðarbæjar við Íbúðalánasjóð 31. desember 2011

	Vaxtakjör	Lántöku- ár	Staða 31. desember 2011
Sæból 44a	1,00%	Sept. 98	13.605.617
Sæból 44	1,00%	Sept. 98	13.606.261
Grundargata 65	3,50%	Júní 04	10.651.959
Samtals			37.862.837

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 58 sýnir skuldir Leiguíbúða Grundarfjarðarbæjar við Íbúðarlánasjóð 31. desember 2011.

Eins og þar kemur fram eru vaxtakjör þessara lána mjög hagstæð, eða 1% og 3,5%. Ljóst er að núvirt er virði þessara lána lægra en eftirstöðvar höfuðstóls þeirra segir til um vegna hagstæðra vaxtakjara. Því er mikilvægt, ef þessar íbúðir verða seldar, að þá fari uppgreiðsla á lánunum við Íbúðalánasjóð fram miðað við núvirði þeirra. Ætla verður að í bókum Íbúðalánasjóðs séu þessar kröfur færðar á lægra virði en eftirstöðvar höfuðstóls þeirra segir til um.

ÍBÚÐIR ALDRAÐRA

Leiguíbúðir aldraðra eiga 15 íbúðir. Félagið er rekið þannig að leigjendur kaupa hlutarétt þegar þeir taka íbúð á leigu og er hann svo endurgreiddur þegar íbúð fer úr leigu. Var þetta í upphafi notað til að fjármagna byggingarkostnað við íbúðirnar.

Þegar hlutaréttur er greiddur út kemur samsvarandi upphæð á móti vegna nýs leigjanda.

Á árinu 2011 var rekstrarafkoman neikvæð um 13.167 þús. kr. Til samanburðar var hún neikvæð um 5,3 millj. kr. árið 2010. Það sem veldur þessari neikvæðu afkomu er verðtrygging á lánnum félagsins.

Handbært fé frá rekstri var jákvætt um 3.108 þús. kr. árið 2011. Afborganir langtímalána voru samtals 3.383 þús. kr. árið 2011. Þannig stóð handbært fé frá rekstri að mestu undir afborgunum. Á árinu 2011 þurfti aðalsjóður að leggja til með rekstrinum 136 þús. kr. Á árinu 2010 gat félagið greitt niður skuld við aðalsjóð um 1.042 þús. kr.

Félagið skuldar aðalsjóði 7.378 þús. kr., skv. ársreikningi 2011, sem er væntanlega vegna fjárvöntunar undangenginna ára.

Tafla 59: Skuldir Íbúða aldraðra við Íbúðalánasjóð 31. desember 2011

Íbúð	Vaxta- kjör	Lántöku ár	Staða 31. desember 2011
Hrannarstígur 18 0101	1,00%	jan.97	14.126.909
Hrannarstígur 18 0102	1,00%	jan.97	14.228.616
Hrannarstígur 18 0103	1,00%	jan.97	12.537.579
Hrannarstígur 18 0104	1,00%	jan.97	10.313.509
Hrannarstígur 18 0105	1,00%	jan.97	14.461.660
Hrannarstígur 18 0106	1,00%	jan.97	14.368.556
Hrannarstígur 18 0107	1,00%	jan.97	12.537.579
Hrannarstígur 18 0108	1,00%	jan.97	10.406.605
Samtals A			102.981.013
Hrannarstígur 28	3,50%	jan.05	17.325.074
Hrannarstígur 32	3,50%	jan.05	18.921.999
Hrannarstígur 34	3,50%	jan.05	19.131.574
Hrannarstígur 36	3,50%	jan.05	17.162.510
Hrannarstígur 38	3,50%	jan.05	17.162.510
Hrannarstígur 40	3,50%	jan.05	19.298.231
Hrannarstígur 30	3,50%	jan.05	21.243.244
Samtals B			130.245.142
Samtals A og B			233.226.155

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 59 sýnir skuldir Íbúða aldraðra við Íbúðalánasjóð 31. desember 2011.

Eins og þarna kemur fram eru vaxtakjörin einnig hagstæð eins og hjá Leiguíbúðum Grundarfjarðarbæjar. Lán vegna átta íbúða, samtals að fjárhæð 102.981 þús. kr., bera 1% vexti og lán vegna sjö íbúða, samtals að upphæð 130.245 þús. kr., bera 3,5% vexti.

Eins og bent var á hér að framan er mikilvægt að hafa í huga, ef þessar íbúðir verða seldar, að núvirði þessara lána er ekki það sama og eftirstöðvar höfuðstóls þeirra segir til um á hverjum tíma.

GETA TIL GREIÐSLU LÁNA

Á undanförunum árum hefur nokkuð mikið vantað upp á tekjuafgang hjá A-hluta Grundarfjarðarbæjar til þess að sveitarfélagið hafi getað staðið undir afborgunum lána. Vegna þess hafa afborganir undangenginna ára verið að stórum hluta fjármagnaðar með nýjum lántökum. Á árunum 2002 til 2011 voru lántökur, A-hlutans, einungis tvisvar sinnum lægri en afborganir, þ.e. árið 2004 og 2010. Öll hin árin voru lántökur A-hlutans hærrí en afborganir nema árið 2009, þegar lántökur voru nokkurn veginn jafn miklar og afborganir.

Tafla 60: Veltufé og handbært fé frá rekstri og afborganir A-hluta 2008 til 2012

	Rauntölur				Áætlun
	2008	2009	2010	2011	2012
Veltufé frá rekstri	27.464	27.122	-4.022	1.366	50.797
Handbært fé frá rekstri	53.482	3.378	10.025	-5.266	50.797
Afborganir	-212.072	-77.437	-94.448	-356.258	-214.141

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 60 sýnir veltufé og handbært fé frá rekstri og afborganir hjá A-hluta árin 2008 til 2011, rauntölur, og áætlun vegna ársins 2012.

Eins og taflan sýnir skilaði reksturinn í handbæru fé litlu upp í afborganir árin 2009 og 2010. Hann skilaði engu árið 2011. Áætlun ársins 2012 gerir ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði 50,8 millj. kr., sem er mikil breyting frá árunum á undan. Þrátt fyrir þetta dugar það einungis til greiðslu á 24% af afborgunum ársins nái þetta fram að ganga. Að auki er gert ráð fyrir fjárfestingum á árinu 2012 að upphæð 22,8 millj. kr. í varanlegum rekstrarfjármunum.

Aukning í veltufé frá rekstri á árinu 2012 frá árinu 2011 skýrist að mestu af auknum tekjum. Gert er ráð fyrir að skatttekjur aukist um 49,8 millj. kr. Í framlögum frá Jöfnunarsjóði er gert ráð fyrir aukaframlagi að upphæð 15 millj. kr. Ljóst er að fáist það ekki lækkar veltufé og handbært fé frá rekstri sem því nemur. Miðað við það og að aðrir þættir áætlunarinnar standist yrði handbært fé frá rekstri 35,7 millj. kr. í stað 50,7 millj. kr. samanborið við afborganir 214 millj. kr.

Í ár eru kúlulán á gjalddaga sem skýrir svo miklar afborganir í ár. Einnig er kúlulán á gjalddaga á næsta ári. Engin slík lán eru á gjalddaga eftir árið 2013. Samkvæmt upplýsingum frá Grundarfjarðarbæ er gert ráð fyrir að afborganir á ári hjá A-hluta verði um 95 millj. kr. eftir árið 2013. Af þessu má ljóst vera að afkoma A-hlutans þarf að batna verulega til að geta staðið í skilum með slíkar afborganir næstu ár.

Tafla 61: Handbært fé frá rekstri og afborganir B-hluta 2008 til 2012

	Rauntölur				Áætlun
	2008	2009	2010	2011	2012
Handbært fé frá rekstri	27.009	43.491	42.700	45.997	43.842
Afborganir	-15.558	-30.648	-18.297	-19.231	-15.145

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 61 sýnir handbært fé frá rekstri og afborganir vegna B-hluta, rauntölur 2008 til 2011 og áætlun vegna 2012.

Eins og taflan sýnir er afkoma B-hlutans mun betri en A-hlutans og stendur hún alfarið undir öllum afborgunum. Þannig er gert ráð fyrir afgangi á árinu 2012 að upphæð 28,7 millj. kr. þegar búið er að greiða af öllum lánunum vegna B-hlutans. Þannig gæti B-hlutinn verið aflögufær fyrir A-hluta.

Tafla 62: Handbært fé frá rekstri, afborganir, fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum og nýjar lántökur, A- og B-hluta 2008 til 2012

	Rauntölur				Áætlun
	2008	2009	2010	2011	2012
Handbært fé frá rekstri	80.491	46.869	52.725	40.731	94.640
Afborganir	-227.630	-108.085	-112.745	-375.489	-229.286
Fjárfestingar	-155.163	-27.559	-28.722	-20.831	-37.035
Nýjar lántökur	242.047	77.419	76.000	370.945	199.000

Heimild: Grundarfjarðarbær

Tafla 62 sýnir handbært fé, afborganir, fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum og nýjar lántökur hjá A- og B-hluta samtals, rauntölur, 2008 til 2011, og áætlun vegna ársins 2012.

Eins og taflan sýnir hefur handbært fé frá rekstri A- og B-hluta samtals verið á bilinu 40 til 50 millj. kr. á ári árin 2009, 2010 og 2011. Nú er gert ráð fyrir í áætlun ársins 2012 að það verði 94,6 millj. kr. sem er nokkur aukning frá árunum á undan. Eins og fram kom hér að framan byggist það einkum á tekjuaukningu hjá A-hluta og einnig því að aukaframlag úr Jöfnunarsjóði fái á árinu 2012.

Miðað við að greiðsla vegna kúlulána í ár og á næsta ári verði endurfjármögnuð gerir áætlun sveitarfélagsins ráð fyrir að afborganir á ári næstu ár, A- og B-hluti samtals, verði um 110 millj. kr. Gæti breyst miðað við hvernig tekst að endurfjármagna kúlulánin. Ljóst má vera að til þess að sveitarfélagið geti staðið undir þeirri greiðslubyrði og nýframkvæmdum á næstu árum þarf að ná fram verulegum bata í rekstrarafkomu sveitarfélagsins. Huga þarf málum þannig að ekki þurfi að taka ný lán á næstum árum. Er það veruleg breyting frá því sem verið hefur.

Tillögur

1. LANGTÍMASKULDIR

Lagt er til að kanna hvort hægt sé að endurfjármagna eldri lán með hagstæðari kjörum.

Mikill munur getur verið á kjörum þeirra lána sem í boði eru. Fyrir sveitarfélög hafa kjör á lánum hjá Lánasjóði sveitarfélaga reynst hagstæðari en lán hjá bankastofnunum almennt. Í lok árs 2011 voru um 22% af langtíma skuldum sveitarfélagsins við aðrar lánastofnanir en Lánasjóð sveitarfélaga og Íbúðalánasjóð. Lánasjóður sveitarfélaga býður verðtryggðlán, miðað við júní 2012, sem bera 3,25% og 3,80% fasta vexti.

Leitað verði eftir því við Arionbanka að hann veiti þau bestu kjör sem hann býður upp á vegna lána sveitarfélagsins hjá bankanum. Eðlilegt verður að telja að bankinn veiti sveitarfélaginu slík kjör miðað við hvernig þau lán hafa þróast frá lántökudegi þeirra.

2. FJÁRHEIMILDIR SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN

Lagt er til að lögð verði áhersla á það við forstöðumenn að óheimilt er skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun.

Brýnt er að starfsmenn sveitarfélaga séu meðvitaðir um að ekki er heimilt skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun. Jafnframt verði forstöðumönnum gert skylt að tilkynna til skrifstofustjóra og/eða bæjarstjóra telji þeir að rekstur viðkomandi stofnunar standist ekki áætlun.

Verði það niðurstaðan að svo sé verði málið lagt fyrir bæjarstjórn sem síðan tekur ákvörðun um hvort gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun, dregið verði úr þjónustu til að fjárhagsáætlun standist eða gripið til annarra aðgerða. Lögð er áhersla á að skv. nýjum sveitarstjórnarlögum þarf þetta að gerast áður en útgjöld fara fram úr áætlun. Ekki er heimilt skv. lögnum að samþykkja viðauka eftir á. Jafnframt, ef útgjalda aukning er samþykkt, er skylt skv. lögnum, að gera grein fyrir því hvernig henni verður mætt.

3. GREINARGERÐ MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

Lagt er til að greinargerð með fjárhagsáætlun verði ítarlegri þar sem gerð verði frekari grein fyrir hverjum útgjaldalið. Tekið sé sérstaklega fram hvernig eigi að ná fram tilsettum markmiðum.

Mikilvægt er að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem þær forsendur, sem lagðar eru til grundvallar í áætluninni, komi skýrt fram. Til dæmis sé gerð grein fyrir því hvað starfsmenn eigi að vera margir o.s.frv.

Eftir því sem greinargerðin er ítarlegri því auðveldara verður að fylgja fjárhagsáætlun eftir.

4. GREIÐSLUÁÆTLUN

Lagt er til að gerð verði greiðsluáætlun fyrir hvern mánuð og hvern útgjaldalið. Launum í hverjum mánuði hjá hverri stofnun verði skipt niður á starfsmenn. Þetta verði gert strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir. Síðan verði rauntölur hvers mánaðar bornar saman við áætlun mánaðarins.

Með vel unninni greiðsluáætlun, sem fylgt er eftir, er hægt að koma í veg fyrir umfram eyðslu. Gerð verði áætlun um laun hvers starfsmanns fyrir hvern mánuð. Laununum verði skipt í föst laun og önnur laun. Rauntölur hvers mánaðar verði síðan bornar saman við áætlunina. Fari t.d. launakostnaður eins starfsmanns fram úr áætlun í einum mánuði verði séð til þess að launin lækki í næsta eða á næstu mánuðum þannig að umframgreiðslur jafnist út.

Þannig verði einnig tekið á öðrum rekstrarútgjöldum. Virðist sem svo að útgjaldaliður sé að fara fram úr áætlun verði strax gripið til aðgerða. Það er ljóst að með þessu, miðað við reynslu annarstaðar frá, myndi nást veruleg hagræðing í rekstri sveitarfélagsins. Einnig ber að leggja áherslu á greiðsluáætlanir með hliðsjón af nýjum sveitarstjórnarlögum.

Ef ekki verður unnið með greiðsluáætlun eru meiri líkur en minni á því að fjárhagsáætlun standist ekki miðað við reynslu undangenginna ára.

5. SAMÞYKKT REIKNINGA UMFRAM FJÁRHEIMILD

Lagt er til að kanna það fyrirkomulag að ekki sé hægt að samþykkja reikninga vélrænt umfram fjárheimild skv. greiðsluáætlun. Ef það er mögulegt verði því hrint í framkvæmd.

Til að virkja greiðsluáætlun enn frekar í samanburði við rauntölur er hér lagt til að kannað verði hvort hægt sé að vera með þannig fyrirkomulag, að ekki sé hægt að samþykkja reikninga ef fjárheimild er ekki til staðar. Ef það er gerlegt verði því hrint í framkvæmd.

Með þessu fyrirkomulagi verður greiðslueftirlit mjög virkt. Þegar fjárheimild skv. greiðsluáætlun er nýtt að fullu er ekki hægt að samþykkja nýja reikninga umfram greiðsluáætlun og fá þá greidda. Til að fá reikning greiddan þarf að leita til skrifstofustjóra/bæjarstjóra og semja við hann um lausn málsins. Með þessu fyrirkomulagi verða forstöðumenn mun meðvitaðri um þær fjárheimildir sem þeir hafa á hverjum tíma.

Leggja ber áherslu á að engir reikningar séu skráðir í bókhald sveitarfélagsins nema þeir séu samþykktir af viðkomandi forstöðumanni.

6. REGLULEGIR FUNDIR

Lagt er til að bæjarstjóri og skrifstofustjóri eigi reglulega fundi með forstöðumönnum þar sem farið er yfir rauntölur í rekstri og þær bornar saman við áætlun. Virðist sem svo að kostnaður sé að fara fram úr áætlun verði tekin ákvörðun um hvernig brugðist verði við því.

Mikilvægt er að bókhaldstölur fyrir næst liðinn mánuð liggi fyrir eigi síðar en tíunda hvers mánaðar og forstöðumenn fái þær til sín og beri saman við áætlun. Til að gera

Þetta enn virkara er lagt til að bæjarstjóri og skrifstofustjóri eigi reglulega fundi með forstöðumönnum til að fara yfir rauntölur og áætlun. Einnig er mikilvægt, þegar ársreikningur liggur fyrir, að þá sé farið yfir hann með forstöðumönnum og rætt hvernig til hafi tekist og jafnvel með starfsmönnum almennt. Það sama verði gert þegar fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt nema þá verði rætt hvernig unnið skuli eftir henni. Með því móti ættu starfsmenn að vera vel meðvitaðir um fjármál sveitarfélagsins.

Einnig er mikilvægt að forstöðumenn og nefndir komi að fjárhagsáætlunargerð og gerð greiðsluáætlana.

Rétt er að fram komi að fundir hafa verið haldnir með forstöðumönnum. Hér er lagt til að þeir verði reglulegir og taki á tilteknum málum er varða fjárhag sveitarfélagsins.

7. FASTEIGNASKATTUR

Lagt er til að athuga hvort fært sé að leggja að fullu 25% álag á fasteignaskatt í A-flokki, tímabundið. Þetta verði gert a.m.k. vegna árána 2013 og 2014.

Með því að leggja allt að 25% álag ofan á álagningu fasteignaskatts í A-flokki væri hægt að fara með álagninguna í allt að 0,625% úr 0,5% sem hún er árið 2012. Ef álagið yrði nýtt að fullu árið 2013 gæfi það af sér 7,9 millj. kr. í tekjur umfram það sem fengist miðað við að hafa álagningarhlutfallið óbreytt frá því sem það er nú árið 2012.

Einnig mögulegt að framlag úr Jöfnunarsjóði hækkaði vegna þessa.

Hér er lagt til að þetta verði gert a.m.k. árin 2013 og 2014 meðan aðhaldsaðgerðir sveitarfélagsins væru að ná að fullu fram að ganga. Þegar búið væri að ná fram þeim árangri í rekstri sveitarfélagsins væri hægt að fella álagið niður eða lækka það í áföngum.

8. LÓÐARLEIGA

Lagt er til að taka til athugunar að hækka lóðarleigu vegna íbúðarlóða úr 0,7% í 1,5% á árinu 2013.

Með því að hækka lóðarleigu á íbúðarhúsnæði í 1,5% miðað við lóðamat fyrir árið 2013 væri hægt að auka tekjurnar um 6,7 millj. kr.

9. FASTLAUNASAMNINGAR

Lagt er til að fastlaunasamningar verði endurskoðaðir.

Skýrsluhöfundur hefur kynnt sér launakjör í sambærilegum störfum hjá öðrum sveitarfélögum. Að sjálfsögðu eru launakjör forstöðumanna hjá sveitarfélögum mismunandi, ýmist hærra eða lægri. Með hliðsjón af því sem önnur sveitarfélög greiða fyrir sambærileg störf er þetta lagt hér til.

10. YFIRVINNA

Lagt til að samningar um fasta yfirtíð verði endurskoðaðir og sett verði á yfirvinnubann. Yfirvinna verði eingöngu heimiluð í algjörum undantekningar tilfellum. Sé yfirvinna nauðsynleg þurfi samþykki annað hvort skrifstofustjóra eða bæjarstjóra.

Það verður að teljast eðlilegt að sett sé bann við yfirvinnu og hún eingöngu heimiluð í undantekningar tilfellum. Í einhverjum tilfella þarf að endurskipuleggja vinnufyrirkomulag svo þetta sé hægt.

Jafnframt er mikilvægt að sveitarfélagið móti sér stefnu um fasta yfirtíð. T.d. verði ekki greidd meiri föst yfirtíð en að meðaltali er unnin í hverjum mánuði. Jafnframt verði miðað við ákveðið hámark sem yfirtíð má vera. T.d. gæti algert hámark á yfirtíð verið 40 klst.

Einnig er óæskilegt að samningar við starfsmenn séu um fasta yfirtíð og síðan, ef unnið er utan ákveðins tíma, sé greitt fyrir það sérstaklega. Eðlilegt verður að teljast að samið sé um fasta yfirtíð í samræmi við unna yfirtíð að meðalatali yfir árið. Umfram það sé ekki greitt.

11. GREIN 2.6.9 Í KJARASAMNINGI

Lagt er til að kanna hvort ekki sé ódýrara að viðvera starfsmanna á hverri vakt verði 25 mínútum skemmri en umsaminn vinnutími segir til um. Þetta verði gert þannig að ekki þurfi að greiða sérstaklega í yfirvinnu fyrir umræddar 25 mínútur, skv. grein 2.6.9 í kjarasamningi, eða þá að vinnan verði skipulögð þannig að starfsmenn hafi reglulegan matar- og kaffitíma.

Lögð er áhersla á að lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga túlkar þessa grein á sama hátt og skýrsluhöfundur er að leggja hér til. En hann segir „25 mínúturnar eru ekki greiddar ef vaktin er skipulögð 25 mínútum styttri en „full“ vakt og ekki ef menn fá matarhlé, þ.e. ef starfið er skipulagt með þeim hætti að gert sé ráð fyrir matarhléi.“

Lögfræðingurinn túlkar ákvæðið þannig, að ef vinnan sé skipulögð með þeim hætti að starfsmaðurinn fái matarhlé, eigi ekki að koma til þessarar greiðslu.

Væntanlega væri rétt að segja þessu upp með samningsbundnum uppsagnarfresti og tilkynna jafnframt að í framhaldinu yrði framangreind túlkun látin gilda. Einnig væri rétt að hafa samráð við umræddan lögfræðing hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um framkvæmdina.

12. LAUNAKEYRSLUR SAMÞYKKTAR FYRIR ÚTBORGUN

Lagt er til að forstöðumenn fari yfir launakeyrslur viðkomandi stofnunar áður en til útborgunar kemur. Jafnframt samþykki skrifstofustjóri launakeyrslur endanlega áður en til útgreiðslu kemur.

Mikilvægt er að forstöðumenn fari yfir launakeyrslu viðkomandi stofnunar áður en laun eru greidd út. Jafnframt að skrifstofustjóri yfirfari launakeyrsluna og samþykki hana.

Hér er um stærsta útgjaldalið sveitarfélagsins að ræða, 50,9% af tekjum s.l. ár. Alltaf geta átt sér stað mannleg mistök og með þessu er reynt að fyrirbyggja það og einnig að gera forstöðumenn meðvitaðri um launaútgjöld stofnana sinna.

Til að gera þetta framkvæmanlegt þarf að vera tryggt að upplýsingar um laun berist í tæka tíð til launafulltrúa. Því verði fylgt þannig eftir að ef upplýsingar berist of seint verði þær að bíða til næsta mánaðar. Forstöðumenn verði gerðir ábyrgir fyrir þessu.

13. HLUTFALL LAUNA AF TEKJUM SVEITARFÉLAGSINS

Lagt er til að bæjarstjórn setji sér ákveðið takmark um hlutfall launa af tekjum. Markmiðið verði tímasett.

Hér er lagt til að bæjarstjórn setji sér ákveðið markmið um hlutfall launa af tekjum sveitarfélagsins. Bæjarstjórn setji sér ákveðin tímamörk í þessu sambandi.

14. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

Lagt er til að tryggingar og símaþjónusta (internet tenging) hjá sveitarfélaginu verði boðið út. Þetta verði gert a.m.k. á þriggja ára fresti, svo og önnur þjónustukaup.

Lagt er til að öll innkaup á rekstrarvörum verði boðin út og leitað eftir hagstæðum tilboðum. Þetta verði gert reglulega.

Mikilvægt er að gætt sé aðhalds í öllum innkaupum og þess gætt að alltaf sé keypt á sem hagstæðasta verði á hverjum tíma. Með því að leita reglulega eftir tilboðum er hægt að tryggja að innkaup verði með þeim bestu kjörum sem í boði eru. T.d. verður að teljast líklegt að hagstæðari tryggingar muni fást með reglulegu útboði.

Mikilvægt er, þegar hagstæðasta tilboði hefur verið tekið, að forstöðumönnum verði gert að beina viðskiptum sínum til viðkomandi birgja.

Hafa ber í huga að við hvert 1% sem annar rekstrarkostnaður lækkar, miðað við árið 2011, er hægt að spara um rúmar 2 millj. kr. Þannig að til mikils er að vinna. Hér er um hagræðingu að ræða sem hvorki kemur niður á starfsmönnum né þjónustu. Ef eitthvað er væri jafnvel hægt að bæta þjónustuna með þeim aðgerðum sem hér eru lagðar til.

15. ORKUNOTKUN

Lagt er til að forstöðumönnum verði falið að skrá mánaðarlega alla rafmagnsnotkun og hitunarkostnað. Rafmagnið verði skráð í kwst. Síðan verði notkunin borin saman á milli mánaða og ára.

Mikilvægt er að fylgst sé nákvæmlega með allri orkunotkun, hún sé skráð mánaðarlega og borin saman á milli mánaða og ára. Mörg dæmi eru um það hjá sveitarfélögum, þar sem þetta er gert, að komið hefur verið í veg fyrir óþarfa notkun á orku. Jafnvel hafa sum sveitarfélög farið í að skrá orkunotkun á hvern fermetra í húsnæði og getað þannig borið saman notkunina á milli einstakra húsa. Með þessu er hægt að grípa inn í ef frávik koma fram.

16. VÖRUKAUP

Lagt er til að gefinn verði út listi yfir þá sem mega taka út vörur á vegum sveitarfélagsins gegn gjaldfresti. Listinn verði sendur til helstu þjónustuaðila í sveitarfélaginu.

Hér er lagt til að fyrirfram verði ákveðið hverjir megji taka út vörur og þjónustu á vegum sveitarfélagsins og láta skrifa hjá því. Á reikningi, sem viðkomandi kvittar upp á við móttöku vörunnar og/eða þjónustu, komi fram kennitala viðkomandi. Gerður verði sérstakur listi yfir þessa aðila og hann sendur helstu birgjum sveitarfélagsins.

Viðskiptavinum verði tilkynnt að ef aðrir skrifi upp á úttektir en fram koma á listanum gætu þeir átt á hættu að fá reikninga ekki greidda, sérstaklega ef ekki er hægt að finna út hver úttektaraðilinn er.

17. JÖFNUNARSJÓÐUR

Lagt er til að bæjarstjórn veki athygli Jöfnunarsjóðs á því misvægi sem virðist vera á tekjum sveitarfélagsins þegar heildar skatttekjur þess eru bornar saman við sambærileg sveitarfélög að stærð hvað íbúafjölda varðar. Með það að markmiði að fá leiðréttingu á þessu misvægi.

Niðurstaða skýrsluhöfundar er að hátt hlutfall launa af tekjum hjá Grundarfjarðarbæ í samanburði við samanburðar sveitarfélögin sé að hluta til vegna lágra tekna. Ástæðan fyrir lágum skatttekjum samtals í samanburði við samanburðar sveitarfélögin er m.a. lág framlög úr Jöfnunarsjóði.

Með hliðsjón af því er hér lagt til að bæjarstjórn geri grein fyrir þessu með það að markmið að fá fram leiðréttingu.

Gera má ráð fyrir að það taki tíma að fá þessa leiðréttingu, þar sem líklega þarf að gera breytingar á reglum við útreikning á framlögum. Því er lögð áhersla á að sótt verði tímabundið um aukaframlag úr Jöfnunarsjóði vegna þessa.

Félagsþjónusta

18. BYGGÐASAMLAG UM MÁLEFNI FATLAÐRA OG FÉLAGS- OG SKÓLAÞJÓNUSTU

Lagt er til að tekjar verði upp viðræður á milli sveitarfélaganna, sem standa að byggðasamlaginu, með það að markmiði að sveitarstjórnirnar komi meira að ákvörðunartöku um ráðstöfun á þeim peningum sem eru ætlaðir til málefna fatlaðra og hvernig þjónustan fer fram.

Leggja ber áherslu á að sveitarstjórn í hverju sveitarfélagi taki endanlega ákvörðun um hvernig fjármunum sveitarfélagsins sé ráðstafað. Á endanum er það alltaf sveitarstjórn sem ber ábyrgð, því getur það ekki talist eðlilegt að slíkt vald um ráðstöfun á fjármunum þess sé framselt til annars aðila.

19. TEKJUR VEGNA MÁLEFNA FATLAÐRA STANDI UNDIR ÚTGJÖLDUM

Lagt er til að þess verði gætt að þjónustu vegna málefna fatlaðra verði hagað þannig að tekjur, sem ætlaðar eru í málaflokkinn, standi ávallt undir útgjöldum. Ef afgangur verði af rekstrinum renni hann til sveitarfélaganna.

Mikilvægt er að tekið verði á því strax í upphafi að tekjur, sem Grundarfjarðarbær fær vegna málefna fatlaðra, standi undir útgjöldum. Ef svo reynist ekki vera verði farið yfir alla verkferla og athugað hvort hægt sé að haga þjónustunni þannig að tekjurnar standist útgjöldin.

Ef þetta er ekki gert núna verður það erfiðara þegar frá líður.

20. STARFSLUTFÖLL Í HEIMAÞJÓNUSTU

Lagt er til að fylgst sé vel með því að starfsmenn, t.d. í heimaþjónustu, séu á hverjum tíma í starfshlutfalli miðað við vinnuframlag.

Tillaga þessi er fram komin miðað við reynslu hjá sumum öðrum sveitarfélögum. Dæmi eru um það að dregið hefur úr þörf á heimaþjónustu um 40% þar sem áður var starfsmaður í 100% starfshlutfalli en vinnuframlagið komið niður í 60%. Starfsmaðurinn hélt áfram að fá greitt fyrir 100% starf. Lögð er áhersla á að þetta dæmi er ekki frá Grundarfjarðarbæ en tillagan sett fram til að varast að slíkt geti komið fyrir.

21. FJÁRHAGSÁÆTLUN

Lagt er til að Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga geri tillögu að fjárhagsáætlun vegna þeirra útgjaldaliða sem þjónustan fer með hjá sveitarfélaginu. Síðan fylgi þjónustan eftir samþykkt bæjarstjórnar.

Fram kom í viðræðum við bæjarstjóra að Félags- og skólaþjónustan gerði ekki tillögu um fjárhagsáætlun fyrir þá gjaldaliði sem hún fer með hjá sveitarfélaginu. Hér er lagt til að hún geri það og leggi tillögu fyrir bæjarstjórn. Bæjarstjórn tekur síðan tillöguna til afgreiðslu. Ef bæjarstjórn samþykkir hana ekki ber að fara að samþykkt bæjarstjórnar.

Lögð er áhersla á að Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga fylgi fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun. Sjái hún fram á að fjárheimildir muni ekki standast geri hún bæjarstjóra grein fyrir því sem grípur þá til viðhlítandi ráðstafana.

Mikilvægt er, þegar fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt, að Félags- og skólaþjónustunni sé tilkynnt formlega um afgreiðslu bæjarstjórnar.

22. ÁRSSKÝRSLA

Lagt er til að óskað verði eftir því að Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga skili sveitarfélögunum ársskýrslu um starfsemi næst liðins árs. Í skýrslunni sé gerð grein fyrir þeirri þjónustu sem veitt hefur verið í sveitarfélaginu á árinu.

Lögð er áhersla á að bæjarstjórn hafi alltaf á hverjum tíma nákvæmar upplýsingar um störf Félags- og skólaþjónustunnar í sveitarfélaginu. Þar sé m.a. gerð grein fyrir hvað margir starfa á vegum þjónustunnar í sveitarfélaginu, hvað margir fá þjónustu o.s.frv.

Leikskólinn Sólvellir

23. STÖÐUGILDI

Lagt er til að endurskoða fjölda stöðugilda við leikskólann með það að markmiði að fækka þeim, með hliðsjón af því að þeim hefur fjölgað á sama tíma börnum fækkar.

Hér er lagt til að stöðugildi við leikskólana verði endurskoðuð með það að markmiði að fækka þeim. Nú í haust 2012 er gert ráð fyrir að stöðugildum fjölgi þrátt fyrir fækkun barna. Hafa ber í huga að aldursdreifing barna á leikskólanum skiptir hér máli.

24. ÁLAGSGREIÐSLUR OG YFIRTÍÐ

Lagt er til að hætt verði að greiða yfirtíð þeim starfsönnum sem mæta fyrir kl. 8:00. Séð verði til þess að sá vinnutími rúmist innan dagvinnutíma viðkomandi. Greiðist þá fyrir þann tíma dagvinnukaup með álagi skv. kjarasamningi.

Jafnframt er lagt til að matráður hefji vinnu kl. 8.00 í stað 7.45.

Lögð er áhersla á að ekki sé greidd yfirtíð vegna opnunar. Gæti ber þess um þá starfsmenn sem mæta fyrir kl. 8:00 að sá tími rúmist innan dagvinnutíma þeirra. Með því móti þarf ekki að greiða yfirtíð. Greitt verði dagvinnukaup með álagi.

Einnig er lagt til að matráður mæti kl. 8:00 í stað 7.45. Þá þarf ekki að greiða álag vegna tímans fyrir kl. 8:00. Einnig er lögð áhersla að starfshlutfall matráðs sé rétt.

Leggja ber áherslu á að ekki sé greidd yfirtíð vegna leiksólans. Fram til þessa hefur yfirtíð verið lítil eins og fram hefur komið hér að framan.

25. RÆSTINGAVÖRUR

Lagt er til að kaup á ræstingavörum verði endurmetin með það að markmiði að ná niður kostnaði.

Kostnaður við kaup á ræstingavörum hjá Sólvöllum er nokkuð hár í samanburði við samanburðarleikskólana. Hér er lagt til að innkaup verði tekin til skoðunar með það að markmiði að ná niður kostnaði. M.a. verði leitað tilboða frá birgjum.

26. AFSLÁTTUR Á LEIKSKÓLAGJÖLDUM

Lagt er til að afsláttarkjör á leikskólagjöldum verði endurskoðuð með það að markmiði að draga úr þeim.

Hér er lagt til að afsláttarkjör á leikskólagjöldum verði endurskoðuð þannig að dregið verði úr þeim.

27. SKRÁNING Á ORKUNOTKUN

Lagt er til að leikskólastjóra verði falið að skrá orkunotkun mánaðarlega.

Þetta verði gert til að grípa tímanlega inn í, ef eitthvað hefur farið úrskeiðis við orkunotkun, og er í samræmi við tillögu sem komið hefur fram hér að framan um að öllum forstöðumönnum verði gert að skrá orkunotkun og fylgjast með henni.

Eins og komið hefur fram er orkukostnaður hár hjá leikskólanum miðað við samanburðar leikskólana.

Grunnskóli Grundarfjarðar

28. SAMKENNSLA ÁRGANGA

Lagt er til að kanna hvort hægt sé að taka upp frekari samkennslu í grunnskólanum.

Hér er lagt til að taka upp frekari samkennslu þar sem eru fáir nemendur eru í

árgöngum.

Með frekari samkenndu verði stefnt að því að fækka um allt að þrjár bekkjardeildir í skólanum miðað við núverandi nemendafjölda. Hér þarf að skoða bæði rekstrarleg og kennslufræðileg rök og meta hvort vegur þyngra.

Hjá mörgum skólum hefur samkenndu árganga verið tekin upp með góðum árangri. Stefnt verði að því að þetta verði gert ekki seinna en haustið 2013.

29. FJÖLDI STÖÐUGILDA

Lagt er til að með fækkun bekkjardeilda verði stöðugildi kennara endurskoðuð með það að markmiði að fækka þeim.

Með fækkun bekkjardeilda er ljóst að stöðugildum kennara mun fækka. Mikilvægt er að ákvörðun um fjölda stöðugilda kennara sé tekin sem fyrst vegna kjarasamninga kennara. Það getur verið of seint að taka ákvörðun um fækkun kennara vorið 2013 vegna haustsins 2013.

30. HÚSUMSJÓNARMAÐUR

Lagt er til að kanna hvort leggja megi niður starf húsumsjónarmanns við skólann.

Húsumsjónarmaður er nú í 50% starfi við grunnskólann. Þekkt er hjá grunnskólum, sem eru svipaðir að stærð hvað nemendafjölda varðar, að ekki er starfandi húsumsjónarmaður. Þegar bilanir koma upp væri t.d. hægt að kalla starfsmann áhaldahúss til.

Til greina kæmi að starfsmaðurinn yrði starfsmaður áhaldahúss með auknum verkefnum hjá áhaldahúsi, sjá hér síðar.

31. YFIRTÍÐ ANNARRA STARFSMANNA EN KENNARA

Lagt er til að hætt verði að greiða yfirtíð fyrir að opna skólann fyrir kl. 8:00. Séð verði til þess að mæting fyrir kl. 8:00 rúmist innan dagvinnutíma og greiðist þá álag ofan á þann tíma í stað yfirtíðar.

Jafnframt, ef starfsmaður er með fasta yfirtíð, þá nái hún yfir alla vinnu og ónæði utan reglubundins vinnutíma.

Hér er lagt til að hætt verða að greiða yfirtíð vegna opunar skólans á morgnana. Séð verði til þess að vinnutíminn rúmist innan dagvinnutíma og þá greitt fyrir með álagi ofan á dagvinnutímamann í stað yfirtíðar.

Húsumsjónarmaður hefur fengið greitt sérstaklega fyrir vinnu utan dagvinnutíma þrátt fyrir að hann hafi fasta yfirtíð. Hér er lagt til að þessu fyrirkomulagi verði hætt og öll vinna utan reglubundins vinnutíma rúmist innan greiddrar yfirtíðar. Segja þarf þessu upp eins og kveðið er á um í kjarasamningi.

Einnig kæmi til greina að húsumsjónarmaður opni skólann á morgnana verði hann áfram og það verði innan hans vinnutíma í stað þess að skólaliðar geri það.

Tillögur varðandi húsumsjónarmann eiga ekki við nái tillaga 31 hér að framan fram að ganga.

32. SKÓLAMÁLTÍÐIR

Lagt er til að kannað verði hvort hægt sé að fá verktaka um skólamáltíðir til að lækka verðið á hverri máltíð.

Jafnframt verði kannað hvort hægt sé að gera þetta fyrir lægri upphæðir með því að sveitarfélagið annist matargerðina, t.d. með því að hún fari fram í leikskólanum. Einnig kemur til greina að bjóða matinn út að nýju.

Hér er lagt til að kaup á skólamáltíðum verði könnuð nánar. Kannað verði hvort hagstæðara sé að sveitarfélagið annist sjálft matargerðina, t.d. í leikskólanum. Einnig verði leitað eftir því hvort til greina komi að vertakinn lækki verðið.

Þegar niðurstaða úr þessum athugunum liggur fyrir verði ákvörðun tekin.

33. VERÐ Á SKÓLAMÁLTÍÐUM

Lagt er til að verð á skólamáltíðum verði hækkað þannig að dregið verði sem mest úr niðurgreiðslu sveitarfélagsins á þeim.

Hér er lagt til að samhliða því að unnið verði að því að ná niður kostnaði við matargerðina hækki verð skólamáltíða með það að markmiði að sveitarfélagið hætti að greiða þær niður.

Eins og fram hefur komið hér að framan greiða sum sveitarfélög ekki með skólamáltíðum.

34. BIFREIÐASTYRKIR

Lagt er til að hætt verði að greiða fastan bifreiðastyrk vegna skólans. Í staðinn verði greitt skv. akstursdagbók.

Bifreiðastyrkir vegna skólans á árinu 2011 námu 1.165 þús. kr. Hátt hlutfall af þessum greiðslum var vegna fasts bifreiðastyrks. Hér er lagt til að þessu verði sagt upp og greitt verði skv. akstursdagbók til allra starfsmanna. Reynt verði að draga úr þessum kostnaði svo sem kostur er.

35. SKRÁNING Á ORKUNOTKUN

Lagt er til að séð verði til þess að orkunotkun í skólanum verði skráð mánaðarlega.

Með því að skrá orkunotkun, t.d. í kwst. mánaðarlega, er hægt að fylgjast með ef eitthvað fer úrskaiðis í notkuninni. Með þessu móti er einnig hægt að bera saman notkunina á milli mánaða og ára. Lögð er áhersla á að þetta verði gert þannig að línurit sýni niðurstöðuna.

36. SKÓLAAKSTUR

Lagt er til að útboð vegna skólaaksturs fari fram með reglulegu millibili.

Á árinu 2011 var kostnaður við skólaakstur í sveitarfélaginu um 3 millj. kr. Ætla má að með því að bjóða aksturinn út reglulega fari hann ávallt fram á sem hagstæðustum kjörum. Einnig er mikilvægt að afla upplýsinga frá öðrum sveitarfélögum um hvað þau greiða á km vegna skólaaksturs.

Leggja ber áherslu á að skólaakstur sé vel skipulagður.

Tónlistarskóli Grundarfjarðar

37. YFIRVINNA

Lagt er til að yfirvinna við tónlistarskólann verði endurskoðuð og þannig lækkuð umtalsvert.

Á árinu 2011 var yfirvinna og álagsgreiðslur samtals 3.652 þús. kr. vegna tónlistarskólans. Samsvaraði þetta um 22% af föstum launum við skólann, sem verður að teljast nokkuð hátt hlutfall. Yfirvinna og álagsgreiðslur voru um 53% vegna skólastjóra.

Kemur til greina til að lækka yfirvinnu hjá skólastjóra, t.d. að hann verði í hlutastarfi sem skólastjóri og í hlutastarfi sem kennari. Einnig er spurt hvort skólahaldið gæti verið ódýrara með því að tónlistarskólinn verði sameinaður grunnskólanum með einum skólastjóra. Með því ætti að vera hægt að ná fram meira kennslumagni í dagvinnu með sama starfsmannafjölda og nú er.

Bent er á miklar álagsgreiðslur þrátt fyrir mikla yfirvinnu. Álag er greitt ef unnið er í dagvinnu eftir kl. 17:00. Samtals var greitt vegna álags 534 þús. kr. á árinu 2011. Er hægt að koma í veg fyrir slíkar greiðslur með því að gæta þess að yfirvinna hjá viðkomandi starfsmanni sé vegna vinnu sem fram fer eftir kl. 17:00? Þannig sé ekki verið að greiða yfirvinnu vegna umfram kennslu sem fram fer á dagvinnutíma. Síðan þegar unnið er eftir kl. 17:00, þá sem hluti af kennsluskilyldu viðkomandi, og yrði greitt álag ofan á dagvinnulaun fyrir þá vinnu.

38. SKÓLAGJÖLD.

Lagt er til að kanna hvort unnt sé að hækka skólagjöld.

Með hliðsjón af samanburði á skólagjöldum hjá mörgum öðrum skólum má ætla að svigrúm sé til hækkunar á skólagjöldum vegna tónlistarskólans.

Menningarmál – Bókasafn

39. OPNUNARTÍMI BÓKASAFNSINS

Lagt er til að athuga með að breyta opnunartíma bókasafnsins, sem verði mánudag til fimmtudags frá kl. 15:00 til 17:00. Og ef nauðsynlegt er talið þá einu sinni í viku til kl. 18:00.

Opnunartíminn er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 15:00 til 18:00, sem hér er lagt til að verði frá kl. 15:00 til kl. 17:00, eða stytting um eina klukkustund þá daga sem opið er og þá eftir kl. 17:00. Ef talið er nauðsynlegt að hafa opið til kl. 18:00, vegna þess að fólk sem er að vinna kemst ekki fyrr en eftir kl. 17:00, verði haft opið til kl. 18:00 einu sinni í viku.

Vegna opunar til kl. 18:00 hefur bókasafnsvörður skilað 1½ klukkustund skemmri vinnuviku en greitt er fyrir í stað bakvaktarálags. Með þessu fyrirkomulagi myndi vinnuvika starfsmannsins lengjast um þennan tíma án viðbótar kostnaðar.

40. BÓKAVÖRÐUR SINNI STARFI SKÓLABÓKAVARÐAR Á SAFNINU

Lagt er til að kannað verði hvort bókavörður geti jafnframt sinnt starfi skólabókavaraðar í bókasafninu.

Hér er lagt til að kanna hvort hægt sé að endurskipuleggja starf bókavaraðar þannig að hann geti líka sinnt starfi skólabókavaraðar sem m.a. verði liður í því að stytta opnunartíma almenningsbókasafnsins, sbr. tillögu 40.

Menningarmál – Eyrbyggja - Sögumiðstöð

41. EYRBYGGJA - SÖGUMIÐSTÖÐ

Lögð er áhersla á að bæjarstjórn taki formlega afstöðu til framlengingar á samstarfssamningi Grundarfjarðarbæjar og Eyrbyggju - Sögumiðstöðvar.

Samkvæmt ákvæði í samningnum endurnýjast hann sjálfkrafa um eitt ár hafi honum ekki verið sagt upp fyrir 1. nóvember 2012. Hér er lögð áhersla á að bæjarstjórn taki formlega afstöðu til þess hvort samningurinn verður endurnýjaður og/eða hvort bæjarstjórn vilji gera breytingar á samningnum. Þetta þarf að gerast fyrir 1. nóvember n.k.

Samkvæmt samningnum er árlegt framlag bæjarins 4 millj. kr. verðtryggðar frá því í nóvember 2007. Frá þeim tíma hefur vísitalan hækkað um 41,9%. Miðað við það er framlagið framreiknað til júlí 2012 5.676 þús. kr.

Menningarmál – Samkomuhús - Veitingarekstur

42. SAMKOMUHÚS

Lagt er til að kanna hvort mögulegt sé að leigja samkomuhúsið þannig að viðkomandi hefði af því allar tekjur og bæri af því allan rekstrarkostnað nema fasteignagjöld.

Hér er lagt til að kannað verði hvort grundvöllur sé til þess að leigja samkomuhúsið út jafnvel án endurgjalds en rekstraraðilinn bæri allan rekstrarkostnað nema vegna fasteignagjalda.

43. UMSJÓN MEÐ SAMKOMUHÚSI

Lagt er til að athugað verði, ef húsið verður ekki leigt út, að starfsmaður hjá sveitarfélaginu annist umsjón með húsinu.

Hér er lagt til að kanna hvort hjá sveitarfélaginu sé starfsmaður sem geti annast umsjón með húsinu með núverandi starfi, að því gefnu að húsið verði ekki leigt út.

Kæmi þetta til greina með breytingum á starfi húsumsjónarmanns, sjá síðar?

Íþróttta- og æskulýðsmál

44. ORKUKOSTNAÐUR

Lagt er til að fenginn verði ráðgjafi (verkfræðingur) til að gera tillögu um hvernig draga megi úr kostnaði vegna orkunotkunar í íþróttahúsi og sundlaug og í grunnskólanum.

Eins og fram hefur komið hér að framan var orkukostnaður vegna íþróttahúss, sundlaugar og grunnskólans samtals 17 millj. kr. á árinu 2011. Mikilvægt er að fundin verði leið til að draga úr þessum kostnaði.

45. SKRÁNING Á ORKUNOTKUN

Lagt er til að forstöðumanni íþróttamannvirkja verði falið að skrá orkunotkun mánaðarlega í íþróttahúsi og sundlaug.

Hér er lagt til á sama hátt og hjá öðrum stofnunum að ákveðnum starfsmanni verði falið að fylgjast með orkunotkun í íþróttamiðstöð og sundlaug. Er mikilvægt að þetta verði gert í þessum mannvirkjum vegna mikils kostnaðar.

Slökkvilið Grundarfjarðar

46. ELDVARNAREFTIRLIT

Lagt er til að samningi um eldvarnareftirlit verði sagt upp. Slökkviliðsstjóri sinni því með öðrum störfum í áhaldahúsi.

Á árinu 2011 var kostnaður vegna aðkeyprar þjónustu við eldvarnareftirlit 845 þús. kr. Hér er lagt til að samningnum verði sagt upp og slökkviliðsstjóri sinni þessu starfi með öðrum störfum. Ekki er gert ráð fyrir að það hafi í för með sér aukakostnað. Með þessu ætti að vera um sparnað að ræða sem nemur kostnaði við kaup á þjónustunni.

47. BAKVAKTIR

Lagt er til að kanna hvort hægt sé að draga úr kostnaði við bakvaktir, t.d. með því að stytta þær um helgar.

Eins og fram hefur komið hér að framan er greitt fyrir bakvaktir um helgar í 63 klukkustundir, sem gerir rúmar 60 þús. kr. í útgjöld fyrir slökkviliðið. Rúmlega helmingur af launum vegna slökkviliðsins er vegna bakvakta.

Hér er lagt til að kanna hvort mögulegt sé að draga úr þessum kostnaði. Er mögulegt að bakvöktum ljúki t.d. á sunnudagsmorgnum kl. 8:00 eða um hádegi á sunnudögum?

Áhaldahús

48. DAGLEGUR VINNUTÍMI OG FÖST YFIRTÍÐ

Lagt er til að daglegur vinnutími starfsmanns áhaldahúss verði átta klukkustundir í stað tíu. Samhliða því verði fastri yfirtíð sagt upp og dregið úr henni.

Lagt er til að daglegur vinnutími starfsmanns (a) áhaldahúss verði átta klukkustundir, eða frá kl. 8:00 til 17:00 með kaffi- og matarhléum. Samhliða því verði dregið verulega úr yfirvinnu og fylgt þeirri almennu reglu, að ekki verði heimiluð yfirtíð, nema í undantekningartilfellum. Föst yfirtíð nái yfir slíka vinnu og allt ónæði utan reglulegs vinnutíma. Ekki verði greitt umfram umsamda yfirtíð.

Með því að daglegur vinnutími verði átta klukkustundir á að vera tryggt að föst yfirtíð dugi til að ná yfir uppfallandi vinnu utan reglubundins vinnutíma.

Starfsmenn taki daglega matar- og kaffitíma skv. kjarasamningum. Matar- og kaffitímar verði ekki keyptir af starfsmönnum.

Umsjónarmaður fasteigna

49. STARFIÐ SETT UNDIR ÁHALDAHÚS

Lagt er til að athugað verði með að setja starf umsjónarmanns fasteigna undir áhaldahús og með því auka umsvif áhaldahússins.

Húseignirnar, sem umsjónarmaður fasteigna hefur umsjón með ásamt húsumsjónarstarfi í grunnskólanum, eru 18 íbúðir, grunnskólinn, leikskólinn, bæjarskrifstofan, bókasafnið, samkomuhúsið og tónlistaskólinn.

Með hliðsjón af fjölda þeirra bygginga, sem starfsmaðurinn hefur umsjón með, er það mat skýrsluhöfundar að betur færi á því að setja starfið undir áhaldahúsið og fela áhaldahúsinu jafnframt frekari verkefni.

Áhaldahúsið annist umsjón með fasteignum, gámasvæðinu, samkomuhúsinu og bæjarverkstjóri/slökkviliðsstjóri annist eldvarnareftirlit. Einnig leysi starfsmaður áhaldahúss af á höfninni.

50. DAGLEGUR VINNUTÍMI OG FÖST YFIRTÍÐ

Lagt er til að daglegur vinnutími húsumsjónarmanns verði frá kl. 8:00 til kl. 17:00. Föst yfirtíð verði tekin til endurskoðunar.

Hér er lagt til að daglegur vinnutími verði frá kl. 8:00 til 17:00 og starfsmaðurinn taki matar- og kaffitíma skv. kjarasamningi. Daglegur vinnutími verði átta klukkustundir. Með hliðsjón af því verði föst yfirtíð endurskoðuð. Vísað er í sams konar tillögu fyrir áhaldahús, nr. 49.

51. ÖRYGGISKERFI

Lagt er til að hætt verði að kaupa þjónustu af Öryggismiðstöðinni vegna öryggiskerfa. Kerfið verði beintengt í síma hjá þeim starfsmanni hjá sveitarfélaginu sem hefur umsjón með viðkomandi byggingu.

Sú þjónusta, sem Öryggismiðstöðin veitir, er þannig nú að öryggiskerfið sendir boð til Öryggismiðstöðvarinnar sem síðan hringir í starfsmann hjá sveitarfélaginu. Hér er lagt til að kerfið sendi boð beint til starfsmannsins. Þannig verði losað um þjónustuna hjá Öryggismiðstöðinni.

Skipulags- og byggingarmál

52. SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚI

Lagt er til að ekki verði ráðið í fullt starf skipulags- og byggingarfulltrúa heldur leitað eftir áframhaldandi samstarfi við Snæfellsbæ eins og verið hefur og/eða við nágretta sveitarfélag um starfið.

Ljóst er að sveitarfélag að stærð við Grundarfjarðarbæ þarf ekki skipulags- og byggingarfulltrúa í 100% starfi. Einnig ber að hafa í huga að hér er almennt um dýra starfsmenn að ræða. Ef ráðið verður í starfið með það í huga að fela viðkomandi önnur verkefni einnig er ljóst að það hefur aukinn kostnað í för með sér heldur en að fela þau verkefni ódýrari starfsmanni.

Almennt eru sveitarfélag að svipaðri stærð og Grundarfjarðarbær með skipulags- og byggingarfulltrúa í samstarfi við annað eða önnur sveitarfélög eða kaupa þjónustuna að.

Nú er greitt fyrir um 20% starf skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir sveitarfélagið, þannig yrði um að ræða verulega kostnaðaraukningu ef starfið færi í 100% hjá sveitarfélaginu.

Sorphirða og sorpeyðing

53. ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ EHF.

Lagt er til að leitað verði eftir því að Íslenska gámafélagið ehf. lækki þau verð sem samið hefur verið um við félagið vegna samnings sem gerður hefur verið án undangengis útboðs.

Hér er lagt til, með hliðsjón af því að sveitarfélagið ber mikinn kostnað vegna sorphirðu og sorpeyðingar, að verktakinn komi til móts við það og lækki þau gjöld sem hann tekur fyrir sorphirðu. Hann reyni einnig að hagræða hjá sér eins og sveitarfélagið. Þetta verði liður í því hjá sveitarfélaginu að láta sorphirðu- og sorpeyðingargjöld standa undir útgjöldum vegna sorphirðu og sorpeyðingar.

54. ÚTBOÐ

Lagt er til að leitað verði tilboða í öll meiriháttar þjónustukaup hjá sveitarfélaginu.

Lögð er áhersla á að ekki sé gengið til samninga við þjónustuaðila um meiriháttar kaup nema að undangengnu tilboði. Þannig verði tryggt að leitað verði hagstæðustu kjara á hverjum tíma.

55. UMHIRÐA OG UMSJÓN MEÐ GÁMASTÖÐ

Lagt er til að með breyttu fyrirkomulagi í áhaldahúsi sjái starfsmenn þess um gámastöð.

Með því að breyta vinnufyrirkomulagi í áhaldahúsi, umsjónarmanns fasteigna og hafnarinnar þannig að þessar aðilar starfi meira saman er hér lagt til, að skoðað verði að áhaldahúsið taki að sér umsjón með gámastöðinni.

Næðist það fram að ganga væri hagræðingin sem fengist sá kostnaður sem sveitarfélagið í dag hefur greitt til Íslenska gámafélagsins vegna starfsmannsins sem þar hefur verið.

56. SORPEYÐINGARGJALD OG SORPHIRÐUGJALD

Lagt er til að athuga með að hækka sorphirðu- og sorpeyðingargjald á árinu 2013. Einnig verði gjaldið sem fyrirtæki borga aukalega hækkað.

Með hliðsjón af því að þessi gjöld hafa ekki staðið undir þeim útgjöldum, sem þeim er ætlað að gera, er hér lagt til að gjöldin verði hækkuð á árinu 2013 ef þær aðgerðir, sem hér hafa verið lagðar til, duga ekki til að gjöldin standi undir kostnaði.

Lögð er áhersla á að fyrirtæki verði krafín um sanngjarnt gjald vegna losunar á úrgangi á gámastöð.

Hafnarsjóður Grundarfjarðarbæjar

57. STARFSMENN

Lagt er til að kanna hvort mögulegt sé að taka upp meira samstarf á milli hafnarinnar og áhaldahússins. Starfsmaður áhaldahúss taki vaktir á höfninni aðra hvora helgi og leysi starfsmann hafnarinnar af þegar hann er í fríi.

Með þessu fyrirkomulagi og því að áhaldahús/slökkviliðsstjóri taki yfir eldvarnareftirlit og jafnvel umsjón með samkomuhúsi væri réttlæt看legt að húsumsjónarmaður yrði starfsmaður í áhaldahúsi. Með þessari breytingu fengist betri nýting á þá þrjú starfsmenn sem nú sinna verklegum framkvæmdum hjá sveitarfélaginu.

Útgjöld vegna kaupa á þjónustu vegna eldvarnareftirlits, starfsmanns á gámasvæði og afleysinga á höfninni ættu að sparast. Hluti af launum starfsmanns í áhaldahúsi myndi gjaldfærast á höfnina í stað þess sem leysir þar af. Þannig myndu útgjöld hjá bæjarsjóði lækka en útgjöld hafnarinnar ekki aukast.

58. FÖST LAUN

Lagt er til að samið verði við starfsmenn hafnarinnar og áhaldahúss um föst laun, sem ná yfir alla vinnu og óþægindi utan reglubundins vinnutíma.

Nái tillaga um samstarf áhaldhússins og hafnarinnar fram að ganga er lögð áhersla á að samið verði við þá starfsmenn, sem um er að ræða, um föst laun sem ná yfir reglulega vinnu og alla vinnu og óþægindi utan reglubundins vinnutíma.

Leiguíbúðir

59. NÚVIRÐING LÁNA

Lagt er til að óskað verði formlega eftir því við Íbúðalánasjóð að hann samþykki uppgreiðslu lána vegna íbúða sem seldar verða miðað við núvirðingu áhvílandi lána komi til þess að leiguíbúðir verði seldar.

Ljóst má vera að núvirði lána, sem bera 1,0% vexti og upp í 3,5%, er ekki það sama og lána sem bera 4,2% og 4,7% vexti eins og vaxtakjör á almennum lánnum eru hjá sjóðnum í dag. Með vísan til þess verði leitað eftir því við Íbúðalánasjóð að hann samþykki uppgreiðslu lána, sem hvíla á íbúðum, sem seldar verði miðað við núvirðingu lánanna komi til þess að íbúdir verði seldar. Þetta ætti að gera það mögulegt að söluverð þessara íbúða gæti dugað eða a.m.k færi langt til að gera upp þau lán sem hvíla á viðkomandi íbúðum án þess að sveitarfélagið leggi til fjármagn.

Ætla verður að lán með svo lágum vöxtum séu ekki færð til bókar hjá Íbúðalánasjóði á sama hátt og lán sem bera mun hærri vexti. Þannig ætti þetta ekki að hafa áhrif á eignastöðu Íbúðalánasjóðs.

Lokaorð

Eftir að hafa farið yfir rekstur Grundarfjarðarbæjar er það mat skýrsluhöfundur að stofnanir sveitarfélagsins eru almennt vel reknar. Þrátt fyrir það eru hér lagðar fram ýmsar tillögur til hagræðingar. Í þeim tillögum er á engan hátt gegnið lengra en mörg önnur sveitarfélög gera eða hafa gert. Þær eiga heldur ekki að draga úr þjónustu sveitarfélagsins.

Við skoðun á tekjum sveitarfélagsins í samanburði við önnur sambærileg sveitarfélög að stærð hvað íbúafjölda varðar er niðurstaðan sú að útsvarstekjur og aðrar tekjur eru háar á hvern íbúa hjá Grundarfjarðarbæ í þessum samanburði. Hins vegar hallar nokkuð á Grundarfjarðarbæ þegar fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði á hvern íbúa eru skoðuð. Þá sérstaklega hvað varðar framlögin úr Jöfnunarsjóði, sem hafa farið lakkandi til sveitarfélagsins á undanförunum árum.

Svo virðist, þegar tekið er tillit til heildartekna, þ.m.t. framlög úr Jöfnunarsjóði, að Grundarfjarðarbær komi illa út í samanburði við sambærileg sveitarfélög hvað varðar tekjur á hvern íbúa. Með hliðsjón af því er spurt hvort mögulegt sé að þær reiknireglur, sem unnið er með við útdeilingu á framlögum úr Jöfnunarsjóði, hafi leitt til þess að Grundarfjarðarbær kemur illa út í samanburði við sambærileg sveitarfélög hvað tekjur varðar.

Það er mat skýrsluhöfundar að leggja beri áherslu á að framlög úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélagsins verði tekin til skoðunar samhliða því að þeim tillögum sem hér eru lagðar til verði hrint í framkvæmd.

Neikvæð rekstrarafkoma hefur gert sveitarfélaginu erfitt fyrir að standa í skilum með afborganir af lánum sveitarfélagsins. Undanfarnin ár hafa afborganir að stórum hluta verið fjármagnaðar með nýjum lántökum. Ljóst er að það getur ekki gengið til lengdar.

Mikilvægt er að nú þegar verði gripið til viðhlítandi aðgerða til að ná rekstrarjöfnuði. Gerð verði áætlun til a.m.k. næstu 10 ára sem sýni hvað þurfi að koma til og hvernig beri að standa að málum.

Í þeim tillögum sem hér eru settar fram þarf að grípa til ýmissa aðgerða, sem m.a. munu leiða til breytinga á kjörum starfsmanna o.s.frv. Mikilvægt er, þegar grípa þarf til slíkra aðgerða, að samstaða sé innan bæjarstjórnar um þær. Slík samstaða er mikilvæg við framgang verkefnisins og ekki hvað síst fyrir íbúa sveitarfélagsins og starfsmenn þess.

Reykjavík, 17.9.2012,

Haraldur L. Haraldsson,
hagræðingur